


skoðun 18

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Innheimta &
reikningaþjónustur




Ullarpúði vara ársins

*Tímaritið Grapevine valdi ullarpúða Ragnheiðar Sigurðardóttur sem vöru ársins.*

FÓLK



FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
15. mars 2012
63. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011

# Rassía vegna gengjauppgjörs

**Sjö handteknir vegna rannsóknar á skipulagðri glæpastarfsemi, hótunum og ofbeldi. Varðhalds krafist yfir minnst fjórum í dag. Félagi í Hells Angels gripinn í Héraðsdómi Reykjaness. Tengist uppgjöri í undirheimum.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók í gær sjö manns í umfangsmikilli rassíu á höfuðborgarsvæðinu. Rannsókn málsins er viðamikil og snýr að skipulagðri glæpastarfsemi, alvarlegum líkamsmeiðingum, hótunum, innbrotum og þjófnuðum. Farið verður fram á gæsluvarðhald yfir minnst fjórum þeirra í dag.

Fimm voru handteknir strax í gærmorgun. Meðal þeirra voru Annþór Karlsson, þekktur handrukkari sem á langan brotaferil að baki, og Börkur Birgisson, sem hlaut meðal annars sjö og hálfs árs fangelsisdóm árið 2005 fyrir árás með öxi á veitingastað í Hafnarfirði.

Þeir eru taldir viðriðnir tvær alvarlegar líkamsárásir sem framdar voru um svipað leyti í janúar síðastliðnum, önnur í Mosfellsbæ og hin í Hafnarfirði. Í að minnsta kosti annarri árásinni var þolandinn beinbrotinn. Báðar eru árásirnar taldar tengjast uppgjöri í undirheimum.



ANNÞÓR KRISTJÁN KARLSSON



BÖRKUR BIRGISSON

Annþór og Börkur eru taldir hafa verið stórtækir í innheimtu skulda, með góðu eða illu, undanfarna mánuði, jafnvel fyrir fleiri en eitt glæpagengi. Þeir eiga saman sólbaðsstofur í gegnum félagið MEB-BAKK ehf. og var leitað á tveimur slíkum í gær, auk sex annarra staða í Vesturbæ Reykjavíkur, Breiðholti, Kópavogi og Hafnarfirði. Lögregla skoðar nú hvort fyrirtæki í þeirra eigu hafi verið notuð til að þvætta peninga. Við húsleitirnar fannst meint þýfi, fíkniefni og skotfæri, en ekki í mjög miklu magni, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ein stúlka var handtekin síðar um daginn en látin laus eftir yfirheyrslur. Sjöunda mannsins var leitað vegna málsins fram eftir degi og hann handtekinn um miðjan dag. Sá er tæplega þrítugur liðsmaður í vélhjólasamtökunum Hells Angels og var mættur í Héraðsdóm Reykjaness til að styðja félaga sína, sem þangað höfðu verið leiddir til að fá gæsluvarðhald yfir þeim framlengt.

Lögreglumenn báru kennsl á hann og handtóku á staðnum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er sá maður einnig talinn tengjast skotárás á hús í Vatnsendahverfi seinni part febrúarmánaðar, sem greint var frá í DV í gær, en þar býr maður sem um langt árabil hefur haft mikil ítök í íslenskum undirheimum. Sú árás var þó aldrei kærð og lá ekki til grundvallar handtökunni í gær. - sh / sjá síðu 2

## Fleiri vélhjólagengi talin vera á leiðinni

Tvenn alþjóðleg glæpasamtök, Bandidos og Mongols, íhuga nú að hefja starfsemi á Íslandi og hafa útsendarar þeirra þegar komið til landsins af þessu tilefni. Þetta kom fram í viðtali við Karl Steinar Valsson aðstoðaryfirlögregluþjón í fréttum RÚV í gær. Fyrir eru hér samtökin Hells Angels og Outlaws. Lögregla óttast mjög vaxandi ólgu milli glæpagengja á Íslandi.



Uppfærsla á Frankenstein frábær hugmynd

*Benedikt Karl Gröndal leikstýrir eigin leikgerð af Frankenstein.*

**tímamót** 26

Taka upp Falskan fugl

*Tökur eru nýhafnar á kvikmynd byggðri á skáldsögunni Falskur fugl.*

**popp** 50



Stórt tap

*Strákarnir okkar steinlágu gegn Þjóðverjum ytra í gær.*

**sport** 46

**veðrið í dag**




**KÓLNANDI VEÐUR** Í dag ríkja norðlægar áttir, víða 5-10 m/s. Horfur á éljagangi norðan og norðvestantil en S- og SA-lands verður úrkomulítið og bjart með köflum. Vægt frost norðantil.

**VEÐUR** 4



**SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN 2012** Áfangaheimilið Dyngjan hlaut í gær Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Eddu Guðmundsdóttur, forstöðumanni Dyngjunnar, verðlaunin. Einnig voru veitt verðlaun til sjónvarpsþáttarins Með okkar augum og Bandalags íslenskra skáta. Þorvaldur Kristinsson fékk heiðursverðlaun og Pauline McCarthy var Hvunndagshetja ársins. **Sjá síðu 10.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hópnauðgunum fjölgar:

## Tvær af átján kærðar í fyrra

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust tvær kærur vegna hópnauðgana í fyrra. Átján einstaklingar leituðu til Stígamóta vegna hópnauðgana sama ár og er þetta mesti fjöldi sem hefur leitað sér aðstoðar til samtakanna vegna málaflokksins frá upphafi.



GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Önnur kæran sem um ræðir var á hendur Agli Einarssyni og kærustu hans. Hin var á hendur Arkadiusz Zdzislaw Pawlak og Rafal Grajewski, sem dæmdir voru í fjögurra ára fangelsi í janúar síðastliðnum.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir að ein ástæða fjölgunar í málaflokknum hjá Stígamótum gæti verið aukin gengjamyndun hér á landi. - sv / sjá síðu 6

Norsk kona svipaðist um eftir steinum þegar hún viðraði hundinn:

# Annar loftsteinn fundinn í Ósló

**NOREGUR** Það var ekki bara einn loftsteinn sem fannst í Noregi síðastliðinn mánudag, heldur voru steinarnir tveir. Haft var eftir Liv Kibsgaard á vef Aftenposten í gær að hún hefði haft í huga orð sérfræðinga um að menn ættu að svipast um eftir loftsteinum eftir fund eins slíks í Rodeløkka í útjaðri Óslóar á mánudaginn. Sá steinn, sem metinn var á margar milljónir íslenskra króna, hafði fallið á þak garðskála og rofið gat á hann.

Liv Kibsgaard var að viðra hundinn sinn á Ekebergsletta í Ósló þegar hún kom allt í einu auga á steininn á jörðinni. Hún sendi mynd af steininum í tölvupósti til vísindamannsins Knut Jørgen Røed Ødegaard og tveimur mínútum seinna hringdi síminn hjá henni.

Kibsgaard varð himinlifandi yfir að hafa fundið loftstein og sagði hann vera barnið sitt.

Vísindamenn telja fleiri steina geta verið á svæðinu milli Ekebergsletta og Rodeløkka. - ibs




Mannvinir
Rauða krossins
hjálpa börnum í neyð



Hjálpaðu núna
raudikrossinn.is
Rauði kross Íslands

Opið til 21 í kvöld




Kynntu þér tilboðin í Kauphlaupsblaðinu á
**smaralind.is**
Smáralind

## SPURNING DAGSINS



*Hákon, eru Íslendingar sem sagt heitir fyrir jarðvarmanum?*

„Já, því jarðvarminn er svo svalur.“

Hákon Gunnarsson er framkvæmdastjóri Gekon. Capacent Gallup framkvæmdi nýverið skoðanakönnun fyrir Gekon og íslenska jarðvarmaklasann sem leiddi í ljós að um 90% landsmanna telja mikil tækifæri til verðmætasköpunar í starfsemi sem tengist nýtingu jarðvarma.

Fjórir einstaklingar tengdir Hells Angels í áframhaldandi gæsluvarðhald og sex ákærðir alls:

# Talin hafa beitt konuna afar grófu ofbeldi

**DÓMSMÁL** Fjórir einstaklingar tengdir Hells Angels voru úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Á meðal þeirra er Einar Marteinsson, foringi samtakanna á Íslandi. Gæsluvarðhald var framlengt í fjórar vikur. Mikill viðbúnaður var í Héraðsdómi þegar úrskurðurinn var kveðinn upp.

Um er að ræða þrjá karla og eina konu sem réðust inn á heimili konu í Hafnarfirði í desember og misþyrmdu henni gróflega. Fólkinu var birt ákæra við dóminn í gær, en tveir til viðbótar eru ákærðir í málinu, sex einstaklingar alls.

Í úrskurðinum kemur fram að þegar lögreglan mætti á heimili konunnar þann 22. desember síðastliðinn hafi hún verið meðvitundarlaus. Ráðist hafði verið inn í íbúð konunnar og henni misþyrmt gróflega. Hún var tekin kverkataki, sparkað var í hana og hún lamin með kylfu þar til hún missti meðvitund um stund. Fólkið reyndi svo að klippa fingur af konunni með klippum, beitti hana grófu, kynferðislegu ofbeldi og dró hana á hárinu um íbúðina.

Fólkið var úrskurðað í áframhaldandi gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna.



**EINAR MARTEINSSON Í HÉRAÐSDÓMI** Mikill viðbúnaður var við Héraðsdóm Reykjaness í gær þegar fjórir einstaklingar tengdir Hells Angels voru leiddir fyrir dómara.



**ALLT TIL SÖLU** Verslunareigandinn Don Sammons er farinn að hugsa sér til hreyfings og selur því þorpið Buford.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Buford í Wyoming-ríki:

## Eins íbúa þorp selt á uppboði

**BANDARÍKIN, AP** Fámennasta byggðarlag Bandaríkjanna, Buford í Wyoming-ríki, verður selt hæstbjóðanda í næsta mánuði. Eini íbúi Buford er Don Sammons, sem hefur rekið þar verslun í tuttugu ár.

Þorpið er þó ekki fullgilt sveitarfélag heldur er staða þess frekar hugsuð með skírskotun til sögunnar, en á sínum tíma bjuggu þar allt að 2.000 manns.

Með í væntanlegum kaupum fylgir bensínstöð, verslun, skólabygging, verkstæði, bjálkakofi og einbýlishús. Sammons vonast til þess að fá 100.000 dali hið minnsta fyrir Buford. **- þj**

Ahmadinejad yfirheyrður:

## Gæfi sér fyrstu einkunn sjálfur

**ÍRAN, AP Íranska þingið yfirheyrði í gær Mahmoud Ahmadinejad forseta vegna margvíslegra ásakana um spillingu, mistök í starfi og lítilsvirðingu sem hann á að hafa sýnt klerkastéttinni.**

**Sjálfur gaf hann lítið fyrir þessar spurningar, sagði þær illa samdar en sjálfur hefði hann hæglega getað gefið þeim ráð um markvissari spurningar.**

**Varðandi frammistöðu sína í starfi sagðist hann eiga skilið að fá fyrstu einkunn. Allt annað væri dónalegt. - gb**

# Ótrúlegar tilviljanir við lífsbjörg í Laxá

**Sigurður S. Garðarsson komst lífs af eftir að bíll hans valt og endaði á hvolfi ofan í Laxá á Ásum. Slökkviliðsmaður sá bílveltuna og kom honum til hjálpar. Faðir hans kom síðar að á sjúkrabíl. Rosalega gott að sjá pabba, segir Sigurður.**

**SLYS** „Tildrög slyssins eru enn í móðu en ég man eftir því að ég lá á hvolfi í bílnum, fastur í öryggisbeltinu og með höfuðið ofan í vatninu. Ég náði að að koma höfðinu upp úr og öskraði svo á hjálp. Ég var í sjokki út af veltunni og kuldanum í ánni og var eiginlega búinn að gefast upp,“ segir Sigurður Smári Garðarsson, 24 ára Blönduósbúi, sem lenti í bílveltu við Laxá á Ásum í fyrrakvöld.

Röð tilviljana varð til þess að Sigurður komst lífs af úr jökulkaldri ánni. Bílinn lenti í ísrönd við árbakkann sem forðaði honum frá því að sökkva ofan í djúpan hyl. Sigurður var að mæta öðrum bíl þegar slysið varð. Svo vildi til að í hinum bílnum var Kári Kárason, framkvæmdastjóri og margreyndur slökkviliðsmaður, með syni sínum. Þeir feðgar stukku strax af stað til að bjarga Sigurði.

Annan bíl bar að skömmu síðar. Í honum var slökkviliðsstjórinn á Akureyri sem hóf strax björgunarstörf. Tveir sjúkrabílar frá Blönduósi voru síðan sendir á slysstað en í seinni bílnum var Einar Óli Fossdal, fósturfaðir Sigurðar.

„Það liðu bara örfáar sekúndur frá því að ég öskraði á hjálp þar til að Kári reif upp hurðina. Hann hélt undir höfuðið á mér enda var ég orðinn máttvana. Sonur hans náði að opna hurðina en komst ekki að bílbeltinu. Á endanum þurfti að skera mig lausan,“ segir Sigurður.

„Síðan kom slökkviliðsmaður og dró mig út úr bílnum og eftir það varð allt mjög ruglingslegt. Ég man þó að þegar þeir voru að bera mig í sjúkrabílinn sá ég pabba og þá áttaði ég mig á því hvað hafði gerst. Það var rosalega gott að sjá hann.“



**Á HVOLFI ÚTI Í Á** Sigurður Smári Grétarsson missti stjórn á bíl sínum með þeim afleiðingum að hann valt út í á. MYND/LÖGREGLAN Á BLÖNDUÓSI

> Ég var í sjokki út af veltunni og kuldanum í ánni og var eiginlega búinn að gefast upp,
>
> **SIGURÐUR SMÁRI GARÐARSSON**
> 24 ÁRA BLÖNDUÓSBÚI

Einar Óli, fósturfaðir Sigurðar, segir að aðkoman að slysinu hafi verið óhugnanleg. „Maður vonast alla daga til þess að þurfa ekki að koma að svona slysum. Þegar maður býr svo í svona litlu samfélagi er líka alltaf hætta á því að maður þekki þá sem eiga í hlut og það getur verið mjög erfitt – ekki síst þegar börnin manns eiga í hlut. Það er óhætt að segja að æðri máttarvöld hafi hjálpað honum.“

Sigurður Smári slapp ótrúlega vel úr veltunni og var útskrifaður af sjúkrahúsinu á Akureyri í gær. Hann segist vera ótrúlega þakklátur Kára og syni hans fyrir lífsbjörgina. „Kári vissi upp á hár hvað hann var að gera. Hann er þvílíkur nagli,“ segir Sigurður sem ætlar að launa honum greiðann. „Ætli ég gefi honum ekki gott faðmlag og flösku af einhverju eðalvíni.“

**kristjan@frettabladid.is**



**Á SLYSSTAÐ** Frá vinstri: Einar Óli, fósturfaðir Sigurðar, Sigurður Smári Garðarsson, Hilmar Þór Kárason og faðir hans Kári Kárason slökkviliðsmaður.



**ÁLFTIR** Sést hefur til lítilla álftahópa víðs vegar um landið undanfarna daga.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Farfuglarnir tínast til landsins:

## Sést hefur til álfta og anda

**DÝRALÍF Fjölmargar álftir eru nú komnar til landsins og hefur sést til lítilla hópa víðs vegar um landið. Á vefsíðunni Fuglar.is er greint frá því að sést hafi til 25 dugganda á Þveit í Nesjum, þar sem þær voru ásamt lómapari á vatninu sem er orðið íslaust.**

**Á Þveit sást einnig til fjögurra hvinanda, sem eru flækingar, þriggja karlkyns og einnar kvenkyns. Þá sáust fjórir fjöruspóar á Hlíð í Lóni, ásamt einni eyruglu sem hefur dvalið þar í vetur samkvæmt upplýsingum á síðunni. Á Fáskrúðsfirði fannst ein bókfinka og eyrugla á Eskifirði. - sv**

Mannfjöldaspár í Ósló:

## Innflytjendur helmingur íbúa eftir þrjátíu ár

**NOREGUR** Eftir 30 ár verður nær helmingur íbúa Óslóar innflytjendur eða börn þeirra fædd í Noregi samkvæmt spám norsku hagstofunnar. Sjö af hverjum 10 verða frá löndum utan Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins.

Nú eru innflytjendur í Ósló 170 þúsund talsins. Rætist spárnar verður fjöldi þeirra 380 þúsund árið 2040, að því er greint er frá á vef norska blaðsins Aftenposten.

Innflytjendur og börn þeirra fædd í Noregi eru nú 12 prósent íbúanna. Því er spáð að fjöldin verði 24 prósent árið 2040. **- ibs**




Þjóðarsorg í Belgíu eftir að 22 börn og sex fullorðnir fórust í rútuslysi í Sviss:

# Fórust á leið úr skíðaferðalagi

**SVISS, AP** Alls fórust 28 manns, þar af 22 börn, þegar stórri farþegabifreið var ekið á vegg í umferðargöngum í svissnesku Ölpunum í fyrrakvöld. Farþegarnir voru á heimleið til Belgíu úr skíðaferðalagi.

Alls voru 52 manns í rútunni, þar af 46 tólf ára börn úr tveimur belgískum skólum. Flytja þurfti hin börnin 24, sem komust lífs af, á sjúkrahús vegna misalvarlegra meiðsla.

Mikil sorg ríkir í Belgíu vegna þessa atburðar. Elio di Rupo, forsætisráðherra Belgíu, sagði þetta mikinn sorgardag. Hann hélt til Sviss í gær að hitta börnin sem lifðu af. Belgíustjórn ákvað einnig að útvega nánustu ættingjum og aðstandendum barnanna flug til Sviss.

Óljóst var hvernig slysið varð, en vitað er að bifreiðin snerist til í göngunum og fór á fullri ferð beint á vegg í útskoti. Fremsti hluti bifreiðarinnar gjöreyðilagðist við höggið.

„Það hafa orðið nokkur alvarleg slys í Valais, en ekkert í líkingu við þetta með svona mörgum dauðsföllum ungs fólks,“ segir Christian Varone lögregluforingi í svissnesku kantónunni Valais. Slysið varð þar skammt frá borginni Sierra. **- gb**



**ILLA FARIN BIFREIÐ** Börnin voru á heimleið eftir vel heppnaða skíðaferð.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
Fimmtudag til mánudags
Kringlukast
Nýtt kortatímabil
Nýjar vörur
20–50% afsláttur
Mán – mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

## GENGIÐ 14.03.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,05 | 127,65 |
| Sterlingspund | 199,51 | 200,47 |
| Evra | 165,95 | 166,87 |
| Dönsk króna | 22,317 | 22,447 |
| Norsk króna | 22,179 | 22,309 |
| Sænsk króna | 18,703 | 18,813 |
| Japanskt jen | 1,5216 | 1,5306 |
| SDR | 194,53 | 195,69 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 228,6072

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Evruríkin refsa Ungverjum fyrir að halda ekki fjárlögum innan rammans:

# Grikkir fá greitt úr neyðarsjóði

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Fjármálaráðherrar evruríkjanna sautján hafa formlega samþykkt að veita Grikklandi fjárhagsaðstoð úr neyðarsjóði Evrópusambandsins, eins og fyrirheit voru gefin um í síðustu viku.

Grikkir fá því 39,4 milljarða evra greidda smám saman, sem á að duga þeim til að greiða næstu afborganir af ríkisskuldum.

Fjármálaráðherrarnir hafa einnig samþykkt að beita refsiaðgerðum gegn Ungverjalandi vegna þess að fjárlagahalli landsins fer fram úr þeim mörkum sem reglur ESB segja til um.



**MARGARETHE VESTAGER** Fjármálaráðherra Danmerkur á blaðamannafundi í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Margarethe Vestager, fjármálaráðherra Danmerkur, segir að þessi ákvörðun verði reyndar endurskoðuð í júní, áður en til framkvæmda refsiaðgerðanna kemur, en þær felast í því að Ungverjar fá ekki greiddar þær 495 milljónir evra úr þróunarsjóðum ESB sem þeir annars ættu rétt á.

Á hinn bóginn samþykktu evruríkin að veita Spánverjum svigrúm til þess að vera með 5,3 prósenta fjárlagahalla í ár, eða nokkru hærri halla en áður hafði verið gerð krafa um. Spánverjar fá hins vegar ekki að hafa hallann 5,8 prósent, eins og þeir höfðu þó boðað, og þurfa því að finna ný sparnaðarráð í ríkisrekstri upp á 0,5 prósent. - gb

Kösen hættur að stækka:

# Læknum tókst að stöðva vöxt

**BANDARÍKIN** Stærsti maður heims er hættur að stækka, að því er virðist. Hann er nú 251,5 sentimetrar á hæð.

Sultan Kösen, sem er fæddur í Tyrklandi árið 1982, hefur gengist undir meðferð við læknadeild Virginíuháskóla í Bandaríkjunum. Hann á við ofvöxt að stríða, sem venjulega stafar af æxli í heiladingli og veldur margvíslegum heilsuvanda. Læknarnir segja allt benda til þess að meðferðin hafi nú skilað þeim árangri að Kösen sé hættur að stækka. - gb



**SUÐURNES** Atvinnuleysi er mest á Suðurnesjum eða 12,6%. Minnst er það á Norðurlandi vestra eða 2,9%. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýjar tölur um vinnumarkað:

# Atvinnulausum fjölgaði lítillega

**VINNUMARKAÐUR** **Alls 11.621 einstaklingur var atvinnulaus í febrúar að meðtali. Jafngildir það 7,3% fólks á vinnumarkaði. Þetta kemur fram í tölum Vinnumálastofnunar um ástand á vinnumarkaði í febrúar.**

**Atvinnulausum fjölgaði þar með um 169 að meðaltali á milli mánaða, eða um 0,1 prósentustig. Er það í takt við spár greiningaraðila en yfirleitt nær atvinnuleysi árstíðabundnu hámarki í febrúar eða mars. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu er nú 7,9% en á landsbyggðinni er það 6,2%.** - mþl

Cameron heimsótti Obama:

# Hæstánægðir með tengslin

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sögðust í gær afar ánægðir með hið góða samband og nánu tengsl landanna.

Þeir hittust í Washington þar sem Cameron heimsótti Bandaríkjaforseta í Hvíta húsinu.

Viðræður þeirra snerust að stórum hluta um ástandið í Afganistan, Íran og Sýrlandi, auk þess sem þeir ræddu væntanlega leiðtogafundi NATO og G8-ríkjanna á næstu vikum. - gb

# Algjör eyðilegging á Selfossi

**800 Bar á Selfossi brann til kaldra kola í gær. Tjónið hleypur á hundruðum milljóna króna. Eldurinn kom upp í röraverksmiðjunni Seti og barst í nærliggjandi byggingar. Talið er að kviknað hafi í út frá rafmagni.**

**BRUNI** „Við höfum það helvíti skítt. Það er allt ónýtt og við erum bara að moka út ruslinu," sagði Árni Steinarsson, annar eiganda 800 Bars á Selfossi, í gærkvöld.

Veitingastaðurinn brann til kaldra kola í gær þegar eldur kom upp í röraverksmiðjunni Seti upp úr hádegi. Bálið var fljótt að breiðast yfir í samliggjandi húsnæði 800 Bars, en eldveggur er á milli húsanna sem vonast var til að héldi, en hann gaf sig að lokum. Eldurinn fór þá inn í loftræstirör og á nokkrum mínútum var þakið orðið alelda. Slökkvilið frá Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn og Reykjavík var kallað út og tóku um sextíu manns þátt í slökkvistarfinu.

Svo mikill varð eldurinn um tíma að lögreglan á Selfossi sendi þau tilmæli til íbúa að hafa glugga á húsum sínum lokaða ef ske kynni að reyk frá brunastað myndi leggja yfir hverfin. Þá var lokað fyrir hluta af neysluvatnsveitu Árborgar um tíma til að viðhalda vatnsþrýstingi á vettvangi.

Ekki náðist að bjarga neinu út úr húsnæði 800 Bar öðru en smávægilegu magni af áfengisflöskum sem var borið út áður en það varð eldinum að bráð. Eigendurnir hafa ekki tekið ákvörðun um framhaldið, en staðurinn er tryggður fyrir brunatjóni. „Við vitum ekki hvað verður. Það verður engin ákvörðun tekin um það núna," segir Árni. Talið er að tjónið hlaupi á hundruðum milljóna króna.

Bergsteinn Einarsson, framkvæmdastjóri röraverksmiðjunnar Set, segir brunann raska starfsemi verksmiðjunnar sáralítið. Geymsluhúsnæðið hafi verið það eina sem brann, en komið var í veg fyrir að eldurinn læsti sig í sjálfa röraverksmiðjuna. Að sögn Bergsteins er lagerbyggingin notuð í lítið annað en geymslu en vissulega hafi orðið töluvert tjón þar sem allt sem inni í henni var brann til kaldra kola. Hann telur það hlaupa á tugum milljóna.

„En þetta er mikið tjón fyrir 800 bar sem missti allt sitt," segir Bergsteinn. „Þeir standa uppi með miklu meiri röskun á sinni starfsemi en við."



**HÚSIÐ GJÖRÓNÝTT** Slökkvistarfi var að mestu lokið um kvöldmatarleytið í gærkvöld og var unnið hörðum höndum að því að henda út rusli fram eftir kvöldi. MYND/KRISTJÁN BERGSTEINSSON

> Þetta er mikið tjón fyrir 800 Bar sem missti allt sitt. Þeir standa uppi með miklu meiri röskun á sinni starfsemi en við.
>
> **BERGSTEINN EINARSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI SETS

Talið er að kviknað hafi í út frá rafmagni, en starfsmenn Sets urðu varir við rafmagnstruflanir í mötuneyti verksmiðjunnar um hádegi. Eldurinn var búinn að breiðast mikið út þegar fólkið sneri aftur til vinnu fyrir klukkan eitt. Slökkvistarfi var að mestu lokið upp úr klukkan sex í gærkvöld. **sunna@frettabladid.is**



**BÁLIÐ FLJÓTT AÐ BREIÐAST ÚT** 800 Bar á Selfossi gjöreyðilagðist í miklum eldsvoða í gær þegar kviknaði í röraverksmiðjunni Seti upp úr hádegi. Fimm slökkvilið voru kölluð á vettvang. MYND/JÓHANN K. JÓHANSSON


SIEMENS

Tækifæri



Þvottavél WM 14A163DN

Einstaklega góð kaup.

Tekur mest 5,5 kg, vindur upp í 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+. Íslenskt stjórnborð.

Tækifærisverð: 89.900 kr. stgr.

(Fullt verð: 109.900 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000

www.sminor.is


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNAR** Í dag má búast við norðlægum áttum, þeim fylgir éljagangur N-til en léttir heldur til syðra. Á morgun snýst vindur smám saman í suðlægar áttir og á laugardaginn eru horfur á SV-átt og stöku éljum, einkum NV- og V-til. Hiti víða um frostmark.




**Á MORGUN** Fremur hægur vindur.

**LAUGARDAGUR** Víða 3-8 m/s en hvessir S-til síðdegis.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 16° |
| Mallorca | 13° |
| New York | 15° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 10° |
| París | 19° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is



TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ

# Kaup hlaup

15.-19. mars

**Nýjar vörur á tilboði!**

Kauphlaup er hafið í Smáralind með fullt af frábærum tilboðum á nýjum vörum.

Nú er um að gera að skreppa í Smáralind, gera góð kaup og fata sig upp fyrir vorið.

Sjáumst í Smáralind.




Kynntu þér tilboðin í Kauphlaupsblaðinu á smaralind.is

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM50177

**KJÖRKASSINN**



*Var rétt hjá Alþingi að herða gjaldeyrishöftin?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 62,6% |
| NEI | 37,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hjólar þú í vinnuna?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Fjölga á störfum á vegum ríkis og sveitarfélaga ætluðum námsmönnum:

# Átak vegna sumarstarfa ungra

**ATVINNUMÁL** Ráðist verður í sérstakt átak vegna sumarstarfa ungmenna í ár. Álíka verkefni var í gangi í fyrra þar sem velferðarráðuneytið og Vinnumálastofnun auglýstu 900 sumarstörf um allt land. Átakið á að fjölga störfum á vegum ríkisins og sveitarfélaga ætluðum námsmönnum og atvinnuleitendum. Vinnumálastofnun hefur nú þegar lagt inn umsókn til velferðarráðuneytisins vegna verkefnisins.

Sara Sigurðardóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, segir átakið nauðsynlegt þar sem margir stúdentar séu í óvissu með sumarvinnu. „Við í Stúdentaráði vonum að umsóknin verði samþykkt þar sem atvinnutækifæri stúdenta eru ekki mörg,“ segir Sara. „Átakið gekk vonum framar í fyrra þar sem tókst að búa til fjölda starfa fyrir ungmenni um allt land.“

Stúdentaráð hefur í hyggju að verðlauna það fyrirtæki sem ræður flesta stúdenta til starfa. „Við viljum gera okkar besta til að afla vinnu fyrir sem flesta stúdenta og því munum við afhenda því fyrirtæki sem reynist stúdentum í atvinnuleit best ákveðna heiðursviðurkenningu,“ segir Sara. - st



**SUMARVINNA** Búa á til fjölda sumarstarfa fyrir ungmenni um allt land.

Nýjar tölur frá Hagstofu ESB:

# Verðbólgan mest á Íslandi

**VIÐSKIPTI** Tólf mánaða verðbólga í Evrópu var hvergi meiri en á Íslandi í síðasta mánuði, samkvæmt samræmdri neysluverðsvísitölu Hagstofu Evrópusambandsins.

Verðbólgan var 6,7% á Íslandi en meðaltalsverðbólga í ríkjum innan Evrópusambandsins var 3,0%. Næstmest var verðbólgan í Ungverjalandi, en þar var hún 5,8%. Í Sviss var 1,2% verðhjöðnun en í verðbólgan var einna lægst í Noregi. Þar var hún 1%. - jhh


**ALAN TURING:**

**Faðir tölvunarfræðinnar**



Fimmtudaginn 15. mars
kl. 16:30 – 17:30
Stofa M101 í HR

**Hvers vegna eru tígrisdýr röndótt?**

Einstaklingar þróast úr einsleitri frumu yfir í að sýna oft mjög flókin mynstur. Árið 1952 lagði Alan Turing grunninn að því stærðfræðilega hvernig slík mynstur gæti komið fram. Fjallað verður um kenningar Turings og áhrif þeirra.

Turing nýtti sér hugmyndir úr stærðfræði, líffræði, efnafræði og tölvunarfræði en það er ekki gert ráð fyrir þekkingu áheyrenda á þeim sviðum.

ICE-TCS og tölvunarfræðideild HR efna til fyrirlestraraðar af þessu tilefni: http://icetcs.ru.is/turingyear2012RU.html

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

ICE-TCS
Icelandic Centre of Excellence in Theoretical Computer Science


# Tvær hópnauðganir af 18 kærðar í fyrra

**Lögreglunni bárust tvær kærur vegna hópnauðgana á síðasta ári. Búið að dæma í öðru málinu. 18 leituðu til Stígamóta vegna hópnauðgana. Ein möguleg ástæða fjölgunar mála hjá Stígamótum er aukin gengjamyndun, segir talskona.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust tvær kærur vegna hópnauðgana í fyrra. 18 einstaklingar leituðu til Stígamóta vegna hópnauðgana árið 2011 og er þetta mesti fjöldi sem hefur leitað sér aðstoðar vegna málaflokksins frá upphafi.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, segir engan marktækan fjölda kæra vegna hópnauðgana hafa borist inn á borð lögreglu undanfarin ár.



**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**

„[Kærur vegna hópnauðgana] hafa ekki komið inn á borð lögreglu í þessum mæli,“ segir Björgvin. „Á síðasta ári voru kærurnar tvær. Fjöldi mála þar sem gerendur hafa verið fleiri en einn hefur verið á svipuðu róli í gegnum árin.“

Önnur kæran sem um ræðir var á hendur Agli Einarssyni og kærustu hans. Parið var kært fyrir nauðgun í byrjun desember í fyrra. Málið er nú á borði ríkissaksóknara og er búist við því að það taki að minnsta kosti tvo mánuði þar til ákveðið verði hvort ákæra verði gefin út. Hin kæran var á hendur tveimur pólskum karlmönnum, Arkadiusz Zdzislaw Pawlak og Rafal Grajewski. Kona kærði þá fyrir nauðgun í október í fyrra og voru mennirnir dæmdir í fjögurra ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í janúar.

Þessar fáu kærur koma Guðrúnu Jónsdóttur, talskonu Stígamóta, ekki á óvart.

„Það er mín tilfinning að eftir því sem brotin verða alvarlegri verður erfiðara að kæra,“ segir hún. „Og líklegt er að óttinn eftir atburðinn verði enn meiri ef um hóp gerenda er að ræða.“

Guðrún bendir á að þrátt fyrir að 18 tilkynningar hafi borist, séu tilvikin það fá að eðlilegt sé að fjöldinn taki töluverðum breytingum milli ára, en árið 2010 leituðu 13 einstaklingar til Stígamóta vegna hópnauðgana.

„Þó gæti verið að ein ástæða fjölgunarinnar sé aukin gengjamyndun hér á landi og hvernig sá kúltúr er að festa sig í sessi hér á óskemmtilegan máta,“ segir Guðrún og bætir við að flestir meintir gerendur í málunum hafi verið Íslendingar.

sunna@frettabladid.is



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Tveir menn voru úrskurðaðir í fjögurra ára fangelsi vegna hrottafenginnar nauðgunar í janúar síðastliðnum og er það eina hópnauðgunin frá 2011 sem hefur ratað fyrir dómstóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fjórir eða fleiri menn í þremur tilvikum

Af þeim 18 hópnauðgunartilkynningum sem bárust Stígamótum í fyrra voru ofbeldismennirnir tveir í sex tilvikum, í tveimur tilvikum þrír og í þremur tilvikum voru ofbeldismennirnir fjórir eða fleiri. Upplýsingar vantaði um fjölda gerenda í sjö tilfellum.

Ríflega 11 prósent af þeim 313 einstaklingum sem leituðu til samtakanna í fyrra kærðu mál sín til lögreglu.


**GLÆSILEGUR VEISLUSALUR!**

**Náttúruparadís í hjarta borgarinnar**



**Fundir og ráðstefnur**

Veislusalurinn er vel tækjum búinn og er því tilvalinn fyrir hvers kyns ráðstefnur og fundi, stóra sem smáa. Í salnum er meðal annars hágæða hljóðkerfi, skjávarpi, flettitafla og púlt. Starfsfólk okkar veitir þér ráðgjöf varðandi veitingar og annað sem huga þarf að.

NAUTHÓLL

www.nautholl.is | www.facebook.com/nautholl | nautholl@nautholl.is | sími 599 6660

**1 ÁRS AFMÆLISVIKA**
VIÐ ENDURTÖKUM ÖLL VINSÆLUSTU TILBOÐIN
GILDIR Í 24 TÍMA

**Ekta St. Louis beikonborgari með osti og frönskum á Grill 66 um allt land á aðeins 499 kr. (kostar 995 kr.)**



**499 kr.**
Verð ~~995 kr.~~
Afsláttur
**496 kr. 50%**

**Eyrnaband og handstúkur saman á aðeins 3.990 kr. (kosta 10.270 kr.)**



**3.990 kr.**
Verð ~~10.270 kr.~~
Afsláttur
**6.280 kr. 61%**

HÓPKAUP
hopkaup.is
**1 af hverjum 100 fær endurgreitt eitt Hópkaupsbréf!**


Tæpan þriðjung eigna Íbúðalánasjóðs að finna á Suðurnesjum:

# 698 eignir Íbúðalánasjóðs auðar

**HÚSNÆÐISMARKAÐUR** Íbúðalánasjóður átti þann 20. febrúar síðastliðinn alls 1.751 íbúð. Af þeim voru 804 íbúðir áður í eigu einstaklinga en 947 áður í eigu lögaðila. Alls eru 707 af íbúðunum í útleigu en 698 standa auðar. Þá eru 255 eignir óíbúðarhæfar og 91 eign nýkomin í eigu sjóðsins og því enn flokkuð sem í vinnslu.

Þetta er meðal þess sem kom fram í svari Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi um íbúðaeign Íbúðalánasjóðs. Fyrirspurn Guðlaugs var lögð fram þann 13. febrúar en svarið barst á mánudag.

Sé litið til landshluta eru flestar eignir á Suðurnesjum eða 529 talsins. Á höfuðborgarsvæðinu á Íbúðalánasjóður 340 eignir, á Suðurlandi 260 eignir og á Vesturlandi 244 eignir. Þá á sjóðurinn 224 eignir á Austurlandi, 114 á Norðurlandi og 39 á Vestfjörðum.

Af póstnúmerum skera póstnúmer 230 og 260 í Reykjanesbæ sig úr en Íbúðalánasjóður á samanlagt 404 eignir í póstnúmerunum. Þá á sjóðurinn 109 eignir í póstnúmeri 800 í Árborg, 105 eignir í póstnúmeri 730 í Fjarðabyggð og 91 eign í póstnúmeri 300 á Akranesi. - mþl



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Íbúðalánasjóður leigir út alls 707 íbúðir í sinni eigu, að mestu til aðila sem bjuggu í eignunum þegar sjóðurinn eignaðist þær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# TAX FREE DAGAR

## *Fatnaður á alla fjölskylduna!*

Dagana 15. - 18. mars afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 18. mars 2012.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar?*
2. *Í hvaða þingnefnd situr Árni Páll Árnason fyrir Samfylkinguna?*
3. *Búningahönnuður fyrir hvaða ofurhetju mun hanna búninga fyrir Latabæ?*

**SVÖR**

*1. Björgvin Björgvinsson 2. Utanríkismálanefnd 3. Batman*

Í fyrra fæddust alls 4.496 börn, 2.327 drengir og 2.169 stúlkur:

# Fæðingum fækkar milli ára

**SAMFÉLAGSMÁL** Í fyrra fæddust 4.496 börn með lögheimili á Íslandi, að því er segir í frétt á vef Hagstofunnar.

Þetta er fækkun frá 2010 þegar 4.907 börn fæddust. Drengirnir sem fæddust í fyrra voru 2.327 en stúlkurnar 2.169.

Bent er á að þrátt fyrir fækkunina sé fjöldi fæðinga í fyrra engu að síður svipaður og meðaltal undanfarinna áratuga en árgangurinn 2011 er sá 26. stærsti frá 1951.

Fæðingartíðnin, það er fjöldi fæðinga á hverjar 1.000 konur á aldrinum 20 til 44 ára, var 68 árið 2011, samanborið við 73,7 árið á undan.

Flestar fæðingar í fyrra urðu í ágústmánuði, alls 428, og í júlí en þá fæddust 405 börn.

Fæstar fæðingar urðu í fyrra í október en þá voru þær 336. Árið 2010 fæddust flestir í september eða alls 472. Það ár fæddust fæstir í febrúar eða 372.

Tölur um fæðingar ná til allra barna mæðra sem eiga lögheimili á Íslandi við fæðingu, hvort sem þau eru fædd innanlands eða utan. - ibs



**Á FÆÐINGARDEILD** Í fyrra urðu flestar fæðingar í ágúst en fæstar í október. NORDICPHOTOS/GETTY

Skuldabréfaútboð Hörpu:

# Landsbankinn sér um útgáfu

**VIÐSKIPTI** Stjórn Totusar ehf., félags um eignarhald tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, hefur ákveðið að taka tilboði Landsbankans um umsjón með útgáfu skuldabréfa sem félagið hyggst gefa út. Skuldabréf að upphæð 18,5 milljarða króna verða gefin út til að endurfjármagna framkvæmdirnar við húsið. Með útgáfunni verða framkvæmdirnar fullfjármagnaðar og í kjölfarið verður sambankalán, sem tekið var vegna framkvæmdanna í ársbyrjun 2010, greitt upp. - mþl

Danski forsætisráðherrann:

# Má nýta upplýsingar fengnar með pyntingum

**DANMÖRK** Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, er reiðubúin að nýta upplýsingar fengnar með pyntingum verði þær til að bjarga lífi danskra þegna. Dönsk yfirvöld líta hins vegar á pyntingar sem mannréttindabrot.

Þetta kemur fram á vef danska blaðsins Berlingske sem hefur það eftir forsætisráðherranum að upplýsingarnar verði hins vegar ekki áframsendar til annarra landa.

Samkvæmt frásögn Berlingske vildi ráðherrann ekki svara því beint hvort það þýddi að dönsk yfirvöld myndu ekki senda slíkar upplýsingar áfram ef hætta væri til dæmis á árás á Svíþjóð. - ibs

Biskupskjöri lýkur 19. mars:

# Atkvæðin farin að tínast inn

**ÞJÓÐKIRKJAN Atkvæðagreiðsla vegna biskupskjörs er hafin og hafa nú fyrstu atkvæðin skilað sér inn til biskupsstofu.**

**Alls eru 502 kjörmenn með atkvæðisrétt. Atkvæðaseðlar voru póstlagðir til kjörmanna síðastliðinn föstudag.**

**Frestur til að skila inn rennur út 19. mars. Talning atkvæða fer fram þann 23. mars næstkomandi. Stefnt er að biskupsvígslu sunnudaginn 24. júní 2012.** - sv

**SVEITARFÉLÖG**

### Selja veiði og hús í Sogi

Sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps hefur ákveðið að auglýsa veiðiréttindi og veiðihús sveitarfélagsins við Sogið til sölu á almennum markaði.



**THOMAS LUBUNGA** Fyrrverandi uppreisnarforingi sakfelldur í réttarsal í Haag. NORDICPHOTOS/AFP

# Hlýtur dóm fyrir að nota börn í hernaði

**Fyrsti dómur alþjóðlega sakadómstólsins í Haag var kveðinn upp í gær. Rúmlega fimmtugur uppreisnarforingi frá Kongó sakfelldur fyrir að þvinga hundruð barna til að taka þátt í hernaði. Hann á nú yfir höfði sér ævilangt fangelsi.**

**HOLLAND** Thomas Lubanga, 51 árs gamall uppreisnarforingi frá Austur-Kongó, er að mati stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna sekur um að hafa rænt hundruðum barna og notað þau til að drepa fólk.

„Ákæruvaldið hefur sannað með óyggjandi hætti að Thomas Lubanga sé sekur um þann glæp að skylda og skrá börn innan við 15 ára aldur til hernaðar og nota þau til virkrar þátttöku í hernaðarátökum,“ segir í úrskurði dómara Alþjóðlega sakadómstólsins í Haag.

Þetta er sögulegur atburður því þetta er fyrsti úrskurður þessa dómstóls, sem tók til starfa fyrir tíu árum.

Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem alþjóðlegur dómstóll fellir dóm í málum barna sem neydd hafa verið til þátttöku í stríðsátökum. Sameinuðu þjóðirnar telja að tugir þúsunda barna séu notaðir í hernaði víðs vegar um heim, einkum þó í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku.

„Sakfelling Lubangas er áhrifarík aðvörun til herforingja í Kongó og annars staðar: að nota börn sem vopn í stríði er alvarlegur glæpur sem getur komið þeim á sakamannabekkinn,“ segir Geraldine Mattioli-Zeltner hjá mannréttindasamtökunum Human Rights Watch.

Dómstóllinn er viðurkenndur af 120 ríkjum en Bandaríkin, Kína, Ísrael og fleiri ríki hafa ekki viðurkennt hann, svo dómstóllinn hefur ekki lögsögu yfir glæpum sem framdir eru í þeim löndum.

Réttarhöldin yfir Lubanga hófust árið 2009. Hann var handtekinn árið 2006, fyrstur allra sem handteknir hafa verið samkvæmt handtökubeiðni frá Alþjóðlega sakadómstólnum.

Hann var leiðtogi Bandalags kongóskra föðurlandssinna, liðssafnaðar sem tók þátt í Kongóstríðinu upp úr síðustu aldamótum. Hersveitir Lubangas gerðu margar árásir á almenna borgara í Ituri-héraði og rændu hundruðum barna. Meðal annars eru liðsmenn hans sagðir hafa ráðist á skóla og rænt þar öllum börnum sjöunda bekkjar.

Liðsmenn hans voru sakaðir um að hafa drepið níu friðargæsluliða frá Sameinuðu þjóðunum árið 2006. Eftir það sá Laurent Kabila, þáverandi forseti Kongó, sér ekki annað fært en að láta handtaka Lubanga og framselja.

gudsteinn@frettabladid.is


IB NÁM
Í MENNTASKÓLANUM VIÐ HAMRAHLÍÐ
Spennandi valkostur fyrir metnaðarfulla nemendur

INTERNATIONAL BACCALAUREATE DIPLOMA PROGRAMME





Spennandi valkostur fyrir metnaðarfulla nemendur – jafnt íslenska sem erlenda

MH er aðili að International Baccalaureate samtökunum (IBO) og býður upp á tveggja ára námsbraut sem býr nemendur undir háskólanám. Náminu lýkur með alþjóðlegu stúdentsprófi sem virtir háskólar um allan heim viðurkenna. MH býður einnig eins árs undirbúningsnám áður en IB-námið hefst. Auk hins bóklega náms er lögð áhersla á að þroska nemendur og efla félagsanda þeirra á ýmsan hátt.

Hamrahlíð College (MH) is a member school of the International Baccalaureate Organization (IBO). This gives the College the right to offer the IB Diploma Programme, a comprehensive pre-university curriculum. Taught in English, the two-year course ends with standardised exams recognised by universities world-wide. The school also offers a preliminary year for younger students. In addition to the academic subjects, students are encouraged to develop a strong sense of their own identity as well as an understanding of others.

Opið hús í MH í dag, 17-19, allir velkomnir

Upplýsingar veitir Soffía Sveinsdóttir, IB-stallari, í síma 595 5233
soffia@mh.is og ibstallari@mh.is • http://www.mh.is





NÝTT KORTATÍMABIL

Opið 11 til 21 í dag

# Vorsprengja

# 25% AFSLÁTTUR

## af öllum vörum

NEMA 20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

Gildir út sunnudag

# Ofurtilboð

## 40% afsláttur

af völdum vörum
aðeins í dag fimmtudag*

Disney prinsessu tónlistarsett



**Verð** 6.990 - **40%** = **4.194,-**

Allar JOHA barnavörur

**40% afsláttur**

joha

Fjarstýrð þyrla



**Verð** 4.990 - **40%** = **2.994,-**

Casual dömu-kápa



**Verð** 29.990 - **40%** = **17.994,-**

Allar dömu-peysur*



**40% afsláttur**

**Dæmi:** Casual dömupeysa
**Verð** 8.990 - **40%** = **5.394,-**
*gildir ekki af Warehouse

Brjósta-haldari



Minimizer
**Verð** 6.990 - **40%** = **4.194,-**

Náttsloppur



**Verð** 7.990 - **40%** = **4.494,-**

Maine herra-jakki



**Verð** 14.990 - **40%** = **8.994,-**

Allar herra-peysur

**40% afsláttur**



**Dæmi:** Maine herrapeysa
**Verð** 9.990 - **40%** = **5.994,-**



**40% afsláttur**

af öllum DEBENHAMS snyrtivörum (Ruby Hanner og Floozie)



Öll rúmföt

**40% afsláttur**



Öll kerti

**40% afsláttur**



*Meðan birgðir endast...

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

FORSETI ÍSLANDS AFHENTI SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS

# Dyngjan fékk Samfélagsverðlaunin

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru afhent við hátíðlega athöfn í gær. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin. Þetta er í sjöunda sinn sem Fréttablaðið veitir Samfélagsverðlaun en þau eru veitt í fjórum flokkum auk heiðursverðlauna.**



**TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM** Sjónvarpsþátturinn með okkar augum færði aðstandendum hans verðlaun í flokknum Til atlögu gegn fordómum. Veittu fulltrúar þáttarins verðlaununum viðtöku úr hendi forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Samfélagsverðlaunin

Að þessu sinni hlaut áfangaheimilið Dyngjan Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins.

Dyngjan hefur starfað síðan 1988. Hlutverk Dyngjunnar er að veita konum sem koma úr áfengis- og vímuefnameðferð samastað meðan þær koma undir sig fótum í nýju lífi. Dyngjan hefur reynst mörgum konum mikilvægur áfangastaður en á dvalartíma sínum fá þær svigrúm til að breyta og byggja upp allsgáðan ábyrgan lífsstíl. Að jafnaði dvelja um 14 konur í Dyngjunni og sumar þeirra með börn. Edda Guðmundsdóttir veitir Dyngjunni forstöðu.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Eddu verðlaunin fyrir hönd Dyngjunnar. Ari Edwald, forstjóri 365, afhenti síðan verðlaunafé að upphæð ein milljón króna.

Aðrir sem voru útnefndir til Samfélagsverðlauna voru Frú Ragnheiður, heilsugæsluþjónusta fyrir jaðarhópa, og Vinafjölskyldur sem er verkefni sem stuðlar að því að erlendar fjölskyldur séu virkar í skólastarfi.

### Hvunndagshetja

Hvunndagshetja ársins 2012 er Pauline McCarthy, sem er jafnan tilbúin að leggja góðum málefnum lið. Auk þess að vinna sjálfboðastörf bæði fyrir Rauða krossinn og Mæðrastyrksnefnd hefur hún opnað heimili sitt þeim sem eru einir á jólum.

Aðrir tilnefndir í þessum flokki voru Árni Stefán Árnason, lögfræðingur með dýrarétt að sérsviði, og Gróa Gunnarsdóttir, leikskólakennari á leikstofu Barnaspítala Hringsins.

### Frá kynslóð til kynslóðar

Verðlaun í þessum flokki fékk Bandalag íslenskra skáta, sem hefur að leiðarljósi að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir, hjálpsamir og ábyrgir samfélagsþegnar. Skátahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki sem valkostur í frístundastarfi barna og ungmenna.

Aðrar tilnefningar í þessum flokki voru Tölvufærninámskeið þar sem ungir kenna öldnum í félagsmiðstöðinni í Hæðargarði og Stefán Þorleifsson, íþróttakennari og samfélagsmáttarstólpi í Neskaupstað.

### Til atlögu gegn fordómum

Með okkar augum – sjónvarpsþáttur hlaut verðlaunin í þessum flokki. Þættirnir eru lóð á vogarskálar þess að breyta þeirri ímynd sem þorri fólks hefur af einstaklingum með þroskahömlun.

Aðrir tilnefndir í þessum flokki voru Kaffi, kökur og rokk&ról, tónleikaröð á vegum SÁÁ, og Sigríður Víðis Jónsdóttir vegna bókar sinnar Ríkisfang: Ekkert.

### Heiðursverðlaun

Heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins hlaut Þorvaldur Kristinsson.

Undanfarna þrjá áratugi hafa fjölmargir sigrar unnist í baráttu samkynhneigðra fyrir réttindum og viðurkenningu. Þorvaldur hefur á þessum tíma verið máttarstólpi í hreyfingu samkynhneigðra, bæði í grasrót og í fararbroddi, meðal annars sem forseti Hinsegin daga.

### Byggt á tilnefningum lesenda

Á annað hundrað tilnefninga til Samfélagsverðlaunanna bárust frá lesendum Fréttablaðsins að þessu sinni. Markmið með Samfélagsverðlaununum er að beina sjónum að margbreytilegum góðum verkum sem unnin eru í samfélaginu. Þetta er í sjöunda sinn sem Fréttablaðið veitir Samfélagsverðlaunin.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins nema sem fyrr segir einni milljón króna, aðrir verðlaunahafar fengu tíu tommu United-spjaldtölvu frá Tölvulistanum auk verðlaunagripa sem eru hannaðir og smíðaðir af Ásgarði, Mosfellsbæ.

## Dómnefnd um Samfélagsverðlaun

Lesendur Fréttablaðsins gátu sent inn tilnefningar til Samfélagsverðlauna í janúar. Þá tók dómnefnd við og vann úr tilnefningunum.

Dómnefnd um Samfélagsverðlaun var skipuð Steinunni Stefánsdóttur, aðstoðarritstjóra Fréttablaðsins, sem var formaður, Önnu Kristinsdóttur, mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar, Felix Bergssyni, útvarpsmanni með meiru, og séra Jónu Hrönn Bolladóttur.



**HEIÐURSVERÐLAUN** Þorvaldur Kristinsson hefur í áratugi verið í fylkingarbrjósti í baráttunni fyrir réttindum samkynhneigðra.




**SAMFÉLAGSVERÐLAUN** Edda Guðmundsdóttir, forstöðumaður áfangaheimilsins Dyngjunnar, tók við Samfélagsverðlaununum 2012 úr hendi forstjóra 365, Ara Edwald.



**HVUNNDAGSHETJAN** Pauline McCarthy hefur meðal annars opnað heimili sitt fyrir þeim sem eru einir á jólum.



**FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR** Forseti Íslands afhenti Braga Björnssyni skátahöfðingja verðlaun til handa skátahreyfingunni.

Asaki VERKFÆRI
***** 5 stjörnu verkfæri MÚRBÚÐARVERÐ
AR636 18V Skrúfvél Ni-Cd 2,0Ah 158Nm 18.890,-
ALM18DB 18V Li-Ion borvél 2,8Ah / 38Nm 39.990,-
ALM14DF 14,4V Li-Ion herðsluskrúfvél 2,8Ah 135Nm 36.890,-
AV224 620W höggborvél SDS & herðslupatróna 13.900,-
ALB10DAS 10,8V Li-Ion Bor/skrúfvél 1,4Ah 30Nm 14.890,-
AB693 150W Pússvél 93x185mm 5.890,-
ALM18DD 18V höggborvél Li-Ion 2,8Ah 38Nm 2 hraðar 41.890,-
ATH: Tvær rafhlöður, taska og hraðvirkt hleðslutæki fylgir hverri hleðsluvél!
Klettháls Reykjav.
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

toyotakopavogi.is

# Hjá okkur eru gæði lífsstíll



## Verið ávallt velkomin

Komdu í sýningarsal Toyota Betri notaðra bíla á Nýbýlavegi 4, við tökum vel á móti þér.
Allir bílar fara í 125 punkta gæðaskoðun, ef bíllinn stenst ekki skoðun bjóðum við þér hann ekki.

- Lágmarksábyrgð: 12 mánuðir
- Gæðaeftirlit: 125 punkta skoðun Toyota
- Sjö daga skiptiréttur
- Raunhæf verðlagning
- Tökum gamla bílinn uppí
- Gott endursöluverð
- Framúrskarandi Toyota þjónusta
- Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti

Ítarlegar upplýsingar um hvern bíl útskýrðar með þessum táknum!

- 1 ár – Lágmarks-ábyrgðartími
- 70% – Fjármögnun hjá Ergo
- 8,1 lítrar – Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri
- $CO_2$ 213g – Útblástur $CO_2$ gr.
- P – Umhverfisvænn bíll Frítt í stæði í Rvk.




**Toyota Avensis Sol**
2200 Dísil, sjálfsk.
Á götuna 12/09 Ekinn: 101.000 km
Verð 4.500.000 kr. Raðnr.: 998246




**Toyota Verso Luna 7 manna**
1800 Bensín, 5 gíra
Á götuna 07/09 Ekinn 52.000 km
Verð 3.150.000 kr. Raðnr.: 998148




**Toyota Prius Hybrid**
1500 Bensín/rafmagn, sjálfsk.
Á götuna: 12/06 Ekinn: 79.000 km
Verð 2.280.000 kr. Raðnr.: 997417




**Toyota Rav4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 6/10 Ekinn 53.000 km
Verð: 4.490.000 Raðnr.998057




**Toyota Hilux D/C**
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 08/07 Ekinn: 61.000 km
Verð 3.850.000 kr. Raðnr.: 998288




**Toyota Land Cruiser 150 VX**
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 09/11 Ekinn: 9.000 km
Verð 11.770.000 kr. Raðnr.: 998286




**Lexus RX350H EXE**
3000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna 09/08 Ekinn 33.000 km
Verð 7.150.000 kr. Raðnr.: 998292




**Toyota Land cruiser 200 VX**
4700 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 07/09 Ekinn: 26.000 km
Verð: 12.100.000 Raðnr. 998271




**Toyota Yaris Terra**
1000 Bensín, 5 gíra
Á götuna 06/10 Ekinn: 48.000 km
Verð 1.990.000 kr. Raðnr.: 998307




**Toyota Auris Terra**
1400 Bensín, 5 gíra
Á götuna 09/08 Ekinn 45.000 km
Verð 2.090.000 kr. Raðnr.: 998307




**Toyota Avensis Sol S/D**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06/10 Ekinn: 43.000 km
Verð 3.940.000 kr. Raðnr.: 998311




**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 06/07 Ekinn 90.000 km
Verð: 5.450.000 Raðnr.998195

*Farðu á www.toyotakopavogi.is og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 - lau 12.00 - 16.00**
**info@toyota.is**

Upplýsingar um eldsneytiseyðslu og útblástur eru miðaðar við blandaðann akstur við bestu mögulegu aðstæður. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

**Betri notaðir bílar** TOYOTA

# neytendur
hagur heimilanna

**142%** **ER HÆKKUNIN** á verði neftóbaks frá því í febrúar 2007 þar til í febrúar á þessu ári. Áður kostaði neftóbaksdósin 400 krónur en nú kostar hún 969 krónur.




## GÓÐ HÚSRÁÐ Margnota hárnæring

*Hárnæring sem augnfarðahreinsir*



Þó augnfarðahreinsirinn sé búinn í baðherbergisskápnum er óþarfi að örvænta. Hárnæring hefur ekki einungis það hlutverk að gera hárið glansandi mjúkt og næringarríkt, heldur virkar hún einnig vel sem augnhreinsir. Munið bara að skola vel á eftir.

**Viðskipti**

## Dýrt getur verið að nota hraðbanka erlendis



Á vefnum turisti.is er bent á að það geti kostað allt að 1.500 krónum meira að taka út 300 evrur í erlendum hraðbanka en í útibúi hér heima. Greint er frá því að greiddar séu að lágmarki 440 til 675 krónur fyrir að nota erlendan hraðbanka með íslensku kreditkorti. Fari úttektin yfir 15 þúsund krónur hækki þóknunin og nemi þá 2,5 til 4,5 prósentum af upphæðinni. Við þóknuna bætist einnig gjald sem eigandi hraðbankans leggur ofan á. Turisti.is segir ódýrara að nota debetkort en kreditkort í hraðbönkum úti því þóknunin á þeim sé um einu prósenti lægri. Kortagengið sé hins vegar það sama fyrir þessi greiðslukort.

**Matvæli**

## Óheimilt er að vigta umbúðir með matvælum

Neytendasamtökunum hafa borist ábendingar um að verslanir sem eru með kjöt- og fiskborð vigti allajafna umbúðir með þegar varan er vigtuð við sölu. Þetta kemur fram á vef samtakanna sem vilja koma því á framfæri að slíkt sé óheimilt samkvæmt reglugerð um merkingu matvæla. Bent er á að þetta gildi einnig þegar matvörur eru seldar uppvigtaðar í kæliborðum eins og raunar um allar aðrar matvörur. Á vef samtakanna segir að þau ætlist til þess að verslanir fari að reglum og stilli vigtir þannig að umbúðir séu dregnar frá við vigtun. Neytendur eru hvattir til að fylgjast með þessu og láta samtökin vita séu umbúðir vigtaðar með.



MIKILVÆGT AÐ TRYGGJA Brynja Tomer á um þessar mundir griffonhunda sem eru henni afar kærir.

# Kostar um sjö þúsund á ári að tryggja hund

**Kostnaður vegna aðgerða á dýrum sem veikjast eða lenda í slysum getur hlaupið á hundruðum þúsunda króna. Hægt er að kaupa sjúkrakostnaðartryggingar hjá tryggingafélögum fyrir dýr auk líftrygginga, ábyrgðartrygginga, afnotamissistrygginga og umönnunartrygginga.**

„Ég átti hund sem lenti í slysi og sjúkrakostnaðurinn nam hundruðum þúsunda króna. Ég hefði reynt að fá yfirdráttarlán til að bjarga fæti hundsins ef ég hefði ekki verið með sjúkrakostnaðartryggingu. Nú þegar fólk hefur almennt minna á milli handanna er nauðsynlegt að vera með slíka tryggingu. Það þarf þá ekki að horfa í aurana þegar það stendur frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort taka eigi tvær blóðprufur í viðbót eða fleiri en eina röntgenmynd,“ segir Brynja Tomer, hundaeigandi og sölumaður dýratrygginga hjá VÍS.

Sjúkrakostnaðartrygging er mikilvægust allra dýratrygginga, að mati Brynju. „Hjá VÍS fylgir hún dýrinu alla ævi. Hún bætir dýralæknakostnað og lyfjakostnað ef dýr veikjast eða slasast og gerir okkur kleift að veita dýrunum okkar bestu mögulegu umönnun.“

Iðgjaldið fyrir hunda fer eftir því um hvaða tegund er að ræða. „Langalgengast er að sjúkrakostnaðartryggingin kosti um sjö þúsund krónur á ári. Stærstu hundarnir eru í þeim hópi og flestar hundategundir. Iðgjaldið er hærra þegar um er að ræða tegundir sem vitað er að eru útsettar fyrir alls konar sjúkdómum. Iðgjaldið getur einnig verið lægra en sjö þúsund krónur.“

Sjálfsáhættan er um 11 þúsund krónur á 100 daga tímabili, að því er Brynja greinir frá. „Ef fólk lendir í meiri dýralæknakostnaði á þessu tímabili greiðum við 90 prósent af því sem er umfram upp að 400 þúsundum króna.“

Ábyrgðartrygging veitir vernd gegn þeirri skaðabótaskyldu sem getur fallið á eiganda hundsins sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum og munum. „Þetta á ekki við þegar hundur veldur tjóni á eigin heimili eða á heimili þar sem hann er í gæslu. Aðstæður þurfa að vera þannig að eigandi hafi bakað sér bótaskyldu. Það má nefna dæmi um hund sem losnaði úr taumi og hljóp út á götu. Bíll negldi niður og annar keyrði aftan á hann. Eigandi hundsins var bótaskyldur og ábyrgðartrygging hundsins bætti tjón á bílunum,“ útskýrir Brynja.

Hún bendir á að mörg sveitarfélög hafi ábyrgðartryggingu fyrir hunda innifalda í leyfisgjaldi og þá þurfi ekki að kaupa hana sérstaklega.

Að sögn Brynju er algengur kostnaður vegna bæði sjúkrakostnaðartryggingar og líftryggingar 15 til 20 þúsund krónur á ári án afsláttarkjara.

Þeim sem tryggja dýrin sín fjölgar stöðugt, einkum hundaeigendum. „Kattaeigendur mættu huga aðeins betur að þessu. Veikindi heimiliskattar geta farið með fjárhaginn. Það er hrikalegt að standa frammi fyrir því að buddan ráði því hvort hægt sé að veita dýrinu læknisþjónustu. Það kostar bara örfá þúsund á ári að tryggja kött.“

ibs@frettabladid.is

## Fjölbreyttar tryggingar í boði fyrir dýrin

- Sjúkrakostnaðartrygging fylgir dýrinu alla ævi hjá VÍS. Hún bætir dýralæknakostnað og lyfjakostnað ef dýr veikjast eða slasast.
- Líftrygging greiðir bætur ef hundur hverfur, deyr, slasast eða veikist svo illa að aflífun þarf, að mati dýralæknis.
- Afnotamissistrygging bætir ef hundur hefur til frambúðar misst sérstaka hæfileika sem hann bjó yfir.
- Ábyrgðartrygging veitir vernd gegn þeirri skaðabótaskyldu sem getur fallið á tryggingartaka sem eiganda hundsins.
- Umönnunartrygging tryggir viðeigandi vistun geti eigandi ekki sinnt honum með fullnægjandi hætti vegna slyss eða veikinda.




SHISEIDO
SHISEIDO 140 Afmæli
Fullkominn gljái. Tær litur.
Shimmering Rouge
7 NÝIR LITIR
SHISEIDO DAGAR Í HAGKAUP 15.-21. MARS
í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Garðabæ, Holtagörðum, Njarðvík og á Selfossi
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VARALITUM
NÝTT FRÁ SHISEIDO:
- Krem augnskuggar, 3 nýir litir
- Nýtt og endurbætt Bio-Performance krem sem umbreytir yfirborði húðarinnar.
- Nýtt augnkrem í Benefiance WR24.
Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru Shiseido vörur fyrir 6.000 eða meira.*
Shiseido snyrtitaska sem inniheldur Refining Make-UP Primer 10ml,
Perfect Mascara Full Definition 2ml og Bio-Performance 24st. krem 7ml.
* Gildir á meðan birgðir endast
NÝTT
VISATÍMABIL
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# iPad




Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda á meðan birgðir endast.

# 2 verðlækkun




**16GB WiFi**
**Verð: 74.990.-**
Verð áður: 89.990.-

**16GB 3G/WiFi**
**Verð: 109.990.-**
Verð áður: 124.990.-

**32GB WiFi**
**UPPSELDUR** .990.-
Verð áður: 129.990.-

**32GB 3G/WiFi**
**Verð: 129.990.-**
Verð áður: 144.990.-

**64GB WiFi**
**Verð: 109.990.-**
Verð áður: 139.990.-

**64GB 3G/WiFi**
**Verð: 139.990.-**
Verð áður: 164.990.-

**TAKMARKAÐ MAGN**

epli.is

**Laugavegi 182**
**Opnunartímar:**
**Virka daga** 10-18 | **Laugardaga** 11 - 16
**Sími:** 512 1300 | www.epli.is

**Smáralind**
**Opnunartímar:**
**Virka daga** 11-19 | **Fimmtudaga** 11 - 21 | **Laugardaga** 11 - 18
**Sunnudaga** 13 - 18 | **Sími:** 512 1300 | www.epli.is

**6,9%** **HÆKKUN** er orðin á Kanadadollar gagnvart íslensku krónunni frá áramótum. Á sama tíma hefur evra hækkað um 5 prósent og Bandaríkjadalur um 3,8 prósent.

Fyrsta skrefið að gefa út óverðtryggð skuldabréf:

# Íbúðalánasjóður kynnir óverðtryggð lán í haust

Íbúðalánasjóður stefnir að því að hefja að bjóða óverðtryggð húsnæðislán í haust. Alþingi samþykkti 17. september í fyrra að gefa sjóðnum heimild til þess að veita slík lán.

„Þetta er vitaskuld stórt mál og ýmsar hindranir í veginum en okkur hefur orðið margt ágengt. Við höfum nú í meginatriðum teiknað upp hvaða valkosti við sjáum fyrir að geta veitt,“ segir Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, og heldur áfram: „Það er einn skýr valkostur efst á teikniborðinu og þessa dagana erum við að útfæra hann aðeins nánar. Við teljum þetta vera áhugaverðan kost og höfum einnig fengið að heyra það frá þeim sem hafa fengið kynningu á honum.“

Sigurður segir að gangi allt eftir muni Íbúðalánasjóður hefja að bjóða óverðtryggð lán eftir sumarfrí. Þá segir hann að við vinnu sjóðsins hafi verið litið til þess að bjóða óverðtryggð lán til lengri tíma en nú standi til boða á markaðnum. Þá leggur hann áherslu á að draga úr áhættu lántakenda eins og frekast er kostur.

Þá mun Íbúðalánasjóður leggjast í útgáfu á óverðtryggðum skuldabréfum í tengslum við þennan nýja valkost. „Við munum hér eftir sem hingað til reyna í okkar fjármögnun að tryggja að skulda- og eignahliðarnar séu paraðar saman. Það má því búast við því að nýjar útgáfur líti dagsins ljós í haust,“ segir Sigurður og bætir við að sennilega verði fyrst farið í útgáfu og svo í kjölfarið verði lánveitingar hafnar. **- mþl**



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Íbúðalánasjóður mun ráðast í útgáfu á óverðtryggðum skuldabréfum í haust í aðdraganda þess að bjóða í fyrsta sinn óverðtryggð húsnæðislán. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðgerðaáætlun OR og eigenda skilar árangri:

# NIB lækkar vexti á lánum Orkuveitunnar

Norræni fjárfestingabankinn (NIB) hefur ákveðið að lækka vexti á lánum Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Stjórnendur OR líta á þetta sem merki um aukinn trúverðugleika fyrirtækisins á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Í tilkynningu til Kauphallar vegna þessa kemur fram að þetta sé gert vegna þess árangurs sem náðst hefur í rekstri hennar. Fulltrúar bankans hafa fylgst náið með framvindu aðgerðaáætlunar OR og eigenda hennar, sem kölluð er „PLANIÐ“, og kynnt var vorið 2011. Samkvæmt henni er fjárþörf fyrirtækisins rúmlega 50 milljarðar króna á tímabilinu 2011-2016. Til að brúa það bil hefur nýfjárfestingum verið frestað, dregið hefur verið úr rekstrarkostnaði, gjaldskrá hækkuð, eignir seldar og eigendur OR hafa veitt fyrirtækinu há víkjandi lán.

Í yfirliti yfir framvindu áætlunarinnar í lok september síðastliðins, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að 97,26% af markmiðum verkefnisins á árinu 2011 hafi náðst á þeim tíma. OR mun birta ársreikning sinn á morgun. Þá er einnig áformað að kynna næstu framvinduskýrslu. **- þsj**

# Bankinn hefði þurft að selja Horn hratt

**FRÉTTASKÝRING**
Af hverju var hætt við skráningu Horns?

Fagfjárfestar, að mestu lífeyrissjóðir, vildu ekki að Landsbankinn ætti meira en helmingshlut í Horni fjárfestingafélagi hf. eftir að það yrði skráð á hlutabréfamarkað. Þegar bankinn lýsti sig tilbúinn til að verða við því þá kom í ljós að eftirlitsaðilar sættu sig ekki við að bankinn héldi á meira en 10-20% hlut nema til skemmri tíma.

Bankanum var tilkynnt að þeir myndu krefjast þess að hann minnkaði stöðu mjög hratt eftir skráningu. Að mati Landsbankans hefði slíkt lækkað virði Horns.

Þetta eru helstu ástæður þess að hætt hefur verið við skráningu Horns á markað, að minnsta kosti í bili. Félagið, sem er í 100% eigu Landsbankans, hafði kynnt þau áform fyrir fagfjárfestum á undanförnum vikum að það ætlaði að skrá sig á almennan hlutabréfamarkað í lok mars eða byrjun apríl.

## Ætluðu að selja fjórðung

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stefndi Landsbankinn upprunalega að því að selja um 25% í Horni þegar félagið yrði skráð á markað. Ástæðan var sú að félagið er bæði stórt og dýrt og ekki var reiknað með að hægt yrði að selja meira til að byrja með. Síðan var vilji til að minnka stöðu bankans hægt og rólega.

Lífeyrissjóðir sem fengu kynningu á þessari leið vildu ekki að bankinn myndi eiga meirihluta, enda héldi hann þá áfram á öllum stjórnarþráðum í höndum sér. Landsbankinn var þá tilbúinn að fara niður fyrir 50% en samhliða myndi verðið lækka. Mun meiri áhugi var á þeirri leið hjá fagfjárfestum. Heimildir Fréttablaðsins herma að þá hafi hins vegar borist skilaboð frá Fjármálaeftirlitinu (FME) um að bankanum yrði gert að minnka eignarhald sitt mjög hratt niður í allt að 10% hlut eftir skráningu. Það er í samræmi við ákvörðun FME varðandi skráningu Haga á hlutabréfamarkað í desember síðastliðnum. Í skráningarlýsingu Haga kom fram að Eignabjarg, dótturfélag Arion banka, þyrfti að selja 20% eignarhlut sinn fyrir 1. mars síðastliðinn. Á endanum veitti FME Eignabjargi leyfi til að eiga áfram 10% hlut en félagið seldi hin 10% til fjárfesta í lokuðu útboði.

## Áhyggjur af lækkuðu verði

Innan Landsbankann höfðu menn áhyggjur af því að krafa um að selja stóran hluta í Horni hratt myndi lækka verðið sem bankinn fengi fyrir hlut sinn, og bréf þeirra sem hefðu fjárfest í félaginu við skráningu. Því var ákveðið að hætta við skráningu og tilkynna bæði FME og Kauphöllinni um það.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki búið að útiloka að skrá Horn á markað, þó að það sé ólíklegra en áður. Á meðal annarra leiða sem verið er að skoða varðandi framtíð félagsins er að stofna sérstaka fagfjárfestasjóði innan dótturfélags Landsbankans til að eiga í Horni eða að selja undirliggjandi eignir þess hverja fyrir sig.

**thordur@frettabladid.is**



**LANDSBANKINN** Sumar af verðmætustu eignum sem bankinn hefur eignast í kjölfar hrunsins voru settar inn í Horn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## Birta ársreikning á næstu dögum

Horn er í 100% eigu Landsbankans og því óbeint í meirihlutaeigu íslenska ríkisins, sem á 81,3% hlut í bankanum. Eignir Horns eru um 30 milljarðar króna og eigið fé um 24 milljarðar króna, samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum. Félagið mun birta ársreikning sinn á allra næstu dögum. Á meðal eigna félagsins eru 49,9% hlutur í Promens, 12,5% hlutur í Eyri Invest, 6,7% hlutur í A bréfum og 42,6% hlutur í B bréfum Stoða (áður FL Group), 6,54% hlutur í Oslo Bors VPS Group og 3,95% hlutur í Eimskipi. Auk þess á Horn 1,9% hlut í Intrum Justitia sem er skráð á markað í Svíþjóð. Félagið hagnaðist um 10,1 milljarð króna á fyrstu níu mánuðum síðasta árs.

SÝNING LAUGARDAG KL. 11:00-15:00




NÝJUNG
á íslenskum innréttingamarkaði

ÞÝSK ÍSLENSK SAMVINNA

Við höfum gert samning við einn stærsta innréttingaframleiðanda Þýskalands um framleiðslu á eldhúsinnréttingum sem verða seldar undir vörumerki Eirvíkur.

Þér er boðið í glæsilegan sýningasal okkar þar sem við kynnum nýjustu strauma í hönnun eldhúsa.

*Farðu alla leið með Eirvík*

EIRVÍK *innréttingar*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



**1.490** kr/m²

**Beyki**
3ja stafa
6X19X120 mm
Styrkleikaflokkur 31

**Eik**
3ja stafa
6X19X120 mm
Styrkleikaflokkur 31

**Hnota**
2ja stafa
6X19X120 mm
Styrkleikaflokkur 31

# LÆGRA VERÐ

## PLASTPARKET OG HARÐPARKET



**1.890** kr/m²

**Eik Classic**
3ja stafa
7X19X120 mm
Styrkleikaflokkur 31

**Hvíttuð eik**
3ja stafa
7X19X120 mm
Styrkleikaflokkur 31

## ALLTAF LÁGT VERÐ

ENGIN TILBOÐ,
AFSLÆTTIR EÐA VASKDAGAR



**590** kr/m

**Listar**
15x26 mm

**790** kr/m²

**Hljóðeinangrandi undirlag**



**2.990** kr/m²

**Hvíttuð eik**
Fasað 4v
8X19X120 mm
Styrkleikaflokkur 32

**Eik planki Rustical**
Fasað 4v
8X19X120 mm
Styrkleikaflokkur 32



**2.490** kr/m²

**Eik planki**
Fasað 4v
8X19X120 mm
Styrkleikaflokkur 32

FOÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

ÍSLENSKT FJÖLSKYLDU-FYRIRTÆKI Í YFIR 40 ÁR

**Afgreiðslutími:**
mánudaga - föstudaga 09:00 - 18:00
Laugardaga 11:00 - 15:00

HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010
**www.hardvidarval.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins veitt í gær:

## Mikilvægar fyrirmyndir

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í gær. Þetta er í sjöunda sinn sem Fréttablaðið veitir Samfélagsverðlaun að undangengnum ábendingum lesenda um samborgara og félagasamtök sem vinna margvísleg góðverk.

Markmiðið með verðlaununum er að staldra við og veita athygli góðum og þörfum verkum sem unnin eru svo víða í samfélaginu. Þessi verk eru misáberandi. Af sumum vita margir en af öðrum kannski aðeins þeir sem njóta þeirra með beinum hætti.

Þegar að er gáð eru þeir býsna margir sem leggja talsvert á sig til að láta gott af sér leiða og bæta samfélagið. Auk þess sem kærleiksverkin skipta jafnvel sköpum fyrir þá sem njóta þeirra þá eru þeir einstaklingar sem inna þau af hendi mikilvægar fyrirmyndir öðrum.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Sem fyrr sendu lesendur blaðsins inn margar og góðar tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna. Dómnefnd stóð því frammi fyrir vandaverki þegar kom að því að velja úr en að sama skapi afar ánægjulegu verkefni.

Þeir sem útnefndir eru og verðlaunaðir eru fulltrúar fjöldamargra annarra sem í öllum kimum samfélagsins láta gott af sér leiða á hverjum degi, ýmist með sjálfboðastarfi eða með því að inna starf sitt betur af hendi en hægt er að ætlast til.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins komu að þessu sinni í hlut áfangaheimilisins Dyngjunnar. Í Dyngjunni býðst konum á leið úr áfengis- og vímuefnameðferð samastaður meðan þær koma undir sig fótum í nýju lífi. Þar fá þær svigrúm til að byggja upp allsgáðan ábyrgan lífsstíl að lokinni meðferð.

Pauline McCarthy er hvunndagshetja ársins. Auk þess að vinna sjálfboðastörf beði fyrir Rauða krossinn og Mæðrastyrksnefnd á Akranesi hefur hún opnað heimili sitt þeim sem eru einir á jólum.

Verðlaun í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar komu í ár í hlut Bandalags íslenskra skáta sem í ár fagnar 100 ára afmæli og gegnir mikilvægu hlutverki sem valkostur í uppbyggilegu frístundastarfi barna og ungmenna.

Sjónvarpsþátturinn Með okkar augum hlaut verðlaun í flokknum Til atlögu gegn fordómum. Þættirnir eru lóð á vogarskálar þess að breyta þeirri ímynd sem þorri fólks hefur af einstaklingum með þroskahömlun.

Heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins komu í ár í hlut Þorvaldar Kristinssonar sem undanfarna þrjá áratugi hefur verið einn af máttarstólpunum í baráttu samkynhneigðra fyrir réttindum og viðurkenningu.

Framlög þessara verðlaunahafa til samfélagsins eru hver með sínum hætti en þau eiga sameiginlegt að vera mikils verð. Það sama á við um alla hina sem útnefndir voru. Fjöldamargir njóta beinlínis góðs af verkum þeirra en sú fyrirmynd sem þau skapa skiptir einnig miklu máli.

Verðlaunahöfum og öllum tilnefndum er óskað til hamingju og færðar þakkir fyrir framlag sitt til betra samfélags.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn fimmtudaginn 29. mars 2012 kl. 20.**

Fundurinn verður haldinn að Grettisgötu 89 1. hæð (BSRB húsið, horni Grettisgötu og Rauðarárstígs).

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf.

***Ferðafélagið Útivist***

ÚTIVIST

Laugavegi 178. Sími 562 1000. www.utivist.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ég heyri ekkert illt

Ásgerður Halldórsdóttir og félagar hennar í meirihluta Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi kannast ekkert við það að hafa brotið á rétti sviðsstjórans Ólafs Melsteð þegar hann var lagður í einelti og staðan hans í kjölfarið lögð af. Hvá bara þegar innanríkisráðuneytið skammar þau, þrátt fyrir að ráðuneytið hafi einmitt það hlutverk að segja sveitarstjórnum til syndanna þegar svo ber undir. Og að Ólafur hafi orðið fyrir einelti og eigi þess vegna rétt á bótum? Þau þekkja það ekki heldur. Samt eru dómkvaddir matsmenn búnir að segja þeim að Ólafur hafi bara víst orðið fyrir einelti.

### Á móti

Á Seltjarnarnesi eru menn samt ekki hafnir yfir lög og reglur. Væri nú ekki ráð að þar gegndu menn bara æðra stjórnvaldi og gripu til aðgerða í samræmi við tilmæli ráðuneytisins? Er annað ekki heldur barnaleg mótstöðuþrjóskuröskun?



### Var hún að meina þetta?

Ólína Þorvarðardóttir rifjaði það upp á Alþingi í gær að Árni Johnsen ætti sér fortíð. Tilefnið var að Árni sakaði Ólínu um slælega stjórnsýslu. Ólína gekk raunar ekki alla leið – sagðist bara ætla að hlífa þingmanninum við því að rifja upp einstök atvik úr ævi hans. Ólína, eins og fleiri, má endilega sleppa því að tala í gátum. Ef hún vill minna fólk á að Árni Johnsen hlaut tveggja ára fangelsisdóm fyrir fjárdrátt og umboðssvik í opinberu starfi, mútuþægni og rangar skýrslur til yfirvalda, þá er allt í lagi að minna bara á það. En kannski var hún að tala um eitthvað allt annað.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Góðar undirtektir

Mannvirki



Björn Karlsson
forstjóri Mannvirkjastofnunar

Mannvirkjastofnun og umhverfisráðuneytið hafa að undanförnu staðið að umfangsmikilli kynningu á nýrri byggingarreglugerð. Þótt komið hafi fram athugasemdir við einstök atriði reglugerðarinnar er óhætt að segja að almennt hafi hún fengið góðar og jákvæðar undirtektir, enda var leitast við að vanda til smíði hennar í hvívetna. Samráð var haft við fjölda fólks með sérþekkingu á ýmsum sviðum og ólíka hagsmuni.

Í febrúar 2010 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að endurskoða byggingarreglugerð með hliðsjón af fyrirhuguðum lögum um mannvirki, sem tóku gildi í ársbyrjun 2011. Við endurskoðunina skyldi áhersla lögð á að hafa sjálfbæra þróun, opna stjórnsýslu, gagnsæi og lýðræðisumbætur að leiðarljósi. Áhersla var lögð á aukna notkun markmiðsákvæða og byggingarstaðla í reglugerðinni. Sérstaklega var hugað að neytendavernd, vistvænni byggð, hljóðvist í skólum, byggingum ætluðum börnum og aðgengismálum fatlaðra. Einnig var nefndinni gert að hafa mikið samráð við ýmsa hagsmunaaðila.

Nefndin lauk verkefni sínu síðla árs 2011 og umhverfisráðherra staðfesti reglugerðina 24. janúar síðastliðinn. Var þá talsvert fjallað um hana í fjölmiðlum enda eru í henni fjölmörg nýmæli sem eru til þess fallin að auka gæði og öryggi mannvirkja. Reglugerðin er sérlega yfirgripsmikil og tekur til fjölda atriða sem snerta daglegt líf og aðbúnað almennings.

Mikið fjölmenni var á kynningarfundi sem Mannvirkjastofnun efndi til í Reykjavík 10. febrúar. Síðan hafa sambærilegir fundir verið haldnir á Akureyri, í Borgarnesi, Reykjanesbæ, á Hvolsvelli, Egilsstöðum og Ísafirði. Fundirnir hafa hvarvetna verið afar vel sóttir. Þar hafa þeir sem starfa við hönnun og gerð mannvirkja fengið ítarlega kynningu á reglugerðinni og tækifæri til að tjá sig um hana. Fundarmenn hafa með örfáum undantekningum lýst ánægju með reglugerðina.

Margvíslegar upplýsingar um reglugerðina er að finna á mvs.is. Nú þegar fundaherferðinni er lokið munu Iðan fræðslusetur og fleiri bjóða upp á fræðslufundi fyrir iðnaðarmenn. Kynningarstarfið heldur því áfram.

Geysileg verðmæti liggja í mannvirkjum hins opinbera, fyrirtækja og einstaklinga. Því er áríðandi að lög og reglugerðir um þau miði að því að tryggja sem best gæði þeirra, öryggi og hagkvæmni. Það er sannfæring greinarhöfundar að ný byggingarreglugerð gæti þessara hagsmuna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Biskupsval er bænarefni

Biskupsembættið

Þórir Jökull Þorsteinsson
prestur



Þegar um þjóðkirkjuna er rætt er ef til vill ekki ávallt haft í huga að hún er samband kristinna safnaða sem starfa á evangelísk-lútherskum grunni um landið vítt og breitt. Sú hugmynd að hún sé stofnun með aðsetur í Reykjavík nær alls ekki utan um veruleika hennar. Mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar málefni kirkjunnar eru annars vegar. Í aðdraganda vals á nýjum biskupi hefur staða og starf þjóðkirkjunnar verið í brennidepli og málefni er hana varða virðast þjóðkirkjan haldi sig við þann grundvöll sinn sem er boðun hinnar kristnu trúar og láti sig varða það helzt sem til hennar friðar heyrir og er fagnaðarerindið sjálft. Í því er sú stefnumótun nýs hugarfars sem ávallt hefur verið þar ef að er gáð og þar sækir lífið fram ef nokkurs staðar, sé það á annað borð boðað. Hin góða barátta trúar og vonar hverfist um fagnaðarerindið og þá fyrirmynd kærleikans sem við eigum í Kristi Jesú en ekki í ólíkum hugmyndum manna um tilvistarleg efni eða stjórnmálaáherzlur einar.

Sáðgarður kristinna safnaða er ekki útpælt beð sem ekkert fær í vaxið út af stöðugu umróti, heldur er hann reitur fyrir gróður sem sáð er til, beinlínis í von um góða uppskeru sem setningar manna og

> Það er gleðiefni að kristið fólk í landinu gerir sér far um að skoða kirkju sína og orða það sem á því brennur.

hugleiknari fólki en margan hefði grunað. Það er gleðiefni að kristið fólk í landinu gerir sér far um að skoða kirkju sína og orða það sem á því brennur.

Meðal frambjóðenda hefur borið nokkuð á þeirri orðnotkun að þjóðkirkjan eigi að vera framsækin og þurfi að móta stefnu í hinum ýmsu efnum. Þetta orðfæri er sótt í stjórnmálin eins og allir sjá um leið og á það er bent. Þótt ýmislegt kunni að skarast í trúarlífi og stjórnmálum hef ég á liðnum dögum áréttað það hvar sem ég hef komið að kristin trú okkar er lífssamband manns við skaparann og án hennar væri enginn söfnuður, engin kirkja, og gilti þá einu hver framsæknin væri og stefnumótunin.

Því hef ég kosið að benda eindregið á nauðsyn þess að pælingar þeirra geta ekki til leiðar komið. Líf þjóðkirkjunnar, þ.e. safnaðanna í landinu, er undir því komið að við ekki aðeins munum þetta, heldur umgöngumst kristna kirkju okkar í þeim anda að hún sé ekki manna verk.

Þar sem ég hef gefið kost á mér í embætti Biskups Íslands, vil ég að þessu sögðu minna kjörmenn og landsmenn á þá brýningu Krists að þeir beri valkostina fyrir brjósti sem bænarefni er á sinn hátt varðar samfélag hinnar kristnu vonar fyrir landsins börn á komandi tíma. Biðjum því herra uppskerunnar að hann sendi til hennar þann þjón sem við þörfnumst sem kirkja, umfram það sem okkur kynni í svipinn að langa í.

Ykkar einlægur, Þórir Jökull Þorsteinsson.

# Velferðarþjónusta öryggis, virðingar og mannréttinda

Samfélagsmál

Sóley Tómasdóttir
borgarfulltrúi

Þorleifur Gunnlaugsson
varaborgarfulltrúi





Grein formanns og varaformanns velferðarráðs í Fréttablaðinu í gær um mikilvægi fjölbreytileikans í þjónustu við fullorðið sjálfráða fólk sem hefði val um hvar það fær þjónustu var ágæt og hefði átt vel við í umræðu um tryggingafyrirtæki eða annan samkeppnisrekstur þar sem viðskiptavinir hafa raunverulegt val. En velferðarþjónustu hins opinbera er lítill sómi sýndur með skrifum sem þessum.

Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar tók af miklum myndugleik á samskiptum trúar- og lífsskoðunarfélaga við mennta- og uppeldisstofnanir með skýrum reglum sem nú hafa tekið gildi. Markmið þeirra er að verja og vernda börn fyrir innrætingu af trúarlegum toga. Það er vel, og í fullu samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar, þar sem kveðið er á um að öll þjónusta borgarinnar skuli einkennast af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu, óháð stjórnmála- eða trúarskoðunum fólks, að umhverfi og þjónusta skuli vera fordómalaust og að unnið skuli að því að útrýma slíku. Það er einkennileg túlkun á mannréttindastefnunni að hún skuli aðeins gilda um börn en ekki fullorðna og enn einkennilegri eru fullyrðingar um að þessir fullorðnu einstaklingar sem um ræðir hafi val.

Meirihlutinn felldi tillögu Vinstri grænna um að sambærilegar reglur yrðu settar um samskipti velferðarsviðs við trúar- og lífsskoðunarfélög eins og skóla- og uppeldisstofnanir. Uppgefnar ástæður eru auðhrekjanlegar eftiráskýringar. Hið rétta er að meirihlutann skortir pólitískan vilja til að fylgja eftir mannréttindastefnunni og kýs að standa með sterkum og áhrifamiklum trúfélögum gegn fólki sem er í viðkvæmri stöðu.

Raunveruleikinn er sá að utangarðsfólk hefur ekkert val. Þjónusta Velferðarsviðs er í fæstum tilfellum hluti af fjölbreyttri flóru, heldur oft það eina sem borgarbúum stendur til boða. Utangarðsfólk sem þarf á þjónustunni að halda er ekki í aðstöðu til að gera kröfur og þeirra á meðal eru fáir sem geta barist fyrir hugsjónum um trúfrelsi eða fordómaleysi. Hér er um viðkvæman hóp að ræða sem nauðsynlegt er að verja fyrir ágangi eða innrætingu trúfélaga – hvort sem meirihlutanum líkar betur eða verr.

# Fréttir DV

Dómsmál

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
hæstaréttarlögmaður



Á undanförnum árum hefur málssóknum vegna ærumeiðinga og brota gegn friðhelgi einkalífs fjölgað umtalsvert á Íslandi. Ástæðan fyrir þessari aukningu er tvíþætt að mati höfundar. Annars vegar er fólk meðvitaðra um rétt sinn. Hins vegar óvönduð vinnubrögð blaðamanna og ritstjóra hjá tilteknum útgefendum. Tveir útgefendur eru í algjörum sérflokki hvað varðar fjölda málssókna. Það eru Birtíngur útgáfufélag og DV. Umfjöllunin hér á eftir er takmörkuð við þann síðarnefnda.

Tjáningarfrelsið felur í sér mikilsverð réttindi, en því fylgja líka skyldur. DV hefur á undanförnum árum fullnýtt sér tjáningarfrelsið, en virðist vera algjörlega fyrirmunað að skilja þær skyldur sem því fylgja. Afleiðingin af þessu heilkenni DV eru ítrekaðar málssóknir vegna ærumeiðinga og brota gegn friðhelgi einkalífs. Það er raunar sérstakt rannsóknarefni að DV skuli finnast tíma sínum betur varið í réttarsölum á Lækjartorgi og við Arnarhól en að segja fréttir. Til einföldunar fyrir DV má draga skyldurnar saman í þrjár reglur sem flestum hafa verið innrættar frá blautu barnsbeini. Í fyrsta lagi að sannleikurinn sé sagna bestur. Í öðru lagi að menn eigi að koma fram við náungann eins og þeir vilja að sé komið fram við sig. Í þriðja lagi að aðgát skuli höfð í nærveru sálar.

Nýlega var forsíðufrétt í DV sem braut gegn öllum þremur framangreindum reglum, en þar var fjallað um Birki Kristinsson, fyrrverandi knattspyrnumann og starfsmann Glitnis/Íslandsbanka. Á forsíðu DV í umrætt skipti var mynd af Birki ásamt eftirfarandi fyrirsögn:

YFIRHEYRÐUR. Birkir Kristinsson flæktur í meinta markaðsmisnotkun.

Forsíðunni var augljóslega ætlað að skapa þau hughrif að Birkir sætti rannsókn yfirvalda og væri með réttarstöðu sakbornings vegna rannsóknar lögreglu á meintri markaðsmisnotkun. Til þess að komast að því að svo væri ekki var nauðsynlegt að lesa fréttina sjálfa á innsíðum blaðsins, en þar kom fram að Birkir væri vitni í málinu. Hér ber að hafa í huga að forsíða DV fer víða og er stillt upp með áberandi hætti á útsölustöðum blaðsins og kemur þannig fyrir sjónir tugþúsunda. Öðru máli gegnir um fréttina sjálfa á innsíðum blaðsins sem margfalt færri sjá. Með forsíðufréttinni er því dróttað að æru Birkis sem er refsiverð og skaðabótaskyld háttsemi sem DV og ritstjórar blaðsins bera ábyrgð á að lögum.

Í þessu sambandi má velta því upp hvort ritstjórum DV þætti eftirfarandi fyrirsögn ásamt myndbirtingu á forsíðu víðlesins dagblaðs viðeigandi og réttlát ef þannig háttaði til að ritstjórarnir væru vitni í sakamáli.

Yfirheyrðir. Ritstjórar DV flæktir í meint kynferðisbrotamál.

Á haustmánuðum 2011 var forsíðufrétt í DV sem var sama marki brennd, en á forsíðunni var mynd af Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, sem þakti 3/4 hluta forsíðunnar. Yfir forsíðuna var skrifað með stríðsletri BJARNI BEN YFIRHEYRÐUR, en yfirfyrirsögn forsíðunnar var Ákærur yfirvofandi í Sjóvár-málinu. Í undirfyrirsögn á forsíðu kom síðan fram að formaður Sjálfstæðisflokksins væri vitni í málinu.

Hér er forsíðunni augljóslega ætlað að skapa þau hughrif hjá lesendum að Bjarni Benediktsson sé með réttarstöðu sakbornings vegna lögreglurannsóknar á svokölluðu Sjóvár- eða Vafningsmáli og að hann verði senn ákærður. Ef tilgangur DV var annar þá hefði hin risavaxna mynd að sjálfsögðu verið af þeim aðilum sem eru með réttarstöðu sakbornings í málinu og verða hugsanlega ákærðir. Það er því augljóst að annarleg sjónarmið réðu framsetningu fréttarinnar á forsíðu DV í umrætt skipti eins og virðist reyndar vera með allan fréttaflutning DV af málinu, en blaðið virðist ekki þreytast á því að endurbirta í sífellu sömu fréttina af málinu, alltaf með Bjarna Benediktsson í forgrunni, sem er sérkennilegt þar sem hann er vitni í málinu en ekki sakborningur. Það er mál að linni.




Ráðgjöfin verður veitt sunnudaginn 18.mars frá 11:00-17:00 í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1 í Sólinni (aðalbyggingu) og eru allir velkomnir.

**Hvað þarf að hafa meðferðis?**

- Lykilorð og auðkennislykil til að komast inn í heimabanka
- Veflykil inn á rsk.is
- Verktakamiða síðasta árs (ef við á)

LÖGRÉTTA Félag laganema við Háskólann í Reykjavík · KPMG · Arion banki · HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

30% afsláttur
**1189** kr. kg
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísasnitsel

30% afsláttur
**1189** kr. kg
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísagúllas

# KJÖTVEISLA!

20% afsláttur
**1598** kr. kg
Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Lambalærissneiðar, New York marinerað

20% afsláttur
**1278** kr. kg
Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Lambasirloinsneiðar

20% afsláttur
**1198** kr. kg
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Lamba grillleggir

8 í pk.
**339** kr. pk.
Grite Komforto wc pappír, 8 stk. í pk.

6 pör í pakka
**999** kr. pk.
Home Plus sokkar, 3 hvítir og 3 svartir, st. 31-46, 6 í pk.

**4995** kr. stk.
Babyliss hárklippisett, herra

**765** kr. stk.
Nivea aftershave Balm

GJAFAKORT KRÓNAN

## Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

# Nýtt kortatímabil!

30% afsláttur



**1598** kr. kg
Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir, erlendar

20% afsláttur



**1998** kr. kg
Verð áður ~~2498~~ kr. kg
IM ferskar kjúklingabringur



**898** kr. kg
Lambasúpukjöt, 1. flokkur



**1198** kr. kg
Kjúklingur m/lime & rósmarín



**559** kr. stk.
Ajax hreingerningalögur



**999** kr. stk.
Lenor þvottaefni, 6 tegundir

## ávaxta-markaður Krónunnar

Veldu einhverja tíu ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar, settu þá í poka eins og þennan og borgaðu aðeins 390 kr.

AÐEINS 39 kr. STYKKIÐ





Gættu þess að láta ávaxtafjöldann standa á heilum tug.
Stykkjaverð er 49 kr. ef ekki er verslað á heilum tug.



KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Eiga Suðurnes að bera ímynd 19. aldar iðnvæðingar?

Orkumál
Magnús Rannver Rafnsson
lektor í verkfræði við HiST University College í Þrándheimi



Stálgrindarmöstur eins og þau sem Landsnet hyggst reisa á Reykjanesskaganum eru táknmynd liðinna tíma. Þau byggja í grunninn á sömu verkfræði og notuð var við hönnun og byggingu Eiffel turnsins. Byggingu Eiffel turnsins lauk árið 1889 og hefur ýmislegt breyst í heiminum síðan þá – líka í verkfræði. Fyrir mörgum áratugum var litið á stálgrindarmöstur og háspennulínur með stolti, þau tilheyrðu kennileitum þróaðra ríkja – táknmynd iðnvæðingarinnar og vitnisburður um nútímaverkfræði síns tíma. Það eru í dag aftur á móti sterk tengsl milli þeirrar neikvæðu ímyndar sem stálgrindarmöstur hafa og þeirrar tegundar verkfræði sem býr að baki.

Í þessu samhengi er athygli vert að horfa nokkra áratugi aftur í tímann eða til upphafs 20. aldarinnar. Þá byggðu brúarmannvirki og háspennumöstur – hvort fyrir sig mikilvægir þættir í flutningskerfi – á sömu stálgrindaverkfræðinni og þótti fínt. Á meðan brúarverkfræðin hefur síðan þá þróast langt frá stálgrindaverkfræðinni hefur verkfræði háspennumastra staðið í stað. Brúarmannvirki og brúarverkfræði hafa jafnframt í gegnum tíðina haldið sinni jákvæðu ímynd, sem jafnframt er athygli vert. Ástæður þessa verða ekki raktar hér, ekki rúm til þess. Hins vegar má í þessu samhengi velta fyrir sér af hverju Danir notuðu ekki stálgrindur undir vindmyllurnar sínar. Hvítar vindmyllur í einföldu formi eru í dag jákvæð táknmynd nútímaverkfræði og tæknivæðingar sem vinnur með umhverfinu. Þessi ímynd er notuð (og misnotuð) víða í markaðssetningu sem undirstrikar hversu sterk hún er.

Staðan sem við stöndum nú frammi fyrir á sviði raforkuflutningskerfa er að því er virðist dæmigert afsprengi fákeppni og einokunar á markaði, hér á sviði tækni og verkfræði. Fámennur hópur manna stjórnar ferlinu – og hefur lengi gert – með sérhagsmuni að leiðarljósi, nú í síauknum mæli á kostnað almennings. Kommúnistaríkin urðu á sínum tíma að horfast í augu við vandamál sem sprottin voru af sama meiði þegar tímar kommúnisma liðu undir lok; einokun og fákeppni hamlar þróun.

> Mótmælin í Vogum eru í fullkomnu samræmi við sambærileg mótmæli sem eiga sér stað í síauknum mæli...

Það sem almenningur og sveitarstjórnarfólk almennt virðist minna upplýst um er að það eru aðrar lausnir til á raforkuflutningi en þær sem Landsnet kynnir, við getum kallað þær þriðju leiðina. Um er að ræða umhverfisvænar lausnir sem byggja á nútímaverkfræði, lausnir sem jafnframt eru hagkvæmar sé rétt staðið að málum. Kynningarferli Landsnets eru hönnuð með þarfir fyrirtækisins í huga, sem virðast stjórnast af skammtímasjónarmiðum – hámörkun skammtímahagnaðar líkt og um einkafyrirtæki væri að ræða. Af hverju að færa sig frá því sem maður þekkir svo vel – og er sérfræðingur í – breytingar gætu mögulega haft „óþarfa“ aukakostnað í för með sér fyrir fyrirtækið þótt slíkt gæti komið betur út fyrir samfélagið þegar til lengri tíma er litið.

Er óeðlilegt að ætla að fyrirtæki í almenningseigu taki tillit til almannahagsmuna?

### Mótmælin í Vogum

Mótmælin í Vogum eru í fullkomnu samræmi við sambærileg mótmæli sem eiga sér stað í síauknum mæli víða í heiminum, enda eru stálgrindarmöstur fulltrúi þeirrar sjónmengunar sem raforkuflutningskerfi valda. Nokkrar þjóðir hafa áttað sig á þessu, þar á meðal Finnar og Danir. Nú hafa Vogarnir bæst í hópinn og ber það vott um framsýni og hugrekki til þess að standa vörð um það sem er raunverulega verðmætt.

Ofureflið er mikið þótt fáir standi þar að baki. Forstjóri fyrirtækisins Landsnets hefur skv. lögum hönnun, stjórnun og skipulagningu raforkuflutningskerfa í sínum höndum á Íslandi. Ný orkustefna iðnaðarráðuneytisins tekur því miður ekki betur á þessum málum, heldur þvert á móti gefur forstjóra Landsnets svo gott sem haftalaust frelsi til að haga þessum málum eins og hentar Landsneti og hagnaðarsjónarmiðum þess best.

Hversu mikill þarf hagnaðurinn að vera?

***Síðari hluti greinarinnar birtist á næstu dögum.***

# Lýðræði okkar er berskjaldað

Lýðræði
Frosti Sigurjónsson
rekstarhagfræðingur



Kjósendur fá sífellt fleiri tækifæri til að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslum, sem er gott. En um leið er orðið mjög brýnt að setja lög gegn því að valdi og fjármagni verði beitt til að skekkja grundvöll lýðræðisins.

Fjársterkir aðilar hafa forskot á þá efnaminni þegar kemur að því að fjárfesta í markaðssetningu skoðana. Ef við viljum ekki að aðgangur að fjármagni geti ráðið úrslitum í þjóðaratkvæðagreiðslum þarf að setja lög sem jafna leikinn.

Erlend stjórnvöld og alþjóðafyrirtæki geta hæglega yfirgnæft lýðræðislega umræðu í jafn fámennu landi og okkar, nema slík inngrip verði bönnuð með lögum.

Því miður virðist þó einna brýnast að takmarka svigrúm ríkisvaldsins til að beita sér. Í aðdraganda þjóðaratkvæðis um Icesave III, fór ríkisstjórnin í mikla herferð um landið og hvatti kjósendur til að samþykkja lögin. Bæklingur var sendur á öll heimili, en áður var beiðni Advice hópsins um að bæklingurinn innihéldi bæði með- og mótrök hafnað.

Á móti ríkisvaldinu fór fámennur hópur sjálfboðaliða sem lagði nótt við dag til þess að koma andmælum á framfæri við landsmenn. Ríkisstjórnin stýrði öllum tímasetningum og sá sér hag í því að skammta sem fæsta daga til andmæla. Beiting ríkisvaldsins með þeim hætti sem hér er lýst er í raun ofbeldi gagnvart lýðræðinu í landinu.

Aðildarsamningur að ESB mun verða settur í þjóðaratkvæði. Bæði Já- og Nei-hreyfingar hafa sprottið upp og kynnt sín sjónarmið á jafnréttisgrundvelli. En ríkisstjórnin hefur nú þegar afbakað lýðræðið með því að leyfa ESB að verja hér yfir tvö hundruð milljónum til einhliða kynningar. Það er margfalt meira fé en já- og nei-hreyfingar hafa úr að spila. Ríkisstjórnin hefur greitt fyrir því að ESB veiti milljörðum inn í landið í formi aðlögunarstyrkja. Opinberir starfsmenn þiggja veglegar boðsferðir ESB til Brussel. Í ljósi þess að framundan er þjóðaratkvæðagreiðsla um málið, er augljóst að þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru löngu komnar út fyrir velsæmismörk. Ríkisstjórnin beitir ríkisvaldinu skefjalaust til að móta skoðanir lykilfólks og almennings í þágu aðildar.

> Ríkisstjórnin beitir ríkisvaldinu skefjalaust til að móta skoðanir lykilfólks og almennings í þágu aðildar.

Lýðræði okkar heldur vonandi áfram að aukast og þróast en það er ennþá of berskjaldað fyrir valdi og fjármagni. Úr því þarf að bæta með lögum. Beint lýðræði er tækifæri fyrir landsmenn til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum og móta hér betra samfélag, en það mun kalla ógæfu yfir þjóðina verði lýðræðinu leyft að snúast upp í kapphlaup þar sem óbeislað vald og fjármagn fær að ráða úrslitum.

HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR | 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN
ms
PRÓTEINDRYKKURINN SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF
NÚ EINNIG MEÐ BRÓMBERJABRAGÐI


ÍSLENSKA SIA.IS MSA 58699 03/12
MS.IS

# VORTILBOÐ

**25-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 25% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**

## FERMINGARTILBOÐ

**Á HEILSURÚMUM - VERÐ 120X200 FRÁ KR. 79.442**

Rúm Gott

**Öllum fermingarrúmum fylgir dýnuhlíf, lak og sængurver.**

**Gjafapakki að verðmæti kr. 17.500,-**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# Hvorki Kanadadal né íslenska krónu

Fjármál



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Smám saman þrengist umræðan um gjaldmiðilsmál okkar. Flestir málsmetandi menn eru komnir á þá skoðun að ekki verði lifað áfram við íslensku krónuna. Þrátt fyrir gjaldeyrishöft fellur gengi hennar áfram og það styttist í að því gengi verði náð sem erlendir bankar settu á krónuna strax eftir hrunið. Greiningadeild ein spáir því að gengi krónunnar eigi eftir af falla enn umtalsvert næstu árin og óróleiki á gjaldeyrismarkaði muni halda áfram. Þetta segir okkur að þrátt fyrir strangar gjaldeyrishömlur er ekki hægt að halda gengi krónunnar stöðugu. Hún hefur engan grunn til að fóta sig á.

Þessu til viðbótar skulum við muna að á sveimi heima og erlendis eru yfir 400 mrð. IKR – svokallaðar aflandskrónur – sem bíða eftir því að verða breytt í gjaldeyri. Þegar það gerist mun það trauðla róa gjaldeyrismarkaðinn eða hækka gengi krónunnar. Gengi IKR er beintengt inn í vísitöluna og þar með við lán almennings og fyrirtækja. Þessi lán munu því hækka ótæpilega næstu árin um leið og greiðslugeta lántaka rýrnar ört. Þetta myndi þýða stórtæka gjaldtöku á almenning og víðtæk gjaldþrot, til viðbótar því sem þegar er orðið.

Mun örðugra yrði að glíma við þetta síðara hrun en það fyrra, því svigrúmið nú er minna. Hrun krónunnar er borgað af almenningi, sérstaklega þeim sem tekið hafa verðtryggð lán. Sveigjanleiki krónunnar er ekki kostur eins og sumir vilja vera láta, heldur versti bölvaldur almennings. Núverandi gjaldmiðill er stærsti vandi þjóðarinnar. Hann verður ekki leystur nema skipta krónunni út.

### Árangur íslenskrar hagstjórnar

Þó segja sumir, m.a. hagfræðiprófessorar, að við getum haldið í krónuna með aðhaldi í hagstjórn. Fræðilega má færa ýmis rök fyrir því, þótt það myndi aldrei loka fyrir spákaupmennsku um slíka örmynt. Hagstjórnin yrði því að vera mun aðhaldssamari en með annan gjaldmiðil vegna þess að krónan yrði að sýna ofurstyrk á mörkuðum, ef hún yrði gefin frjáls. Meginrökin gegn þessari hörðu hagstjórn eru þó afleit reynsla okkar til margra áratuga af hagstjórnarvilja íslenskra stjórnmálamanna. Þegar krónan var tekin upp á árunum 1922 til 26 var gengi hennar jafnt gengi dönsku krónunnar. Nú kostar hver dönsk króna u.þ.b. 23 IKR, þó hafa tvisvar verið tekin núll aftan af IKR. Með grófri nálgun má segja að gengi DKR móti IKR sé 2.400. Þetta er árangur íslenskrar hagstjórnar í 85 ár.

Vissulega er hagþekking meiri nú en fyrr, og hér búa fjölmargir sérfræðingar sem búa yfir góðri þekkingu. Að því leyti stöndum við ekki illa. Hins vegar er mikil brotalöm á íslenskum stjórnmálum. Þar víkur almannahagur gjarnan fyrir sérhagsmunum og mun svo að öllum líkindum verða áfram. Íslensk stjórnmál eru í fjötrum sérhagsmuna auðlindaatvinnuvega og kjördæma. Ekkert bendir til þess að sérhagsmunagæsla sé á undanhaldi. Hrunið megnaði ekki einu sinni að hrófla við henni. Þarna er fyrst og fremst fámenni okkar um að kenna. Stjórnmálamenn eru of veikburða gegn ágengum og nálægum sérhagsmunum sem tengdir eru við kjósendur í gegnum kjördæmi með útblásinn kosningarétt. Auðlindaatvinnuvegir, einkum landbúnaður og sjávarútvegur, hafa í krafti handhafnar þeirra á íslenskum auðlindum ofurtök á íslensku efnahagslífi.

Ef sjálfstæð króna á að eiga framtíð í heimi vaxandi hnattvæðingar og samrunaferlis þjóðríkja í öflugri efnahagsheildir, þyrftum við að umskera starfsgrundvöll fyrrnefndra atvinnuvega, hækka vexti enn frekar og skera niður ríkisútgjöld. Fyrir því er hvorki vilji né geta hjá íslenskum stjórnmálaflokkum. Þarna vita fjölmargir stjórnmálamenn og vilja því hafa gúmmígjaldmiðil áfram sem veltir röngum ákvörðunum þeirra yfir á almenning, án þess að til erfiðra lagasetninga þurfi að koma.

### Kanadadalur

Fyrir nokkrum misserum kom upp umræða um að við tækjum upp norska krónu. Það voru einkum Vinstri græn sem töldu það eftirsóknarvert. Fljótlega kom í ljós að sá kostur var illa ígrunduð flóttaleið. Vellauðuga olíuríkið Noregur, sem við eigum engin meiriháttar viðskipti við, reyndist ekki heillavænlegur kostur. Næsti flóttafleki virðist vera Kanadadollar. Hann er gjaldmiðill þjóðar sem við eigum hverfandi viðskipti við og endurspeglar á engan hátt íslensk utanríkisviðskipti.

Upptaka hans myndi leiða til mikils viðskiptakostnaðar, því skipta þarf honum öllum yfir í annan gjaldmiðil í öllum okkar erlendu viðskiptum. Við værum mun betur settir með danska krónu á ný líkt og Færeyingar. Upptaka Kanadadals er víðs fjarri hagsmunum landsins og er aðeins ný, heldur kjánaleg hugmynd til að flýja undan þeim veruleika, sem blasir við.

Fylgismenn þessarar hugmyndar segja að þetta geti verið millilausn, við getum svo skipt um aftur þegar um hægist. Halda menn virkilega að upptaka nýs gjaldmiðils sé eins og að skipta um nærföt? Nýjan gjaldmiðil taka menn ekki upp nema brýna nauðsyn beri til, því það er kostnaðarsamt og getur auðveldlega skekkt hagkerfið með óvissri útkomu. Ef taka verður upp nýjan gjaldmiðil er aðeins sá gjaldmiðill raunhæfur, sem endurspeglar erlend viðskipti okkar best, með seðlabanka þar sem við getum fengið aðstoð til þrautavara fyrir banka landsins. Þessi gjaldmiðill er evran. Allt annað er hættulegur blekkingarleikur.

> Halda menn virkilega að upptaka nýs gjaldmiðils sé eins og að skipta um nærföt? Nýjan gjaldmiðil taka menn ekki upp nema brýna nauðsyn beri til, því það er kostnaðarsamt og getur auðveldlega skekkt hagkerfið með óvissri útkomu. Ef taka verður upp nýjan gjaldmiðil er aðeins sá gjaldmiðill raunhæfur, sem endurspeglar erlend viðskipti okkar best...

# Hverjir eiga rétt á sérstökum húsaleigubótum?

Samfélagsmál



Grétar Pétur Geirsson
formaður Sjálfsbjargar – Landssambands fatlaðra

Sveitarfélögum er skylt samkvæmt lögum að greiða húsaleigubætur. Þær eru greiddar tekjulágum leigjendum. Tekjur og eignir hafa áhrif á bætur. Fjármögnunin er í höndum ríkisins og jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sveitarfélögin sjá um afgreiðslu húsaleigubóta. Grunnfjárhæðir voru óbreyttar frá árinu 2000 til 2008. 1. apríl 2008 hækkuðu húsaleigubæturnar og hækkuðu hámarks húsaleigubætur um 48%.

### Sérstakar húsaleigubætur

Sveitarstjórn getur tekið ákvörðun um að borga hærri húsaleigubætur sem viðbót við almennar húsaleigubætur og er þá um sérstakar húsaleigubætur að ræða. Umsækjendur þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um tekjur og eignir, einnig þarf viðkomandi að sýna fram á að hann eigi við sérstakan félagslegan vanda að stríða.

Það er ekki skylda sveitarfélaga að greiða sérstakar húsaleigubætur. Það eru einungis 20 af 76 sveitarfélögum sem greiða þær. Nú ber að hafa í huga að þessum sérstöku húsaleigubótum var komið á í tengslum við gerð kjarasamninga 2008 og það hlýtur að skjóta skökku við að öryrkjar skuli ekki ná þessum bótum. Öryrkjar er sá hópur sem minnst bar úr býtum við þessa samninga.

### Það fá ekki allir sérstakar húsaleigubætur

Það er ekki nóg í öllum tilfellum að uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk. Eitt af skilyrðum er að um sé að ræða leiguíbúð á frjálsum markaði eða leigu hjá félagsbústöðum. Leigjendur hjá Brynju hússjóði Öryrkjabandalags Íslands, sem á og rekur 700 til 800 íbúðir, uppfylla ekki skilyrði um sérstakar húsaleigubætur. Þar er um að ræða sérstakt leiguúrræði fyrir öryrkja og uppfylla þar af leiðandi ekki þau skilyrði sem sett eru fyrir því að fá sérstakar húsaleigubætur.

### Ákvæði sem mismunar leigjendum gróflega

Í langflestum tilfellum eru þeir sem leigja hjá ÖBÍ (Brynju hússjóði) eingöngu með örorkubætur og uppfylla því skilyrði fyrir sérstökum húsaleigubótum um tekju- og eignamörk, en vegna þess að Brynja hússjóður leigir einungis öryrkjum þá eiga þeir ekki rétt á þeim. 30% af leigjendum félagsbústaða í Reykjavík eru öryrkjar og fá þeir sérstakar húsaleigubætur. Þess vegna sækja öryrkjar í meira mæli inn í það kerfi – eðlilega.

### Sjálfsbjörg krefst þess að allir sitji við sama borð

Það sjá allir að við þetta verður ekki unað. Sjálfsbjörg krefst þess að allir sitji við sama borð og hafi sama rétt og aðrir þegar kemur að þessu almenna bótakerfi. Annað er gróf mismunun og stenst enga skoðun að mínu mati. Sjálfsbjörg skorar á ráðamenn að taka nú upp rauða pennann og strika yfir þetta ósamræmi og óréttlæti sem þessi reglugerð er. Rauðu strikin eiga að virka í báðar áttir, ekki bara þegar þarf að skera niður þjónustu við fatlaða, heldur einnig þegar um er að ræða svona grófa mismunun eins og fellst í þessu ákvæði um rétt til sérstakra húsaleigubóta.

> Sjálfsbjörg skorar á ráðamenn að taka nú upp rauða pennann og strika yfir þetta ósamræmi og óréttlæti sem þessi reglugerð er.

### Sveitarfélögin bera ábyrgð

Sveitarfélögunum ber skylda til að útvega fólki húsnæði sem hefur ekki tök á að kaupa eða leigja á almennum markaði. Nú er staðan þannig að með tilkomu Brynju hússjóðs hafa sveitarfélögin getað vikið sér undan því að uppfylla þessa skyldu sína. Þá vaknar sú spurning, hvar væri allt þetta fólk sem nú leigir af Brynju statt í dag ef Brynju nyti ekki við? Svona til upprifjunar, þá var staðan þannig áður en Brynja kom til, að þá hírðust margir öryrkjar í litlum herbergjum og geymslum víðs vegar um bæinn. Það sem ég er að segja með þessu er að Brynja hefur leyst mikið af þeim húsnæðisvandamálum sem annars hefðu lent á sveitarfélögunum og eiga heima þar strangt til tekið. Þess vegna skýtur það skökku við að þau sveitarfélög sem greiða sérstakar húsaleigubætur neiti að greiða því fólki sem leigir hjá Brynju þessar bætur.



# Hvers vegna er mikilvægt að gera sitt besta?


Menntamál



Bryndís Jónsdóttir
framkvæmdastjóri Samfoks



Oddný Sturludóttir
formaður skóla- og frístundaráðs


Í marsmánuði taka 10. bekkingar á landinu öllu þátt í PISA rannsókninni. PISA mælir kunnáttu 15 ára nemenda um allan heim í stærðfræði, lesskilningi og náttúrufræði. PISA er ekki próf sem nemendur undirbúa sérstaklega heldur mæling á hæfni og þekkingu ungmenna við lok skyldunáms. Það reynir á ályktunarhæfni, lesskilning og beitingu mismunandi aðferða. Niðurstöðurnar gefa okkur vísbendingar um hvar við stöndum vel og hvar síður og því betur sem nemendur leggja sig fram, því betri mynd af kunnáttu nemenda búum við yfir.

Undanfarin misseri hefur Reykjavíkurborg beint sjónum sínum sérstaklega að PISA, bæði niðurstöðunum og hvernig þær geta vísað veginn til öflugrar skólaþróunar. Borgin hefur stutt við samstarf faghópa kennara á unglingastigi og kennara úr Háskóla Íslands og stóraukið fræðslu um PISA og árangursríka kennsluhætti. Mikil áhersla hefur verið lögð á að auka vitund kennara, foreldra og nemendanna sjálfra um mikilvægi rannsóknarinnar fyrir reykvískt skólastarf. Skólayfirvöld í Reykjavík hafa frá fyrstu tíð unnið að þeirri vitundarvakningu í samstarfi við Samfok, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík. Rannsóknir hafa sýnt að engin ein breyta hefur viðlíka jákvæðari margföldunaráhrif til góðs fyrir árangur og vellíðan barna í skóla eins og jákvæð og hvetjandi viðhorf foreldra til náms barna sinna. En ekki bara til náms, heldur einnig til félagslífs, óformlegs náms og sköpunargleði.

Því hefur Reykjavíkurborg í samstarfi við grunnskóla, félagsmiðstöðvar og foreldra, blásið til hæfileikakeppni meðal 15 ára ungmenna, Písa Keik 2012. Þar gefst 10. bekkingum tækifæri til að láta ljós sitt skína í gegnum sköpun og listir. Við biðjum unga fólkið að íhuga með okkur svarið við spurningunni: Hvers vegna finnst þér mikilvægt að gera þitt besta? Við vitum að það stendur ekki á svörunum. Og við skulum leggja við hlustir.

# Andrés leynir á sér!


Menning



Jón Axel Ólafsson
stjórnarformaður og útgefandi Eddu útgáfu hf.


Mjög þörf umræða hefur verið um mikilvægi þess að börn og unglingar lesi sér til gagns og gamans. Samkeppnin um tíma barna verður sífellt meiri og fjölbreyttari. Tölvuleikir og netið virðast heilla meira en lestur bóka.

Af því tilefni langar mig að minna á hvað Disney gegnir drjúgu hlutverki þegar kemur að lestri íslenskra barna. Það er augljós staðreynd að Disney-bækur hafa löngum verið vinsælustu lestrarbækur barna á Íslandi. Bækur sem Edda útgáfa gefur út undir merkjum Disney hafa vakið áhuga barna á lestri og stuðlað að hæfni þeirra til að takast á við nám á síðari stigum.

Útgáfa barnaefnis er vandmeðfarin og því er ekkert gefið eftir í gæðum þegar efni frá Disney er annars vegar. Þýðingar á barnabókum eru þar með taldar. Til að mynda hefur hinn virti þýðandi Jón Stefán Kristjánsson þýtt Andrésblöðin sl. átta ár við miklar vinsældir. Aðeins fagfólk kemur að útgáfu bóka og blaða frá Disney og kröfur um rétt og gott málfar eru í öndvegi.

Eins og Jón Stefán þýðandi segir í viðtali við Egil Helgason í Kiljunni, þann 8. febrúar sl.: „… textinn í Andrés Önd er vel skrifaður. Stundum er hann – kviss, bamm, búmm – einfaldur og aðgengilegur en oft ögrar textinn börnunum og kennir þeim þannig að krakkarnir þurfa virkilega að einbeita sér að lestrinum“.

Bækur frá Disney eru jafnan í efstu sætum sölulista bóksala og útgefenda á hverju ári og gróflega áætlað eru um 60 til 70% af 10 efstu sætunum á hverju ári. Þá eru ekki teknar með bækur sem viðskiptavinir fá í áskrift.

Alls berast um 300 þúsund eintök af íslenskum Disney-blöðum og bókum til íslenskra barna á hverju ári. Eintakafjöldinn segir þó ekki alla söguna, því bækurnar og blöðin eru marglesin og ganga barna á milli, jafnvel árum og áratugum saman.

Samspil mynda og vandaðra þýðinga höfða einstaklega vel til barna og meirihluti þessa lesefnis er keyptur í gegnum einhverja hinna fjögurra Disney áskriftarleiða Eddu útgáfu. Því til viðbótar gefur Edda út fjölbreytt úrval annarra barnabóka á hverju ári og er stærsti útgefandi barnabóka hér á landi.

Andrés Önd, og Andrésblað hans, leynir á sér þegar kemur að lestri íslenskra barna. Þau drekka lesefnið í sig og tengja saman orð og myndir. Andrésblaðið hefur komið út á íslensku í 29 ár og ekkert tímarit hefur fleiri áskrifendur en Andrés Önd sem kemur út vikulega.

Börn þurfa gott lesefni. Foreldrar þurfa að hvetja börn sín til lesturs og lesa reglulega fyrir börnin sín. Við erum öll ábyrg fyrir því að börnin fái gott lesefni.




# tímamót

timamot@frettabladid.is



**DAVID CRONENBERG** leikstjóri er 69 ára í dag.

*„Ritskoðarar gera nákvæmlega það sama og geðsjúklingar: þeir rugla saman veruleika og blekkingu.“*

## Merkisatburðir 15. mars

44 f.Kr. Júlíus Sesar myrtur fyrir utan Öldungaráðið í Róm.

1493 Kristófer Kólumbus kemur til baka til Spánar úr fyrstu Ameríkuferð sinni.

1639 Brynjólfur Sveinsson verður biskup í Skálholti.

1905 Bæjarsíminn í Reykjavík formlega opnaður með fiðluleik í símann. Þá eru 15 talsímar í Reykjavík.

1953 Þjóðvarnarflokkur Íslands stofnaður.

1961 Suður-Afríka segir sig úr Breska samveldinu.

2003 Hu Jintao tekur við sem forseti Alþýðulýðveldisins Kína af Jiang Zemin.

2006 Bandarísk stjórnvöld tilkynna ríkisstjórn Íslands þau áform sín að kalla allar orrustuþotur sínar og björgunarþyrlur heim frá Keflavíkurflugvelli.

**ÞETTA GERÐIST:** 15. MARS 1956

## My Fair Lady frumsýnt á Broadway



Hinn heimsfrægi söngleikur My Fair Lady, sem byggir á sögu George Bernard Shaw um Pygmalion, var frumsýndur á Broadway 15. mars 1956 í Mark Hellinger-leikhúsinu. Tónlistin í verkinu er eftir Frederick Loewe og textinn eftir Alan Jay Lerner. Sýningin sló hressilega í gegn og varð sú sýning sem lengst hafði gengið á Broadway til þess tíma. Síðasta sýningin, hinn 29. september 1962, var númer 2.717.

Stjörnur sýningarinnar voru Rex Harrison og Julie Andrews, Moss Hart leikstýrði og Hanya Holm var danshöfundur. Plata með tónlistinni úr verkinu í flutningi stjarnanna varð söluhæsta platan í Bandaríkjunum árið 1956, en síðar á sýningarferlinu hættu þau Harrison og Andrews og í þeirra stað komu Edward Mulhare og Sally Ann Howes.

Harrison lék einnig í kvikmyndinni sem gerð var eftir verkinu en Julie Andrews varð að láta sitt hlutverk af hendi til Audrey Hepburn, jafnvel þótt Hepburn gæti ekki sungið.

## Málþing um Sigurð málara

Málþing um Sigurð Guðmundsson málara og menningarsköpun á Íslandi á árunum 1857-1874 verður haldið í Þjóðminjasafni Íslands á laugardag. Þingið hefst kl. 10 í fyrirlestrasal safnsins.

Verkefnið, undir forsjá Terry Gunnell þjóðfræðiprófessors við HÍ, er þriggja ára þverfagleg rannsókn styrkt af Rannís og er fyrsta starfsárinu nýlokið.

Á málþinginu verða kynntar hinar ýmsu hliðar verkefnisins og fyrstu niðurstöður, en meginmarkmið fyrsta ársins var að kanna tíðaranda tímabilsins, hugmyndafræðilegan bakgrunn Sigurðar málara og samstarfsfólks hans og ástand mála á hinum mörgu sviðum þar sem þau létu að sér kveða.



**TALAÐ UM SIGURÐ** Málþingið hefst í Þjóðminjasafni klukkan 10 á laugardagsmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BENEDIKT KARL GRÖNDAL:** LEIKSTÝRIR EIGIN LEIKGERÐ AF FRANKENSTEIN

# Lét skortinn á leikgerðum af Frankenstein ekki stöðva sig

Krakkarnir í Fúríu stungu upp á því að setja upp Frankenstein og mér fannst það frábær hugmynd. En þegar ég fór að leita að leikgerðum á íslensku komst ég að því að það var engin til,“ segir Benedikt Karl Gröndal leikstjóri sem í kvöld leikstýrir frumsýningu Fúríu, leikfélags Kvennaskólans í Reykjavík, á eigin leikgerð á hinni frægu sögu Mary Shelley um Frankenstein. „Ég ákvað að láta það ekki stoppa okkur og skrifaði leikgerð fyrir krakkana,“ heldur Benedikt áfram. „Og útkoman varð þetta verk okkar sem við frumsýnum í kvöld.“

Benedikt segist hafa breytt sögunni töluvert enda hafi hann skrifað leikgerðina með þarfir Fúríuhópsins í huga. „Þetta er mjög dramatísk saga en ég reyndi aðeins að létta hana og útkoman varð það sem við köllum ógnvænlegan gamanleik,“ segir hann. „Það eru nærri þrjátíu krakkar sem leika og ég reyndi að skrifa línur fyrir þau flest. Mér fannst mjög mikilvægt að allir sem hefðu áhuga fengju að vera með og það eru um fimmtíu krakkar í allt sem koma að sýningunni, því auk leikaranna er stór hópur baksviðs.“

Þetta er önnur sýningin sem Benedikt setur upp í framhaldsskóla, áður hefur hann leikstýrt Jóni og Hólmfríði hjá leikfélagi FB. En hvaða bakgrunn hefur hann? „Ég lærði leiklist í Commedia leiklistarskólanum í Kaupmannahöfn og útskrifaðist þaðan sem leikari árið 2009. Núna fyrir jólin var ég að leika með Grindvíska atvinnuleikhúsinu, Gral, en annars hef ég verið með annan fótinn úti í Danmörku og var til dæmis að leika í barnasýningu í Kaupmannahöfn síðasta sumar. Þótt ég sé lærður leikari hef ég líka mikinn áhuga á leikstjórn og bara öllu sem viðkemur leikhúsinu. Það snýst allt um að búa til góða sýningu,“ segir Benedikt Karl.

Eins og áður segir er frumsýning Fúríu á Frankenstein í kvöld klukkan 20 og er sýnt í Uppsölum, byggingu Kvennaskólans að Þingholtsstræti 37, gamla Verzlunarskólanum. Næstu sýningar verða 18., 19. og 21. mars.

fridrikab@frettabladid.is



**SÉRSNIÐIN LEIKGERÐ** Leikstjórinn Benedikt Karl Gröndal samdi leikgerðina af Frankenstein með þarfir Fúríuhópsins í huga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Herjólfsson**
Hvammsgötu 5, Vogum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 9. mars. Útförin fer fram frá Kálfatjarnarkirkju laugardaginn 17. mars kl. 14.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð.

**Ingibjörg Bjarnadóttir**
**Þorgrímur Ólafsson** **Klara Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún E. Guðmundsdóttir**
Lækjargötu 32, Hafnarfirði,

sem lést 8. mars síðastliðinn, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 16. mars nk. kl. 15.00.

**Margrét Magnúsdóttir** **Sigríður Harðardóttir**
**Sigríður Magnúsdóttir** **Einar Gylfason**
**Guðmundur Magnússon** **Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, mágkona og systir,*

**Sólveig Svava Weinel**
4927 Warfield Drive,
27406 Greensboro,
Norður Karólína, Bandaríkjunum,

lést á heimili sínu sunnudaginn 11. mars.

**Jim Weinel**
**Sigurður Sigurbjörnsson** **Elísabeth Sigurbjörnsson**
**Joan Love Gibbs**
**Sigrún Sigurðardóttir**
**Aðalheiður Sigurðardóttir**
**Gísli Sigurðsson**
**María Sigurðardóttir**
**Margrét Sigurðardóttir**



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og stuðning við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður og ömmu,*

**Guðrúnar Hjörleifsdóttur (Guggú).**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Ragnhildur Bergþórsdóttir** **Sigurbergur M. Ólafsson**
**Atli Bergþórsson** **Sólrún Helga Örnólfsdóttir**
**Eleonora Bergþórsdóttir**
**Hekla Mekkín, Hlynur Snær, Sindri Freyr og Alísa Rán.**



**KARLMENNSKUTÁKN**

**Yfirvaraskegg njóta ekki bara vinsælda á Íslandi. Þannig skörtuðu karlfyrirsætur myndarlegri mottu á sýningu Nuno Gama í Portúgal nýverið. Hönnuðurinn sýndi þar nýja haust- og vetrarlínu fyrir bæði kynin.**




SUNDBOLIRNIR LOKSINS KOMNIR

teg. BAHAMAS - klæðilegir með spöngum í D, DD, E, F, FF, G, GG, H, HH, J skálum á kr. 12.900,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur



Eirberg

Íþróttastuðningshlífar

BAUERFEIND®

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Kringlukast
10 - 40% afsláttur



Vertu vinur okkar á Facebook

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777




**NÝ LÍNA** Ragnheiður með teppi úr Knot-línunni sem verður til sýnis á HönnunarMars. MYND/STEFÁN

# ULL Í VÖRU ÁRSINS

**HANNAR ÚR ÍSLENSKRI ULL** *Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður sýnir teppi úr íslenskri ull nú á HönnunarMars. Á síðasta ári frumsýndi hún púða úr ull sem tímaritið Grapevine hefur valið sem vöru ársins 2012.*

Þetta er ótrúlega gaman. Ég er líka ánægð með þetta framtak hjá Grapevine til að vekja athygli á íslenskri hönnun," segir vöruhönnuðurinn Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir en tímaritið Grapevine valdi NotKnot-púðana hennar Vörulínu ársins 2012 á sunnudaginn var. Púðana framleiðir Ragnheiður úr íslenskri ull, hólkarnir eru prjónaðir hjá Glófa en henni er umhugað um að varan sé framleidd á Íslandi.

„Mér finnst frábært hvað ullarvinnslan hér er aðgengileg og ég mun örugglega halda mig við íslensku ullina áfram. Enn sem komið er sé ég sjálf um framleiðsluna á púðunum en þyrfti að koma henni á fleiri hendur," segir hún og bætir við að stefnan sé sett á að sýna púðana í Evrópu í ár. Þá er komin pöntun frá erlendri verslun fyrir utan Evrópumarkað sem selur skandinavískar hönnunarvörur. Ragnheiður vill þó ekkert gefa upp um hvaða verslun ræðir. „Það eru samningaviðræður í gangi og boltinn hjá þeim í bili."

Ragnheiður frumsýndi NotKnot á HönnunarMars í fyrra og í ár verður hún líka með vöru, unna úr íslenskri ull; teppi sem hún kallar Kot en hún hannar munstrið út frá þakflísum húsa. „Ég tek hluta úr kotinu og set í munstur. Ég er að útfæra fleiri munstur og í framhaldinu koma fleiri teppi. Á HönnunarMars mun ég sýna þrjú munstur, í fjólubláum tónum, bláum og bleikum."

Teppin sýnir Ragnheiður á sýningu Félags vöru- og iðnhönnuða í Brimhúsinu við Miðbakkann á HönnunarMars. Ragnheiður tekur líka þátt í sýningunni Óróar á Laugavegi 25 þar sem hún deilir vinnustofu með fleiri hönnuðum. Nánar á www.umemi.is. ■ rat

**NOTKNOT VARA ÁRSINS 2012**
HJÁ GRAPEVINE

***Úr umsögn dómnefndar: „Nýstárleg úrvinnsla á íslenskri ullinni. Frábært dæmi um handgerða vöru sem er um leið á viðráðanlegu verði."***




Fermingartilboð
Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

www.svefn.is



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum



VALHÖLL Ný hönnun
5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar

| Stærð | Verð | Tilboð |
| --- | --- | --- |
| 120x200 | 84.900 kr. | 79.900 kr. |

Verð með íslenskum botni og fótum

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

# GÖMLU KJÓLARNIR DREGNIR FRAM

**ELÍNBORG ÞORSTEINSDÓTTIR** *hefur saumað kjóla og starfað við fatabreytingar í áratugi. Hún segist finna fyrir vaxandi áhuga á að nýta vönduð, gömul föt.*

Fín síðkjólaböll eru ekki algeng hér á landi og Elínborg segir að íslenskar konur kjósi yfirleitt frekar stutta kjóla þegar þær fara á árshátíð. „Þó eru galakvöld hjá Frímúrurum og einstaka árshátíðir bjóða upp á síðkjóla. Þægilegir, stuttir kjólar eru vinsælastir og fleiri velja að hafa þá í áberandi litum. Appelsínugulur og ljósbleikur hafa verið vinsælir litir undanfarið. Doppótt efni eða með dýramynstri eru sömuleiðis eftirsótt. Einnig hef ég tekið eftir því að kvenlegir kjólar, eins og þeir voru um 1960, í anda Hollywood-stjarna eru vinsælir um þessar mundir. Konur koma gjarnan með gamla kjóla af ömmum sínum og biðja mig að breyta þeim. Ungar konur í dag eru hávaxnari en ömmur þeirra og langömmur svo oft þarf að lagfæra kjólana,“ greinir Elínborg frá.



**NÓG AÐ GERA** Elínborg saumar og hannar kjóla auk þess að lagfæra og breyta dömu- og herrafatnaði.

MYND/VALLI

### PASSA BUDDUNA

Elínborg stofnaði Saumsprettuna á níunda áratugnum en margir hafa leitað þangað í gegnum tíðina með fatalagfæringar. Einnig rak hún Saumnálina en nýlega opnaði Elínborg verslun og fatabreytingar á Skólavörðustíg 22 þar sem hún selur kjóla sem hún hefur hannað og saumað. „Ég er með kjóla til sýnis í búðinni en legg síðan áherslu á að sauma þá í réttri stærð fyrir viðskiptavininn. Hver kjóll er því sérsaumaður,“ segir Elínborg.

„Konur eru hagsýnar um þessar mundir. Þær vilja nota nýja kjólinn oftar en einu sinni og við ýmis tækifæri. Millifínir kjólar hafa því verið langvinsælastir. Það er greinilegt að fólk hugsar mikið um budduna og hvað sé hagkvæmast. Mjög mikið hefur verið að gera í minniháttar fatabreytingum eins og að stytta, síkka, þrengja, víkka eða gera annars konar breytingar. Fólk vill nýta það sem til er,“ segir Elínborg sem lagfærir herrafatnað jafnt sem dömufatnað. „Ef fötin eru úr gæðaefnum þá borgar sig að laga þau.“

### HERÐAPÚÐARNIR KOMA AFTUR

Elínborg saumar kjóla eftir óskum viðskiptavinarins sé þess óskað. Þegar hún er spurð um dragtir segist hún vita til þess að kvenjakkar með breiðum öxlum séu að ryðja sér til rúms úti í heimi. „Ég hef þó ekki orðið vör við herðapúðana hér á landi,“ segir hún. „Dóttir mín, Margrét Sigríður Valgarðsdóttir, er að ljúka námi í fatahönnun og var í starfsnámi í París í haust en þar sá hún þessa nýju jakkatísku,“ segir Elínborg. ■ elin



## STUTT HÁR ER MÁLIÐ

■ **GOTT AÐ BREYTA TIL** Sítt hár hefur verið lengi í tísku en nú fer það að styttast hjá þeim sem fylgja tískunni. Klippingin 2012 nefnist Bob, hárið er jafnsítt og nær niður fyrir eyru. Þessi hársídd er þægileg þar sem hægt er að krulla hárið eða setja það upp í greiðslu. Hársérfræðingar segja að klippingin henti öllum konum, hún sé sportleg og falleg. Vísað er til Charlize Theron sem hefur valið þessa klippingu.

Bob-tískan er ekki ný. Hún hefur alltaf verið vinsæl og þekktist fyrst fyrir níutíu árum. Síða hárið verður þó áfram líka.













**SUMARLEG**
Nicole Richie í gulum kjól með mynstruðu belti.
NORDICPHOTOS/GETTY

# ÓLMAR Í ÓLAR

**VINSÆLT** *Til að brjóta upp eintóna kjóla hefur oft reynst vel að velja við þá belti í öðrum lit. Stjörnurnar í Hollywood hafa undanfarið nýtt sér þetta ráð óspart við hin ýmsu tækifæri. Nicole Richie sást í sólgulum kjól frá Thakoon sem hún bar með mynstruðu belti og Mila Kunis hressti upp á bleikan kjól frá Dior með svörtu leðurbelti. Fleiri leikkonur hafa nýtt sér þennan möguleika eins og myndirnar sýna.*



**KLASSÍSK**
Ginnifer Goodwin í kjól sem minnir á sjötta áratuginn og með gyllt belti.



**FLOTT Í SVÖRTU**
Leikkonan Sarah Paulson mætir á frumsýningu í svörtum kjól með brúnu belti.



**MJÓTT BELTI**
Emily Blunt er með gullhring um sig miðja.

**FÖLBLEIKUR**
Mila Kunis mætir á tískusýningu hjá Dior Ready to wear í París í byrjun mars.





LAGERSALAN
hjá Hafnhildi
Í FULLUM GANGI!

Þýsk og dönsk gæðavara á ótrúlegu verði
70–90% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
FATNAÐI OG SKÓM!
Vorum að taka upp dragtir á Lagersöluna!

Einnig fatnaður úr TUZZI í Kringlunni
DRANELLA • CULTURE • ULDAHL
Stærðir 34 – 46

2. hæð Engjateigi 5
Opið: Fim. og föst. 12-18. Laug 10-16

# FLOTTAR MOTTUR

*Fjölmargir karlar hafa vakið athygli fyrir fallegt skegg í gegnum tíðina. Í tilefni af mottumars er við hæfi að minnast nokkurra.*

- Nóbelsverðlaunahafinn Albert Einstein skartaði myndarlegu yfirvaraskeggi öll sín fullorðinsár. Eftir því sem árin færðust yfir varð svart skeggið grásprengt og þótti hæfa vel ímynd hins fluggáfaða og sérvitra vísindamanns.
- Leikarann viðkunnanlega Charlie Chaplin þekkja flestir en um það er gjarnan deilt hvort kúluhatturinn eða vel snyrt yfirvaraskeggið hafi verið hans helsta einkennismerki. Flestir eru þó sammála um að skegg Chaplins minni á ónafngreindan einræðisherra enda gerði leikarinn sjálfur óspart grín að samanburðinum.
- „Tryllingslegt“ yfirvaraskegg listmálarans Salvadors Dali þykir vera með eindæmum flott. Til marks um það hafa 6.956 manns látið í ljós ánægju sína með Facebook-síðu helgaða skeggi hans með því að „líka“ hana.
- Leikarinn Tom Selleck var mikið kyntákn í upphafi 9. áratugar síðustu aldar. Aðdáendur féllu hreinlega í ómegin þegar mottan og loðin bringan birtust á sjónvarpsskjánum.
- Ýmsir íslenskir menn eru þekktir fyrir fallegar mottur. Í þann flokk mætti klárlega setja Sigurð Pálsson skáld, Magga Lego tónlistarmann, Þórarin Jón Magnússon ritstjóra, Símon Birgisson gagnrýnanda og Helga Pétursson tónlistarmann svo fáeinir séu nefndir.



**MEÐ ALLT Á HREINU** Gagnrýnandinn Símon Birgisson er einn þeirra íslensku karla sem hafa í gegnum tíðina látið sér vaxa myndarlega mottu.

## SÓLGLERAUGU Í ANDA MARILYN MONROE



**SÓLGLERAUGNATÍSKAN Í SUMAR ER AFTURHVARF TIL ÁRSINS 1955 ÞEGAR KONUR GENGU MEÐ „KISUGLERAUGU“ Á NEFINU. GLERAUGUN ERU STÓR UM SIG EN LAGIÐ MINNIR Á KATTARAUGU. MARILYN MONROE VAR EIN ÞEIRRA SEM GENGU MEÐ SÓLGLERAUGU Í KISUUMGJÖRÐ. SÖMU SÖGU MÁ SEGJA UM STJÖRNURNAR AUDREY HEPBURN OG GRACE KELLY.**



# FRUMSÝNA FYLGIHLUTI ÚR SKORNU LEÐRI

**NÝ LÍNA** *Vöruhönnuðurnir Bylgja Rún Svansdóttir og María Kristín Jónsdóttir hafa hannað fylgihlutalínu úr skornu leðri sem þær kalla Stöku. Sýning á línunni verður opnuð í 38 þrepum þann 22. mars í tengslum við Hönnunarmars.*

Við erum að sýna nýja fylgihlutalínu úr leðri sem er skorið og mótað í hálslín, slifsi og þverhnýti,“ segir Bylgja Rún Svansdóttir vöruhönnuður sem ásamt Maríu Kristínu Jónsdóttur vöruhönnuði opnar sýningu í 38 þrepum við Laugaveg næstkomandi fimmtudag í tengslum við Hönnunarmars. „Við byrjuðum að vinna saman í haust og afraksturinn varð þessi fylgihlutalína sem ber heitið Staka,“ útskýrir Bylgja Rún. „Þetta eru alls kyns slaufur, hálsbindi og fleiri hálshnýti, alls átta mismunandi útfærslur sem ætlaðar eru fyrir bæði kynin.“

Það var áhuginn á óhefðbundnum efnum og aðferðum við skartgripa- og fylgihlutahönnun sem varð til þess að þær Bylgja Rún og María Kristín hófu samstarf en áður höfðu þær meðal annars gert skartgripalínur hvor fyrir sig og Bylgja Rún hafði vakið athygli fyrir kryddjurtapottinn GrowMe. „María var að sýna hálsmenin sín sem kallast Þráður í fyrra í Spark Design Space þar sem ég var að vinna og selja krossviðarhringina mína, Flóru,“ segir Bylgja Rún. „Við förum að ræða saman um áhugasvið okkar og ákváðum í framhaldi af því að hefja samstarf. Það hefur gengið ótrúlega vel og við ætlum að halda áfram að vinna saman meðfram eigin hönnun.“

Þær stöllur eru báðar útskrifaðar frá Listaháskóla Íslands og hönnun þeirra má kynna sér á heimasíðunum bylgja.com og mariakristin.com, auk þess sem hálsmen úr línunni Þráðum eftir Maríu Kristínu er að finna á skartgripasýningunni Rótum sem stendur yfir í Hafnarborg.

Opnunarhóf sýningarinnar verður haldið í 38 þrepum fimmtudaginn 22. mars frá klukkan 16 til 18. Sýningin verður síðan opin á sama tíma og verslunin til 1. apríl. **fsb**



**SAMSTARF** Bylgja Rún Svansdóttir og María Kristín Jónsdóttir hafa í sameiningu hannað fylgihlutalínuna Stöku sem þær munu sýna í 38 þrepum á Hönnunarmars. Hálslínið er í átta mismunandi útfærslum og hentar fyrir bæði kynin.
MYNDIR/ANTON







## ÓVINSÆL UMMÆLI

**EKKI GALLABUXUR EF ÞÚ ERT ORÐIN FERTUG** Leikkonan Joan Collins segir að konur yfir fertugu ættu ekki að klæðast gallabuxum, það sé púkalegt. Leikkonan lét þessi orð um gallabuxur falla í morgunþætti á BBC. Hún bætir því við að ef konur vilji endilega klæðast gallabuxum þá ættu þær að vera dökkbláar eða svartar og notast við fallegan, þröngan bol eða jakka með klassísku sniði. „Konur þurfa að finna sinn eigin stíl. Flestar best klæddu eldri konur hafa fundið eigin stíl,“ segir Collins.

Collins sem er 78 ára gengur sjálf í gallabuxum en hún hefur lengi verið í afneitun gagnvart aldri sínum. Ýmis tískublöð hafa gert grín að orðum hennar og birt mynd af Collins í þröngum gallabuxum og leðurstígvélum. Þau benda á að hún ætti að fara eftir eigin heilræðum. Myndin var tekin af paparazzi-ljósmyndara þar sem leikkonan var á göngu.



INNHEIMTA
&REIKNINGAÞJÓNUSTUR

**Kynningarblað** Hagræði, sveigjanleg úrræði og góð ráð fyrir kröfuhafa og skuldara.

# Aukið hagræði og lægri kostnaður í innheimtu

**Momentum leggur áherslu á sveigjanleika og hagkvæm rafræn samskipti**

Momentum innheimtuþjónusta veitir alhliða þjónustu við innheimtu, allt frá útgáfu greiðsluseðils til löginnheimtu. Momentum, sem tók til starfa árið 2000, er í eigu þriggja lögmanna sem einnig starfrækja löginnheimtufyrirtækið Gjaldheimtuna, sem var stofnað árið 2003. Momentum starfar á fruminnheimtu- og milliinnheimtumarkaði en Gjaldheimtan á löginnheimtumarkaði. Hjá fyrirtækjunum starfa um það bil 30 starfsmenn, þar af fimm lögmenn. Höfuðstöðvar félaganna eru að Suðurlandsbraut 18 en auk þess starfrækir Momentum starfsstöð á Siglufirði þar sem starfa allt að fimm starfsmenn.

Milliinnheimta er viðurkenndur þáttur í rekstri fyrirtækja og stofnana, enda felst mikið hagræði í því að geta útvistað slíkri starfsemi til sérfræðinga og einbeitt sér að kjarnastarfsemi. Þannig fara saman hagsmunir kröfuhafa og greiðenda en markmiðið er að innheimtan sem slík raski ekki viðskiptasambandi fyrirtækis og viðskiptavina þess sem eiga tímabundið í erfiðleikum með að standa í skilum. Starfsfólk Momentum veitir upplýsingar og ráðgjöf um hvernig best er að haga innheimtumálum fyrirtækja og stofnana.



Milliinnheimta er viðurkenndur þáttur í rekstri fyrirtækja og stofnana, enda felst mikið hagræði í því að geta útvistað slíkri starfsemi til sérfræðinga og einbeitt sér að kjarnastarfsemi.

### Sveigjanleiki í fyrirrúmi

Milliinnheimtuferli Momentum er mjög sveigjanlegt en ferlið er skilgreint sérstaklega fyrir hvern og einn kröfuhafa í samningum milli félagsins og kröfuhafa; kröfuhafi hefur mjög mikið svigrúm til að laga innheimtuferlið að þörfum einstakra hópa viðskiptavina sinna. Þegar krafa berst til Momentum er henni stýrt í rétt ferli miðað við fyrirmæli kröfuhafa og fer fjöldi innheimtubréfa, símhringinga og tímalengd milli aðgerða eftir óskum kröfuhafa og mati hans á þörfum einstakra hópa viðskiptavina hans.

Momentum innheimtir kröfur sem stofnaðar hafa verið í innheimtukerfum bankanna. Kröfur eru stofnaðar samkvæmt reikningum frá kröfuhafa, annað hvort af kröfuhafa sjálfum með tengingu við vefbanka eða hjá Momentum, sem tekur þá við gögnum beint frá kröfuhafa. Vegna þess að krafan er til staðar í kröfupotti bankanna, þá sér greiðandi kröfuna í sínum heimabanka þar til hún hefur verið greidd. Rekstraraðilar geta stillt kerfi sín þannig að kröfur fari sjálfvirkt til innheimtu hafi þær ekki verið greiddar á eða eftir eindaga, eða valið að senda einstakar kröfur til Momentum eftir því sem þeim þykir sjálfum viðeigandi.

### Hagkvæm og auðveld rafræn samskipti

Mikil þróun hefur orðið á síðustu misserum í rafrænum samskiptum milli banka, rekstraraðila og innheimtufyrirtækja sem auðveldar uppgjör, upplýsingaflæði og öryggi við milliinnheimtu. Fyrir nokkrum árum var farið að bjóða upp á beina rafræna skiptingu greiðslna við uppgjör krafna í milliinnheimtu, en þetta skiptigreiðslukerfi er til mikilla hagsbóta fyrir alla aðila. Það þýðir að þegar krafa er greidd er henni skipt upp í bankanum og fær kröfuhafi strax höfuðstól og dráttarvexti kröfunnar inn á sinn reikning en Momentum fær áfallinn kostnað á sinn reikning. Momentum meðhöndlar þess vegna aldrei peninga kröfuhafa heldur koma þeir beint inn á reikning kröfuhafa eins og um hverja aðra greidda kröfu væri að ræða. Í þessu felst mikil hagræðing bæði fyrir innheimtuaðila og stjórnendur kröfuhafa, sem ekki þurfa lengur að sækja skilagreinar til Momentum.

### Réttarbót með nýjum lögum

Í upphafi árs 2009 tóku gildi innheimtulög sem voru til hagsbóta fyrir jafnt skuldara sem kröfuhafa, en tryggt er með lögunum að ekki er hægt að fara í kostnaðarsamar innheimtuaðgerðir án þess að greiðendum sé send að minnsta kosti ein aðvörun fyrirfram á lágmarksgjaldi. Sömuleiðis var tryggt með lögunum að innheimtufyrirtæki séu undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins eða annarra eftirlitsaðila. Momentum er undir eftirliti Lögmannafélags Íslands enda eingöngu í eigu lögmanna.

Nokkrir aðilar starfa við innheimtur en Momentum er meðal stærstu fyrirtækja á þessum markaði. Momentum greinir sig frá öðrum aðilum á sama markaði með ýmsum hætti. Fyrirtækið leggur til að mynda sérstaka áherslu á sveigjanleika bæði við greiðendur og kröfuhafa. Kröfuhafinn getur sjálfur ráðið innheimtuferlinu og valið hvaða úrræðum er beitt. Þá er lögð mikil áhersla á að koma fram af lipurleik og virðingu í innheimtunni sjálfri og semja um frágang mála við greiðendur, en sú aðferðafræði skilar að mati Momentum betri árangri til lengri tíma litið.

### Engin kostnaður kröfuhafa

Kröfuhafinn greiðir engan kostnað af þjónustu Momentum, engin árgjöld eða annan fastan kostnað. Þá greiðir kröfuhafi heldur engin skráningargjöld krafna, hlutfall af höfuðstól kröfu eða kostnað við að nýta sér skiptigreiðslukerfið. Almenn stefna Momentum er sú að kostnaður af innheimtum lendi á þeim sem stofnuðu til hans með því að greiða ekki kröfu á umsömdum tíma, en dreifist ekki almennt á alla viðskiptavini kröfuhafa. Þannig er tryggt að þeir sem standa skil á greiðslum á tilsettum tíma geti notið bestu kjara í viðskiptum sínum við kröfuhafa.



MOMENTUM
greiðslu- og innheimtuþjónusta

SVEIGJANLEG OG LIPUR INNHEIMTUÞJÓNUSTA

Hafðu samband, við leysum málin með þér!

Momentum greiðslu- og innheimtuþjónusta ehf. | Suðurlandsbraut 18, 108 Rvk. | Sími: 510 7700 | momentum@momentum.is

ARGUS 12-0056

### AÐ SEMJA VIÐ KRÖFUHAFA

**Á vef** Umboðsmanns skuldara www.ums.is er að finna ýmis góð ráð, til dæmis um hvernig best sé að semja við kröfuhafa.



Undirbúningur skiptir miklu máli og fólk verður að spyrja sig nokkurra spurninga áður en fundur er haldinn og fara yfir nokkur atriði.

Til dæmis: Hverjir eru hagsmunir þínir? Hvaða hluti viltu ræða og semja um?

Settu þér raunhæf markmið.

Skoðaðu vel samningsstöðu þína og möguleika. Skoðaðu allar lausnir vel og vandlega. Hvað finnst þér sanngjarnt?

Þegar kemur að samningafundinum er skynsamlegt að vera vel úthvíldur, jákvæður og gera ráð fyrir að komist verði að góðu samkomulagi. Það hjálpar aldrei að ákveða fyrirfram að samningar muni ekki nást.

### HVERJIR GETA AÐSTOÐAÐ?

**Allir geta** lent í erfiðleikum með fjármál sín. Til eru ýmis úrræði í samfélaginu til að takast á við vandann, en brýnast er þó að gera eitthvað strax í málunum. Á vefnum www.island.is er að finna sérstakan fjármáladálk. Þar er listi yfir aðila sem geta aðstoðað þegar fólk lendir í greiðsluerfiðleikum.

- Umboðsmaður skuldara veitir fólki sem á í greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa ráðgjöf. Ráðgjöfin felst í að aðstoða fólk við að fá yfirsýn yfir fjárhagsstöðuna eins og hún er í dag og leita leiða til úrbóta.
- Íbúðalánasjóður býður upp á nokkur úrræði vegna greiðsluerfiðleika. Helstu leiðir eru samningar, skuldbreyting, frestun á greiðslum og lenging lánstíma.
- Meðlagsgreiðandi getur leitað úrræða hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga vegna vanskila.
- Bankar og aðrar lánastofnanir og fjármálafyrirtæki veita ráðgjöf um leiðir til að leysa úr greiðsluerfiðleikum.
- Hægt er að sækja um réttaraðstoð til nauðasamninganefndar til að standa straum af kostnaði við að koma á nauðasamningi.





Upphringingar frá innheimtustofnunum vekja sjaldnast gleði skuldarans.

# Bannað að ræða skuldina við aðra

**Bandaríkin eru land lögsóknanna og til þess að verja innheimtufyrirtæki fyrir hættunni á lögsóknum skuldara hafa verið settar skýrar reglur um samskipti fyrirtækisins við þá. Hér er lítið brot af því sem ekki má.**

Í Bandaríkjunum kveða lög um innheimtustofnanir á um að ekki megi hringja í skuldarann beri hann kostnað af símtalinu. Þar eru einnig ákvæði um það á hvaða tímum sólarhrings er leyfilegt að hringja í innheimtuerindum, í hvern megi hringja og hvar. Hins vegar er leyfilegt að skrá í gagnabanka á hvaða tímum skuldarinn svari oftast í símann í þeim tilgangi að framtíðarsímtöl fari fram á þeim tíma.

Lögin eru mjög ítarleg og listinn yfir það hvað má og hvað ekki er langur. Fulltrúi innheimtufyrirtækis má til dæmis ekki nota ósæmilegt orðbragð, ekki hóta skuldaranum refsingum, verður að kynna sig með fullu nafni og fullu nafni þess sem hann hringir fyrir og síðast en ekki síst taka það fram strax í upphafi um hvað upphringingin snúist.

Til þess að fara á svig við þessa ströngu reglugerð hafa ýmis innheimtufyrirtæki tekið í sína þjónustu sjálfvirka upphringingu. Ákveðin skilaboð eru þá lesin inn á tölvu sem síðan er forrituð til að hringja í ákveðin símanúmer á vissum tímum. Með þessari aðferð komast skilaboð innheimtuþjónustunnar til skila án þess að átt sé á hættu að mannlegur breyskleiki geti valdið misskilningi eða brotum á reglugerðinni ströngu með tilheyrandi hættu á málsókn.

Mjög strangar reglur gilda einnig um það í hverja megi hringja til að hafa upp á skuldurum sem skipt hafa um heimilisfang og símanúmer og hvað megi segja í slíkum samtölum. Leyfilegt er að hringja í ættingja eða fyrrum nágranna og spyrjast fyrir um nýtt heimilisfang eða símanúmer skuldarans en alls ekki má minnast á að fyrirspurnin tengist skuld. Um skuldir einstaklings er einungis leyfilegt að tala við hann sjálfan, maka hans eða lögfræðing.

### AÐ SKULDA SKATTA OG GJÖLD



**Tollstjóri hefur** á verksviði sínu að innheimta skatta og gjöld.

**Gjaldfallnir skattar** eru aðfararhæfir og er því hægt að krefjast fjárnáms hjá þeim sem skuldar til að tryggja greiðslu þeirra eftir að greiðsluáskorun hefur verið birt í dagblöðum og aðfararfrestur sem þar er gefinn upp er liðinn.

Með því að gera greiðsluáætlun um ógreidd gjöld er hægt að komast hjá þeim óþægindum og kostnaði sem fylgja innheimtuaðgerðum. Hægt er að gera greiðsluáætlun um skatta og gjöld hjá þjónustufulltrúum lögfræðideildar innheimtusviðs á 4. hæð Tollhússins, Tryggvagötu 19, þeir eru til viðtals á opnunartíma embættisins, frá klukkan 8 til 15.30.

Ef fjárnámsbeiðni hefur þegar verið send út er ekki hægt að gera greiðsluáætlun fyrr en búið er að ljúka fyrirtöku beiðninnar hjá sýslumanni. Það frestar ekki sjálfkrafa innheimtu þó gjaldandi hafi kært skattáætlun eða þó ágreiningur sé um réttmæti skattálagningar. Alltaf þarf að hafa samband við innheimtumann ríkissjóðs til að fá frest á innheimtu.

*Heimild: www.tollur.is*

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson, benetiktj@365.is, s. 512-5411
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Ný aðferðafræði í innheimtu krafna

**Inkasso hefur vakið mikla athygli fyrir nýstárlega aðferðafræði í innheimtu krafna en sú leið hefur hagsmuni allra málsaðila að leiðarljósi.**

Inkasso sérhæfir sig í ráðgjöf og innheimtu með fyrirtækjum landsins. Félagið hefur vakið mikla athygli frá stofnun 2010 fyrir nýstárlega aðferðafræði í innheimtu krafna sem gengur út á að ná ásættanlegri niðurstöðu fyrir alla málsaðila.

„Við viljum ekki að viðskiptavinir kröfuhafa hætti hjá þeim þótt þeir fái sent bréf frá innheimtufyrirtæki. Þvert á móti viljum við vinna með kröfuhöfum og greiðendum. Markmiðið er að bæði kröfuhafi og greiðandi séu sáttir. Til að ná því verða auðvitað allir málsaðilar að vera sveigjanlegir og nálgast málin með opnum huga. Umfram annað þurfa svo kröfuhafar og greiðendur að vera sáttir við okkar þjónustu."

Þannig lýsir Guðlaugur Magnússon, framkvæmdastjóri Inkasso, stefnu félagsins en hann segir árangurinn síðustu sautján mánuði vera slíkan að kringum 400 fyrirtæki nýti sér nú þjónustu þess. Aukna eftirspurn þakkar hann enn fremur fullkomnu kerfi sem öflugt forritunarteymi Inkasso hefur þróað í samstarfi við bankana og gerir kröfuhöfum kleift að hafa fullkomna stjórn á málum sínum og yfirsýn. „Þeir geta strax sjálfir framkvæmt í kerfinu þær breytingar sem þeim hentar, fellt niður kröfur, gert greiðsluplan eða hvað svo sem hentar hverju sinni jafnvel þótt viðskiptavinurinn bíði í símanum."

Eins og áður sagði leggur Inkasso áherslu á gott samstarf allra málsaðila. Til marks um það heldur félagið kostnaði ávallt í lágmarki fyrir greiðendur. „Það er eins og þekkt er að það er ólíðandi að fá bréf með til að mynda 1.000 króna höfuðstól og bréfið er með 1.190 kr kostnaði. Sú aðferð er ósanngjörn fyrir okkur sem þurfum að vinna saman; kröfuhafa, greiðendur og okkur hjá Inkasso. Enginn kröfuhafi vill vinna gegn sínum greiðendum og hætta á að glata viðskiptavinum vegna innheimtufyrirtækisins," segir hann.

Guðlaugur bendir á að Inkasso semji því við kröfuhafa um kostnað sem fellur á greiðanda. „Þjónusta okkar er kröfuhöfum að kostnaðarlausu," segir hann. „Við erum sem sagt ekki með nein gjöld, svo sem árgjöld, þjónustugjöld, skráningargjöld og hvorki árangurstengda þóknun né niðurfellingarkostnað. Sá kröfuhafi sem kemur í þjónustu til okkar fær aldrei reikninga því þjónustan er gjaldfrjáls. Þá bjóðum við kröfuhöfum einnig þá þjónustu að senda reikningana fyrir þá," Í því samhengi nefnir hann að Inkasso bjóði kröfuhöfum að prenta út reikninga og greiðsluseðla þeirra, en þá þjónustu nýta mörg fyrirtæki sér.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Inkasso, slóðin er www.inkasso.is. Eða í síma 520-4040.



Góður árangur hefur hlotist af starfi Inkasso. Til marks um það nýta sér nú í kringum 400 fyrirtæki þjónustu félagsins, bendir Guðlaugur á. MYND/VILHELM

**Inkasso- strax** er ný þjónusta hjá Inkasso sem snýst um reikningagerð fyrir lítil fyrirtæki og einyrkja. Þjónustan var sett á fót vegna vaxandi eftirspurnar frá iðnaðarmönnum, leigubílstjórum, tannlæknum og öllum þeim sem ekki hafa aðgang að bókhaldskerfi eða voru í leit að auðveldri leið til að senda út reikninga. Nánar á Inkasso-strax.is.





Takk fyrir að velja Inkasso

Við sjáum um: fruminnheimtu, milliinnheimtu og löginnheimtu.

Yfir 400 fyrirtæki

**velja Inkasso** – við þökkum þeim traustið.

**Kynntu þér málið núna á Inkasso.is eða hringdu í síma 520-4040 og fáðu nánari upplýsingar.**

INKASSO

PIPAR\TBWA • SÍA • 120751

*Inkasso tekur enga þóknun af höfuðstól innheimtra krafna.*

INKASSO ehf. | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími 520-4040 | Fax 520-4041 | inkasso@inkasso.is | www.inkasso.is



Ef fólk vantar nánari upplýsingar um innheimtumál getur það alltaf haft samband og starfsfólk Motus mun leggja sig fram við að aðstoða það.




„Samskipti okkar við fólk ganga út á að leita lausna,“ segir Sigurður Arnar Jónsson, forstjóri Motus. MYND/HAG

# Skilvirk innheimta stuðlar að lægra verði á vöru og þjónustu

**MOTUS er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar, en fyrirtækið var stofnað árið 1995 og starfaði áður undir vörumerkinu Intrum Justitia.**

Motus rekur skrifstofur á 11 stöðum á Íslandi, en hjá fyrirtækinu starfa um 130 starfsmenn. Um 2.500 íslensk fyrirtæki og stofnanir nýta sér þjónustu Motus, þar á meðal mörg af stærstu fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum landsins.

## Hvað er kröfustjórnun?

„Kröfustjórnun (Credit Management Services) er hugtak sem notað er til að lýsa þjónustu sem tekur á öllu ferli reikningsviðskipta, það er frá því ákvörðun um lánsviðskipti er tekin þar til greiðsla hefur verið innt af hendi eða önnur niðurstaða fengin,“ segir Sigurður Arnar Jónsson, forstjóri Motus.

Motus er best þekkt fyrir innheimtu vanskilakrafna, en fyrirtækið er jafnframt leiðandi á sviði kröfustjórnunar. Motus aðstoðar viðskiptavini sína við að bæta fjárstreymi sitt og langtímaafkomu með því að veita heildstæða þjónustu. Í henni felst meðal annars hefðbundin innheimta, ferlagreining og ráðgjöf, fjárstreymisgreining, samanburðargreining, millilandainnheimta, innheimtuskóli, greiðendavefur, viðskiptavefur og greiðslumatslíkön (scoring model).

„Með því að bjóða skilvirka þjónustu og leggja okkur fram í samskiptum við kröfueigendur og greiðendur tryggjum við bestu mögulegu framvindu mála,“ segir Sigurður. „Allar okkar athafnir miða að því að gera lánsviðskipti aðila eins ánægjuleg og arðbær og kostur er.“

> **Með því að bjóða skilvirka þjónustu og leggja okkur fram í samskiptum við kröfueigendur og greiðendur tryggjum við bestu mögulegu framvindu mála.**

Það er ekki að ástæðulausu að Motus er leiðandi aðili á Íslandi á sviði kröfustjórnunar, þar sem þjónusta þess hefur í för með sér bætt viðskipti til hagsbóta fyrir kröfueigendur jafnt sem greiðendur. Motus hefur skuldbundið sig til að bæta fjárstreymi og arðsemi viðskiptavina sinna.

## Skoða þarf fleira en sölutölur

Sölutölur segja aðeins hálfa söguna um rekstur fyrirtækis. Það sem skiptir höfuðmáli eru þær greiðslur sem berast og hvenær þær skila sér. Fjárstreymisvandamál geta kostað stærri fyrirtæki og opinbera aðila háar fjárhæðir og þröngvað smærri fyrirtækjum í gjaldþrot. Þjónusta Motus tryggir hraðari greiðslu viðskiptakrafna og lægri rekstrarkostnað.

## Greiðslumatslíkön algjör bylting

„Við notum greiðslumatslíkön til að taka ákvarðanir byggðar á tölfræðilegu mati um hvernig innheimtu hverrar einstakrar kröfu sé best háttað með hliðsjón af áhættu. Einstök þekking okkar lágmarkar þannig kostnað fyrirtækja og opinberra aðila við lánsviðskipti og afskrift viðskiptakrafna,“ segir Sigurður. Hann telur notkun greiðslumatslíkana í innheimtu og á öðrum sviðum kröfustjórnunar hafa haft í för með sér algjöra byltingu í greininni. „Okkar líkön hafa verið í þróun í 7-8 ár og hafa nú afgerandi áhrif á alla ferla okkar.“

## Við leitum lausna

„Samskipti okkar við fólk ganga út á að leita lausna,“ segir Sigurður með áherslu. Þrátt fyrir að fyrirtæki nýti þjónustu Motus hafa þau áfram fullt vald yfir því með hvaða hætti innheimtunni er háttað og hvaða svigrúm greiðendum er veitt. Að veita lengri greiðslufrest dugar yfirleitt flestum, en gagnvart greiðendum sem eru með mjög íþyngjandi greiðslubyrði getur þurft að bjóða aðrar lausnir. „Við eigum í langflestum tilfellum mjög jákvæð samskipti við fólk sem hefur gleymt að greiða eða er að reyna sitt besta til að greiða úr sínum málum,“ segir hann.

Ljóst er að aukinn kostnaður af innheimtu vanskila og tapaðra viðskiptakrafna færi beint út í almennt verðlag ef ekki nyti við þjónustu fyrirtækja eins og Motus. Skilvirk innheimta stuðlar að lægra verði á vöru og þjónustu til almennings.

## EKKI GERA EKKI NEITT

„Ekki gera ekki neitt“ eru einkunnarorð Motus. Þau fela í sér hvatningu til þeirra sem eru í vanskilum, en þeim er jafnframt beint til kröfueigenda og starfsmanna Motus. „Orðin fela í sér ábendingu til kröfueigenda um að koma á skilvirkum innheimtuferlum og fylgja þeim eftir og hvatningu til starfsmanna Motus um að leggja sig ávallt fram um að finna bestu lausnina,“ segir Sigurður.

Aðgerðarleysi, frestunarárátta og þær neikvæðu tilfinningar sem henni fylgja þekkja allir. Frestun erfiðra verkefna magnar yfirleitt erfiðleikana. „Þannig er það best fyrir alla að ógreiddir reikningar séu teknir föstum tökum sem allra fyrst. Það er mun auðveldara að finna lausn á málinu því fyrr og því meira sem kröfueigandi fær að vita um raunverulega stöðu greiðanda. En hvað sem þú gerir – ekki gera ekki neitt!“

## Samstarf Motus og Intrum Justitia

Þrátt fyrir nafnaskiptin er Motus samstarfsaðili Intrum Justitia, sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði kröfustjórnunar. Intrum rekur eigin skrifstofur í 21 landi í Evrópu og er með víðfeðmt net samstarfsaðila í vel á annað hundrað löndum.

Nánari upplýsingar um starfsemi Motus má nálgast á www.motus.is

motus

**Motus merkir** á latínu „hreyfing“ eða „að hreyfa við/að hafa áhrif á“. Hlutverk Motus er að bæta fjárstreymi fyrirtækja allt frá sölu til þess að greiðsla hefur átt sér stað, það er að skapa þessa hreyfingu. Merkingin fellur einnig vel að slagorðum félagsins sem jafnframt tákna hreyfingu, það er „Við komum hreyfingu á peningana“ og „EKKI GERA EKKI NEITT“.




**MOTUS GEFUR GULA SPJALDIÐ**

**Í íþróttum** er gula spjaldið aðvörun til þess sem brýtur af sér. Á sama hátt fær sá sem ekki hefur greitt gjaldfallna kröfu gula spjaldið frá Motus. Gula spjaldið gefur þó jafnframt til kynna að viðkomandi hafi enn tækifæri til að bæta ráð sitt.

***Það getur komið fyrir alla að fá innheimtubréf frá Motus og lykilatriðið er EKKI GERA EKKI NEITT***

**Gott að hafa í huga:**

1. Það er ódýrast og best að greiða skuldina strax.
2. Ef þú átt von á peningum fljótlega, geturðu haft samband og fengið greiðslufrest.
3. Ef þú getur ekki greitt skuldina í einu lagi er einfalt mál að hafa samband og gera samkomulag um greiðslu skuldarinnar.
4. Ef þú greiðir á réttum tíma samkvæmt umsömdum greiðslufresti eða samkomulagi hækkar innheimtukostnaður skuldarinnar ekki.
5. Ef þig vantar nánari upplýsingar um innheimtumál geturðu alltaf haft samband og við munum leggja okkur fram við að aðstoða þig.
6. Ef þú telur þig eiga í alvarlegum fjárhagsvanda mælum við með að þú hafir samband við bankann þinn eða Umboðsmann skuldara til að fá ráðgjöf um möguleg úrræði.
7. Einfaldasta leiðin til að hafa samband við Motus er í gegnum ekkigeraekkineitt.is eða hringja í þjónustuver í síma 440-7700. Jafnframt er þér velkomið að heimsækja okkur á eina af 11 starfsstöðvum okkar sem eru víða um land.

EKKI GERA EKKI NEITT

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Full búð af nýjum vörum,**
læknahaldarar komnir
í svörtu og húðlit.
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS



## Líkamsrækt!
Til sölu tæki og búnaður úr líkamsræktarstöð til flutnings á frábæru verði. Allt til alls.
Upplýsingar í síma 861 5718




**Er svefninn vandamál?**
Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum
Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

**byggjum:**
múrarar, málarar, píparar
flísalagnir, alhliða viðhald
heildarlausnir
í framkvæmdum
www.byggjum.is
s.578 6080
byggjum

**Sportbar með pool og live musik**
Til sölu flottur sportbar í 210 fm húsnæði
Staðurinn er nýendurnýjaður og
býður upp á mikla möguleika.
Ýmis skipti koma til greina.
Félag skuldlaust getur fylgt.
Mjög gott verð og kjör.
Fyrirtækjasala Ísl. S: 520-3500 www.atv.is

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

**[ AIS Fyrir Báta og Skip ]**



AIS Class – A | AIS Class – B | AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is



**Rafstilling ehf**
startarar-alternatorar-perur
viðgerðir-sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla.
Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.



OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

**IVECO**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**SPARAÐU BENSÍN!**
Metan uppfærðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu.
Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

Byggingafélagið
**Bogi ehf**
Alhliða byggingaverktakar
Stefán Ómar Oddsson
Húsasmiðameistari
Nýsmíði og viðhaldsvinna
Lyngrimi 1
112 Reykjavík
Kt: 600100-2620
Sími : 861-0003
Reikn. 0135-26-6100
E-mail: bogiehf@talnet.is

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

**Glæsileg tískuverslun á Laugavegi.**
Til sölu tískuverslun á besta stað á Laugavegi,
allt eigin innflutn, fatnað og fylgihluti.
Flott innréttuð verslun
með gríðarmikla möguleika.
Öruggur leigusamn. Frábært verð.
Fyrirtækjasala Ísl. S: 520-3500, www.atv.is

## Nýtt!
**Þjónustuauglýsingar alla laugardaga í Fréttablaðinu.**
**Hringdu í síma 512 5407**

**ALPAR TRÉSMÍÐI**
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald



## Alla fimmtudaga
og laugardaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Fasteignir

**STÓRBORG fasteignasala**

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. löggiltur fasteignasali

# *Álfheimar*

*Falleg íbúð með góðu láni. Í einkasölu*



*Falleg og björt 4ra (3-4)herbergja íbúð á 2.hæð í þessu glæsilega endurnýjaða fjöl-býlishúsi. Íbúðin er um 106 fm. Parket á gólfum.*

*ATH gott íbúðarlán ca. 22 millj áhvíl.*

***Lítil útborgun. Verð 24.9 millj.***

***Nánari upplýsingar gefur Stefán s: 895-2049***



*Stefán Hrafn Hdl. lögg. fasteignasali*

*Kirkjustétt 4 • 113 Reykjavík • Sími 534 8300 • stefan@storborg.is*

## Tilkynningar

Grindavíkurbær

**Auglýsing sveitarstjórnar um afgreiðslu Aðalskipulags Grindavíkur 2010-2030 skv. 3. mgr. 18. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997**

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt endurskoðað Aðal-skipulagi Grindavíkur 2010- 2030. Tillagan var auglýst frá 9. apríl 2011 til 23. maí 2011, með athugasemdafresti til 23 maí 2011. Umsagnir og athugasemdir bárust frá 15 aðilum.

Sveitarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína. Gerðar voru nokkrar minniháttar breytingar á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu hennar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu bæjarstjórnar geta snúið sér til Ingvars Þ. Gunnlaugssonar sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar, netfang: ingvar@grindavik.is.

Róbert Ragnarsson bæjarstjóri Grindavík

# ÍSLENSKA ÓPERAN

## Kór Íslensku óperunnar - áheyrnarprufur

Íslenska óperan auglýsir áheyrnarprufur fyrir þá, sem áhuga hafa á að starfa í Kór Íslensku óperunnar.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi góða söngmenntun og reynslu af kórsöng.

Umsækjendur tilkynni þátttöku til skrifstofu Íslensku óperunnar í síma 511 6400 eða á netfangið syningarstjori@opera.is í síðasta lagi föstudaginn 23. mars nk. Upplýsingar um náms- og starfsferil fylgi.

Prufusöngurinn fer fram miðvikudaginn 28. mars í Eldborgarsal Hörpu frá kl. 14.

Umsækjendur syngi eina óperuaríu að eigin vali, auk þess sem prófað verður í raddgerð viðkomandi í kórsöng og nótnalestri. Píanóleikari verður á staðnum.



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

das möbelhaus

**Lagerútsala!**

Vandaðar vörur á frábæru verði, einungis í nokkra daga. Verð frá 62.000 erum á Korputorgi.

**Rúllugardínur**

Þessar gömlu góðu, gluggakappar s. 567 1086.

## Dýrahald



WAGG hundamatur. 15kg á 4.990,- Jón bóndi ehf, Réttarhálsi 2, jonbondi.is, 571-3300 opið mán-fös 10-18.

2 Chuwawa, hvolpar, rakkar, til sölu. 11. vikna. Fást ódýrt. S. 865 2253.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**

**sími 896 4661**

Til leigu 2 herb. íbúð í miðbæ 101 Rvk. 120 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Uppl. 776 3260.

## Tilkynningar

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Auglýsing sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um veitingu leyfa til hrefnuveiða árið 2012

Með auglýsingu þessari vill ráðuneytið gefa aðilum kost á að sækja um leyfi til hrefnuveiða en skilyrði fyrir veitingu leyfanna koma fram í reglugerð nr. 359/2009 um breytingu á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar. Skilyrði fyrir veitingu leyfa til hrefnuveiða eru eftirfarandi:

1. Að minnsta kosti einn úr áhöfn hafi reynslu af hrefnu veiðum. Við mat á því hvort aðili hafi reynslu af hrefnu veiðum er sú krafa gerð að aðili hafi a.m.k. verið samfellt í þrjá mánuði skytta á hrefnuveiðibát. Heimilt er Fiskistofu að meta jafngilda annarskonar reynslu eða þekkingu svo að hún fullnægi áskilnaði skv. þessari grein.
2. Skyttur sem annast veiðar og aflífun dýra skulu hafa sótt viðurkennt námskeið í meðferð skutulbyssa og sprengiskutla og í aflífunaraðferðum við hvalveiðar. Auk þessa skal skytta hafa fullnægjandi skotvopnaleyfi.

Þá er kveðið á um veiðiaðferðir og veiðibúnað sem skip sem ætluð eru til hrefnuveiða skulu vera búin í reglugerð nr. 359/2009 um breytingu á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar með síðari breytingum.

Umsóknir um leyfi til hrefnuveiða skulu sendar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út þann 4. apríl 2012.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð til leigu ekki minna en 60fm, skilvísargreiðslur og meðmælendur. s 823 5825.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Pizzeria Rizzo

**Áttu sparneytin bíl ?**
**Okkur vantar bílstjóra kvöld-og helgar. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. gefur Solla í S. 663 2502 & rizzo@rizzo.is**




Leitum að hressu fólki í tímabundið verkefni næstu daga. Æskilegt að þú hafir bílpróf og bíl til umráða. Skráðu þig í verkefnið á vefnum: www.pulsinn.com

**Samskip óska eftir að ráða starfsmenn í sendibílaakstur**
**Hæfnikröfur starfsmanns:**

**-Meirapróf CE -Reynsla af akstri dráttarbíla**
**-Geta til að vinna undir álagi**
**- Gott heilsufar**
**- Hreint sakavottorð**
**-Stundvísi, heiðarleiki og hæfni í mannlegum samskiptum**

**Umfram allt þarf starfsmaður að hafa gildi Samskipa að leiðarljósi sem eru:**

**Frumkvæði, Samheldni og Þekking**

**Vinsamlega sækið um starfið á vef Samskipa. www.samskip.is**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Steinar Orri Sigurðsson akstursstjóri í síma 858-8651**

Skipstjóra vantar á handfærabát fyrir norðan frá 1/4. Ferilskrá til : fiskerbat@gmail.com

Óska eftir góðum vélamanni, réttindi óþörf á 40 tonna línubát gerður út frá Bíldudal. Uppl. s. 845 3480.

## Atvinna óskast

Maður á sextugsaldri óskar eftir vinnu, allt kemur til greina, er vanur ýmsum störfum og skoða allt, get byrjað fljótlega uppl. í s. 6904945 Alex.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**NÝTT NÚMER 908 1666**

Spjalldömur, hlökkum til að heyra í þér.

**MyPurpleRabbit.com**

Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS




GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í DINERS, DRIVE-INS & DIVES Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS



# TIL HAMINGJU!

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru afhent við hátíðlega athöfn í gær. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin. Þetta er í sjöunda sinn sem Fréttablaðið veitir Samfélagsverðlaunin en þau eru veitt í fjórum flokkum auk heiðursverðlauna.**

## Samfélagsverðlaunin

**Dyngjan áfangaheimili hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins** og verðlaunafé að upphæð ein milljón króna.
Aðrir sem voru útnefndir til Samfélagsverðlaunanna: Frú Ragnheiður og Vinafjölskyldur í Vesturbæ.

### Hvunndagshetjan

**Pauline McCarthy**
Aðrir sem voru tilnefndir í þessum flokki:
Árni Stefán Árnason og Gróa Gunnarsdóttir

### Frá kynslóð til kynslóðar

**Bandalag íslenskra skáta**
Aðrir tilnefndir í þessum flokki:
Ásdís Skúladóttir og Magnea Jóhannsdóttir fyrir tölvufærninámskeið og Stefán Þorleifsson

### Til atlögu gegn fordómum

**Með okkar augum – sjónvarpsþáttur**
Aðrir tilnefndir í þessum flokki:
Kaffi, kökur og rokk&ról og Sigríður Víðis Jónsdóttir

### Heiðursverðlaun

**Þorvaldur Kristinsson**




**Tölvulistinn gefur þessa tíu tommu spjaldtölvu til sigurvegara í fjórum flokkum.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN

FRÉTTABLAÐIÐ

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** pabbi, **6.** mannþvaga, **8.** töf, **9.** mjöl, **11.** mun, **12.** gróðabrall, **14.** óhreint vatn, **16.** átt, **17.** hlaup, **18.** málmur, **20.** gyltu, **21.** innyfla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** magi, **3.** í röð, **4.** vandræði, **5.** svelg, **7.** sérgrein, **10.** rúm ábreiða, **13.** pumpun, **15.** að auki, **16.** neitun, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** pápi, **6.** ös, **8.** bið, **9.** mél, **11.** ku, **12.** brask, **14.** skolp, **16.** nv, **17.** gel, **18.** eir, **20.** sú, **21.** iðra.
**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** áb, **4.** pikkles, **5.** iðu, **7.** sérsvið, **10.** lak, **13.** sog, **15.** plús, **16.** nei, **19.** rr.




„VIÐ HLÖKKUM MIKIÐ TIL AÐ NJÓTA ÞESS AÐ VERA SAMAN OG EIGA MEIRI TÍMA MEÐ KRÖKKUNUM,"

segir Jóhanna Vilhjálmsdóttir sem flytur búferlum til Austurríkis með fjölskylduna í sumar.

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM


# Áfram veginn

**BAKÞANKAR** Björns Þórs Sigbjörnssonar



Það var ekkert sérstaklega upplýsandi að fylgjast með réttarhöldunum í málinu gegn Geir H. Haarde. Flest sem þar var sagt kemur fram í 2.400 blaðsíðna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þeir sem áttu von á glænýjum upplýsingum sem varpa myndu nýju ljósi á hrunið og draga fram sannleikann eina í málinu urðu fyrir vonbrigðum. Kynt var undir væntingum, til dæmis, þegar afturköllunartillagan var rædd í þinginu. Hana mátti ekki samþykkja því þá fengjum við ekki yfirheyrslurnar yfir öllu lykilfólkinu í Landsdómi. Látið var eins og allir myndu loksins segja satt í Þjóðmenningarhúsinu enda eiðsvarnir. Þá hentaði ekki að geta þess að þegar sama fólk kom fyrir rannsóknarnefndina bar því að segja satt ellegar ætti það yfir höfði sér allt að tveggja ára fangelsisdóm.

**UMRÆÐAN** um vitnaleiðslurnar var hins vegar hressandi. Sumir eru ferlega pirraðir og jafnvel reiðir yfir að ekkert vitnanna hafi tekið á sig sökina á hruninu og sagt einfaldlega: Þetta var mér að kenna. Afsakið. Bestir eru þó þeir sem hafa af visku sinni bent á að hvorki saksóknari né verjandi hafi spurt réttu spurninganna eða leitt fram réttu vitnin. Einkunnir fjölmiðla um frammistöðu einstakra vitna voru líka athyglisverðar. Lárus Welding var víst tilþrifalítill en það ku hafa verið völlur á Sigurjóni Árnasyni. Upp úr stendur samt að símasambandið við Kanada var slæmt þegar Halldór J. Kristjánsson var yfirheyrður. Það þarf að bæta úr því áður en við tökum upp Kanadadollar.

**EINHVERJAR** vikur munu líða þar til dómur fellur. Ljóst er þó að margir hafa þegar fellt sinn prívat dóm og þurfti svo sem ekki réttarhöldin til. Þeir sem það hafa gert munu ekki taka dóm Landsdóms gildan falli hann ekki eftir þeirra höfði. Áfram verður fullyrt að Geir sé sekur þótt Landsdómur sýkni hann, og öfugt. Það er annars umhugsunarefni hvers vegna ákæra Alþingis var ekki víðtækari en hún í raun var. Ætli það hafi ekki hvarflað að mönnum að ákæra Geir fyrir að vera ekki í nægilega góðu sambandi við almættið? Honum varð allavega ekki að þeirri ósk sinni að Guð veitti Íslandi sérstaka blessun.

**ÞEGAR** þetta mál verður formlega út úr heiminum lýkur stuttum, afmörkuðum kafla í eftirhrunsmálum. Áfram burðumst við þó með þetta næstu ár; saksóknarinn stendur í sínum viðamiklu rannsóknum, slitastjórnirnar halda sínu striki og stjórnmálin munu hverfast um hrunið. Á þeim vettvangi verður áfram spurt hvers vegna enginn tók mark á Davíð sem sá jú hrunið fyrir eða hvers vegna tekið var mark á Davíð sem gaf jú bankana. Svona eftir því hvernig hjartað slær í fólki.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




NÝR 8BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
GIGABYTE
129.900
GIGABYTE
99.900
ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0%
VEXTIR
GIGABYTE
149.900
179.900
4GB MINNISLYKILL
990
PlayTab
2PRO
19.900
22" PAKKI
29.900
24" PAKKI
36.900
27" PAKKI
54.900
USB GLINGUR
FRÁ 990
NÝR
VEFUR
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
DELL
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
SONY
TOSHIBA




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | | | 7 | 3 | |
| 9 | | | | 3 | | 5 | | |
| | 3 | 6 | 9 | | 7 | | | |
| | | 4 | | | 2 | 6 | | 7 |
| | | 3 | | 9 | | 2 | | |
| 2 | | 9 | 7 | | | 3 | | |
| | | | 5 | | 6 | 4 | 2 | |
| | | 5 | | 1 | | | | 8 |
| | 6 | 2 | | | | | | 5 |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMA
Florida
Florida
BÓNUS
BÓNUS
Appelsín
ALMOND DREAM
the great tasting alternative
Original
+ Calcium
RICE DREAM
+ Calcium
298
KR. 1 LTR.
RICE DREAMS
RÍSMJÓLK MEÐ KALKI
BÓNUS
BÓNUS
BURÐARPOKINN
195 KR
179
KR. 1 LTR.
FERSKUR APPELSÍNUSAFI
BÓNUS FLORIDA
SAFI 1 LTR.
159
KR. 2 LTR.
359
KR. 1 LTR.
MÖNDLUMJÓLK MEÐ KALKI
NÝTT Í BÓNUS
BÓNUS KAFFI
BÓNUS KAFFI
BÓNUS KAFFI
398
KR. 500G
BÓNUS KAFFI 500 GRÖMM
BÓNUS
PEPPERONI
153 g
359
KR. 153 G
BÓNUS PEPPERONI
Crisp fried onion
129
KR. 200G
STEIKTUR LAUKUR
359
KR.200 GR
BÓNUS SPÍNAT
FERSKT FRÁ SPÁNI
REYKT LÚXUSSKINKA
SILKISKORIN
BÓNUS BRAUÐÁLEGG
120 GR. SILKISKORIN
SKINKA TVÆR TEG.
EKKERT VIÐBÆTT VATN
359 KR.
BÓNUS
50% KJARNABRAUÐ
198
KR. 4 STK.
MJÚKAR KRINGLUR
4 STK. NÝBAKAÐ
198
KR. 500 G
BÓNUS KJARNABRAUÐ
500 GR.
5stk.
BÓNUS
VÍNARPYLSUR
BÓNUS PYLSUR 10 STK
359 KR. ca. 480 gr.
PYLSUBRAUÐ 5 STK
139 KR.
BÓNUS BUFFALÓ FULLELDAÐ
KJÚKLINGAVÆNGIR OG LEGGIR
800 GRÖMM
BÓNUS
BUFFALO
VÆNGIR
398
KR. BOXIÐ
800 GRÖMM
BÓNUS
BUFFALO
LEGGIR
598
KR. BOXIÐ
MATVÖRUVERSLANIR
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
BÓNUS
1. sæti
MÆLING Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is



**3000 GESTIR** hafa skoðað sýningu Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur, „Á bóndadag," sem stendur yfir í Listasafni Reykjanesbæjar. Sýningunni lýkur komandi helgi þannig að síðustu forvöð eru að sjá sýninguna sem fjallar um sauðkindina frá ýmsum hliðum.



**NÝ NÁLGUN** Frá Reykjavík Dance Festival.

## Ný nálgun að danshátíð

**Ákveðið hefur verið að beita nýrri nálgun að Reykjavík Dance Festival, sem hóf göngu sína árið 2002, í ár. Hátíðin fer fram dagana 21. til 31. ágúst næstkomandi undir yfirskriftinni A Series of Events. Opin kynning á sérstakri útfærslu hátíðarinnar verður haldin í kvöld, fimmtudaginn 15. mars, klukkan 21 á Dansverkstæðinu, Skúlagötu 28.**

**Í tilkynningu kemur fram að ekki verði um að ræða danshátíð í hefðbundnum skilningi heldur tíu daga kóreógrafíu í formi danshátíðar sem opnar fyrir nýjar samræður meðal listamanna og áhorfenda og býður grundvöll fyrir flæði þekkingar og miðlunar innan listgreinarinnar.**

**Listrænir stjórnendur Reykjavík Dance Festival, Halla Ólafsdóttir og Emma Kim Hagdahl, sjá um kynninguna í kvöld sem er fyrsti viðburðurinn af mörgum sem efnt verður til áður en Reykjavík Dance Festival hefst í ágúst.**



**SPAÐAR** Spila með Varsjárbandalaginu á Nasa annað kvöld.

## Hið árlega Spaðaball

**Hljómsveitirnar Spaðar og Varsjárbandalagið efna til sameiginlegs tónleikaballs á Nasa annað kvöld, föstudagskvöldið 30. mars. Húsið verður opnað klukkan 22 og um klukkan 23 stíga Spaðar á svið og spila fram yfir miðnætti. Þá tekur Varsjárbandalagið við og leiðir dansleikinn til lykta.**



**BÖRNIN Í LA BOHÈME** Kór 32 söngvara á aldrinum 8 til 13 ára tekur þátt í uppfærslu Íslensku óperunnar á La Bohème. Börnin koma við sögu í öðrum þætti óperunnar, sem gerist á aðfangadagskvöld í París. Borgarbúar flykkjast út á göturnar, kaupa í jólamatinn og síðustu jólagjafirnar og börnin setja sterkan svip á götumyndina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# EFTIRVÆNTING Í LEIKHÓPNUM

**Ein vinsælasta ópera allra tíma, La Bohème, verður frumsýnd í Hörpu annað kvöld. Yfir 160 manns eru á sviðinu og í gryfju þegar mest lætur.**

„General-prufan gekk ofsalega vel og þetta er allt að smella. Nú eru allir bara að slaka á og undirbúa sig fyrir frumsýningu," segir Inga María Leifsdóttir, kynningar- og markaðsstjóri Íslensku óperunnar. Á morgun klukkan 20 verður óperan La Bohème eftir Puccini frumsýnd í Eldborg í Hörpu. Um 200 manns koma að sviðsetningu verksins og eru yfir 160 manns á sviði og í gryfju þegar mest lætur.

La Bohème er ein vinsælasta ópera sem samin hefur verið, en hún er jafnan á fjölum helstu óperuhúsa heims. Í henni segir af hópi listamanna í París í byrjun síðustu aldar, sem búa við þröngan kost og sára fátækt. Sjónum er beint að ástarsambandi saumakonunnar Mimi og skáldsins Rodolfo, sem fella hugi saman. Vinir þeirra koma líka við sögu – heimspekingurinn Colline, tónlistarmaðurinn Schaunard og kvikmyndagerðarmaðurinn Marcello, að ógleymdri hinni skrautlegu söngkonu Musettu.

Það eru þau Hulda Björk Garðarsdóttir og Gissur Páll Gissurarson sem túlka Mimi og Rodolfo, en Þóra Einarsdóttir og Garðar Thór Cortes syngja einnig aðalhlutverkin á tveimur sýningum. Ágúst Ólafsson fer með hlutverk Marcello, Jóhann Smári Sævarsson er Colline, Bergþór Pálsson er bæði Benoît og Alcindoro, Hrólfur Sæmundsson fer með hlutverk Schaunard og Herdís Anna Jónasdóttir syngur hlutverk Musettu.

Aðrir aðstandendur sýningarinnar eru Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri, Jamie Hayes leikstjóri og Will Bowen leikmyndahönnuður. Búninga hannar Filippía I. Elísdóttir, lýsingu Björn Bergsteinn Guðmundsson, Henrik Linnet sér um myndvinnslu og Stella Sigurgeirsdóttur á heiðurinn af ógrynni leikmuna sem prýða sýninguna.

Tveir kórar taka þátt í sýningunni, kór Íslensku óperunnar og 32 barna kór. Þar að auki koma við sögu lúðrasveit, meðlimir Sirkus Íslands, hundurinn Drakúla og hljómsveit Íslensku óperunnar. Konsertmeistari er Sigrún Eðvaldsdóttir.



**SKRAUTLEG LEIKMYND** Enski leikmyndahönnuðurinn Will Bowen hannaði leikmyndina. Á sviðinu er jafnframt ógrynni af leikmunum sem Stella Sigurgeirsdóttir á heiðurinn af að hafa safnað saman. Meðal þess sem sjá má á sviðinu eru bækur, jólapakkar, reiðhjól, blöðrur og, ef vel er að gáð, handsmíðaðar gervi-sígarettur.

Frá áramótum hefur undirbúningur að uppsetningu óperunnar farið stigvaxandi og segir Inga María álagið hafa verið mikið á alla aðstandendur, ekki síst þau fjölmörgu börn sem koma að sýningunni. Hins vegar skemmti allir sér svo vel að álagið gleymist fljótt. „Börnin hafa staðið sig ótrúlega vel. Þau þurftu að leggja mikinn texta á minnið, löng lög, hvenær þau eigi að koma inn og hvernig eigi að bera sig á sviðinu. En þetta er búið að vera svo mikið fjör að allir eru ánægðir."

Þetta er í annað sinn sem Íslenska óperan sýnir í Hörpu, en 13 þúsund manns sáu Töfraflautuna síðastliðið haust.

holmfridur@frettabladid.is





Öll Jotun innimálning
20% afsláttur
JOTUN
LADY
PREMIUM PAINT & COLORS
PURE COLOR
supermatt 01
VEGG
NYHET!
Allar gólfflísar
20% afsláttur
Allt fínt fyrir páska!
Ljós UB18DL
14.4V-18V.
5247602
Meðan birgðir endast!
HITACHI
Kaupauki með borvél
Ein sú flottasta í dag!
29.995
HITACHI
Rafhlöðuborvél DS14DCL
14,4V, hleðslutími 60 mín.
Lithium rafhlöður 1,5Ah 2 stk.
5247014
979 kr/m²
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Eikarplastparket
Kaindl, 6 mm, slitþolsflokkur 31.
147049
74.890
Þvottavél
EWF106410W.
1000sn. Tekur 6 kg.
Stærð 85x60x60cm.
1805650
Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR
Greina- og hekkklippur*
20 % afsláttur
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR
49.900
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Kælir/frystir
FHC 142/DF2-28, 143x55x58 cm
Orkunýting A. Kælirými 171 ltr. og frystirými 41ltr.
1805498
82.295
Þurrkari
EDE77550W. Tekur 7 kg.
Með barka og rakaskynjara.
Sjálfvirk kæling.
1805423
Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
HÚSASMIÐJAN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 15. mars 2012**

### Fundir

**08.30** Ársfundur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem ber yfirskriftina Samfélagsleg nýsköpun - velferð og lífsgæði fer fram á Hilton Reykjavík Nordica.

**13.30** Bókmenntaklúbbur félags kennara á eftirlaunum heldur fund í Kennarahúsinu. Gestur verður Arnþór Gunnarsson sem kynnir bók sína, Á afskekktum stað. Einnig kemur Guðrún Friðgeirsdóttir með bók sína, Norðanstúlkuna.

### Sýningar

**17.00** Sýning á verkum Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttir, listmálara, opnar í Artóteki. Sýningin nefnist Sjólag og er á Reykjavíkurtorgi á 1.hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

### Kvikmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Að lifa (To live) í stofu 101 í Odda, húsi Háskóla Íslands. Myndin er frá 1994 og eftir Zhang Yimou. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

### Uppákomur

**21.00** Kreppukvöld verður haldið á Bar 11. Hljómsveitin Dorian Gray stígur á stokk og spilar póst-móderniskt rokk með flottum og grípandi riffum. Ókeypis er á tónleikana og sannkölluð krepputilboð verða á barnum.

### Leikrit

**14.00** Leikfélag eldri borgara, Snúður og Snælda, sýnir leikritið Rommí eftir D.L.Colburn í Iðnó. Leikstjóri er Bjarni Ingvarsson.

### Málþing

**15.00** Málþing verður haldið um hvers virði vatnsréttindi séu til orkuöflunar. Málþingir er á vegum Auðlindaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík og Draupnis lögmannsþjónustu og verður haldið í dómsal á 1.hæð Háskólans í Reykjavík.

### Tónlist

**20.00** Whale vs Elephant frá Þýskalandi og No Class spila á Fimmtudagsforleik í Hinu Húsinu. Um er að ræða ekta raftónleika og aðgangur er ókeypis.

**21.00** Bjarkey Sigurðardóttir syngur ásamt hljómsveit á Græna Hattinum. Miðaverð er kr. 1.000.



**21.00** Skúli mennski & Hjalti koma fram á Café Rosenberg.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**17.00** Hönnuðurinn Giulio Vinaccia heldur fyrirlestur í Hafnarhúsinu undir yfirskriftinni Hönnun í þróunarskyni - Frá félagslegu sjónarhorni. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**20.00** Prófessorinn og landslagsarkitektinn Stig L. Andersson flytur fyrirlestur í Norræna húsinu þar sem hann veltir upp spurningum um borgarrými og áskoranir 21. aldarinnar. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og allir eru velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010
Opið laugard. kl. 10-14


# FERÐAST UM LANDIÐ OG HELDUR TÓNLEIKA

**Felix Bergsson heldur ferna tónleika víðs vegar um landið á rúmum mánuði í tengslum við nýútkomna plötu hans, Þögul nóttin, sem er fyrsta sólóverkefnið.**

„Það má eiginlega segja að þetta sé kvöld eins og okkur þætti sjálfum gaman að fara á," segir Felix Bergsson um dagskrá væntanlegra tónleika sinna.

Um er að ræða ferna tónleika sem haldnir verða víðs vegar um landið á rúmum mánuði. „Það var ákaflega tilviljunarkennt hvaða staðir urðu fyrir valinu," segir Felix. „Ég hef verið fastagestur í Neskaupstað með barnasýninguna Gunna og Felix, og hef alltaf lofað því að þegar ég gæfi út fullorðinsefni kæmi ég með það þangað. Nú er komið að því," bætir hann við, en tónleikarnir á Neskaupsstað fóru fram síðastliðið sunnudagskvöld.

Á döfinni eru svo tónleikar á Hlöðum á Hvalfjarðarströnd þann 16. mars, á Græna hattinum á Akureyri þann 19.mars og í Hörpunni í Reykjavík þann 27.apríl. „Þetta verður í fyrsta skipti sem ég spila í Hörpu, svo það er mjög spennandi. Við verðum í litla huggulega salnum, enda kósý og rómantískir tónleikar," segir Felix.

Tónleikarnir eru haldnir í tengslum við nýlega plötu Felix, Þögul nóttin, sem kom út fyrir áramót og er hans fyrsta sólóverkefni á starfsferli sem telur heil 25 ár. Með í för verða þeir Jón Ólafsson og Stefán Már Magnússon sem unnu plötuna með honum.

Felix er strax byrjaður að huga að næstu plötu og segist ákveðinn í að sýna fólki að honum sé alvara með þessu. „Ég er búinn að vera svo mikið úti um allt hingað til að fólk á erfitt með að átta sig á hvar það hefur mig. Mig hefur þó alltaf langað til að fara af krafti út í tónlistina, og er loksins að láta af því verða," segir Felix að lokum. - trs



**ER ALVARA** Felix segir sér vera alvara með tónlistina, en að fólk hafi átt erfitt með að átta sig á hvar það hefði hann hingað til.



# Mynd á hreyfingu

Dans ★★★☆☆

**Discomfort in comfort**
Dansflokkurinn Spírall

**Sýnt í Norðurpólnum 8. - 10. mars**

Það er kærkomin tilbreyting fyrir dansgagnrýnanda að fá að sjá þrjár danssýningar á rétt rúmum mánuði því venjulega líða mánuðir á milli sýninga. Ánægjan verður ekki minni þegar í boði eru þrjár áhugaverðar en mjög ólíkar sýningar. Íslenski dansflokkurinn reið á vaðið með Mínus 16, kröftugu dansverki þar sem dansinn var í fyrirrúmi. Hreyfiþróunarsamsteypan var næst með beinskeytt dansleikhús og nú síðast sýndi dansflokkurinn Spírall verk sem minnti ekki síður á myndlist á hreyfingu heldur en dans.

Verkið Discomfort in Comfort eftir Karen Eide Bøen er sýnt í Norðurpólnum í einhverju bakrými. Áhorfendur eru leiddir út um hliðardyr á miðsalnum, út í snjómugguna og aftur inn í rými þar sem búið var að koma fyrir áhorfendapöllum og dansgólfi. Það var kalt í salnum og gagnrýnandinn þakkaði fyrir að vera í lopapeysunni. Sviðið var afmarkað af þrem veggjum sem hafa einhvern tímann verið hvítir en voru nú snjáðir og þaktir rauðum og bláum málningarslettum. Þrettán dansarar stóðu dreift um gólfið í mismunandi stellingum, allir í marglitum og glaðlegum búningum.

Smám saman fór myndin á sviðinu að lifna við með litlum hreyfingum hér og þar. Þegar lengra leið á verkið bættust kröftug hlaup inn í kóreógrafíuna sem enduðu í áhrifamiklum myndum sköpuðum af hópnum sem heild. Allt sem gerðist á sviðinu krafðist þeirrar líkamlegu nákvæmni sem aðeins vel þjálfaðir dansarar geta sýnt í hreyfingu en það reyndi minna á líkamlegan styrk og snerpu. Framvinda verksins var hæg en skemmtileg, sérstaklega þegar líða tók á. Einsleit hljóðmynd verksins undirstrikaði hlutlausa stemningu sem birtist einnig í svipbrigðalausum andlitum dansaranna. Nöfn Cunninghams og Cage flögruðu um hugann þegar fylgst var með öllu því smáa sem gerðist víðsvegar um sviðið. Í síðasta hluta sýningarinnar varð nokkur breyting á anda verksins, tónlistin varð ljóðrænni og taktfastari og andlit dansaranna létu í ljós örlitla tjáningu. Heildin var samt skýr; verkið rann frá upphafi til enda, hægt en örugglega.

Dansflokkurinn Spírall er mitt á milli þess að vera atvinnu- og amatör-flokkur. Hann er hugsaður sem „platform“ fyrir þá dansara sem eru að klára framhaldsskólanám í dansi og eru að ákveða hvert skal halda. Hann gefur einnig þeim sem hafa grunnmenntun í dansi og langar að halda áfram að dansa þó að þeir hafi ákveðið að velja sér annan atvinnuvettvang tækifæri til að halda sig innan listarinnar.

Flokkur eins og Spírall er mjög mikilvægur hluti af íslenskri dansflóru því innan hans fá ungir dansarar að spreyta sig á dansverkefni undir handleiðslu atvinnu-danshöfundar. Sýningin á fimmtudaginn sýndi að það eru margir efnilegir dansarar að útskrifast með framhaldsskólamenntun í dansi og það verður spennandi að fylgjast með þeim í framtíðinni. **Sesselja G. Magnúsdóttir**

**Niðurstaða:** Sýningin bauð upp á sjónræna upplifun í anda abstraktlistar nema að listaverkið var á hreyfingu.






# LINDIR KÓPAVOGI

# FERMING

**Frábær fermingartilboð í öllum verslunum**




## Fyrir fermingarbarnið!

**16.490** (fullt verð 21.990) – 25% afsláttur

**MCKINLEY DENALI 19**
2ja laga svefnpoki. Þægindahitastig +3° til -3°C. Þolir allt að -19°C. Hámarkshæð notanda 195cm. Hægt að festa 2 poka saman.

**9.740** (fullt verð 14.990) – 35% afsláttur

**ADIDAS COLORADO WINDBREAKER**
Renndur vindjakki með hettu. Herrastærðir: Svartur, dökkblár, rauður. Dömustærðir: Svartur.

**17.990** (fullt verð 22.990) – 20% afsláttur

**MCKINLEY TREKKER**
Gönguskór úr leðri með vatnsheldri AQUAMAX filmu. Stærðir: 42-46.

**3.490** (fullt verð 4.990) – 30% afsláttur

**6.990** (fullt verð 9.990) – 30% afsláttur

**NIKE PREMIER TEAM FIFA**
Vandaður fótbolti, FIFA QUALITY.

**T90 PROTEGGA SHIELD III**
Fótboltalegghlífar. Ökklahlífar lausar frá.

**1098** kr. kg.
Frosið lambalæri frá Goða

**399** kr. pk.
Freyja Bestu molarnir

## FRÁBÆR TILBOÐ FY

Öll kerti og servíettur
25% afsláttur


INTERSPORT

INTERSPORT, OPIÐ
VIRKA DAGA 11-19
LAU. 11-18 OG SUN. 12-18

KRÓNAN

# Nýtt kortatímabil!

## tilboðin gilda aðeins í Lindum

# GARDAGAR

**– fimmtudag til sunnudags!**




KRÓNU APPELSÍN

**29** kr. stk. Pepsi Max 33cl.

**29** kr. stk. Krónu appelsín

**FYRIR VEISLUNA!**

**14.995** Fullt verð 22.995

**35%** afsláttur

**TOSHIBA**
Blu-ray spilari frá Toshiba sem spilar Blu-Ray, DVD og CD diska og styður algengustu skráarsnið. Tengimöguleikar eru HDMI, Digital coax, LAN og USB.
BDX1250KE

**25%** afsláttur

5 ára ábyrgð

**12.745** Fullt verð 16.995

**BaByliss**
**6615E/6616E.** Einn sá vandaðasti og öflugasti á markaðnum með AC mótor og fimmfaldri endingu á við hefðbundna blásara. 2 litir.

**18.745** Fullt verð 24.995

**25%** afsláttur

**PHILIPS**
**RQ1160.** W&D vél í SensoTouch seríunni með GyroFlex 2D rakhaus sem fer vel með húðina. Full hleðsla á 1 tíma gefur 50 mín endingu.

Tekur 2 SIM kort

Þú getur verið með 2 símakort frá mismunandi símafyrirtækjum á sama tíma. Nýttu þér frítt innan símafyrirtækis hjá tveimur símafyrirtækjum í einu tæki.

**29%** afsláttur

**9.995** Fullt verð 13.995

**NOKIA**
GSM sími sem tekur 2 SIM kort (Dual Sim). Allt að 13 klst í tali og 1.000 tímar í bið. MP3 hringitónar. 1,8" 65 þúsund lita skjár. Með dagatali, vekjaraklukku, vasaljósi, T9, FM útvarpi, MP3 spilara o.m.fl.
NOKX101

**14.995** Fullt verð 24.995

**40%** afsláttur

FYRIR VEISLUNA!

**DēLonghi**
**Melody.** Lítil og nett kaffi- og espressovél með mikla möguleika. 15 bara þrýstingur, stillanleg bollahæð og 1,5 lítra vatnstankur.
**Yfir 20 gerðir af drykkjum í boði (kaffi, te og súkkulaði).**

Kaffi og espressovélar

**25%** afsláttur

**8.995** Fullt verð 11.995
RECKONING KINGDOMS OF AMALUR

**8.995** Fullt verð 11.995
SYNDICATE

KRÓNAN LINDUM,
OPIÐ ALLA DAGA 10-20

ELKO

ELKO, OPIÐ
VIRKA DAGA 11-19
LAU. 11-18 OG SUN. 12-18





## > Í SPILARANUM

The Shins – Port of Morrow
The Wedding Present – Valentina
Michael Kiwanuka – Home Again
Gillon – Næturgárun

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Snýst allt um frægðina

Billy Corgan úr Smashing Pumpkins segir að tónlistarbransinn sé uppfullur af sýndarmennsku. Á tónlistarhátíðinni South By Southwest sagðist hann hafa verið hluti af kynslóð tónlistarmanna sem vildi breyta heiminum. Í dag hafa tónlistarmenn bara áhuga á að vera frægir.

Hann bætti því við að ef hann væri að hefja feril í dag þyrfti hann að kveikja í sjálfum sér á Youtube til að vekja athygli. Hann líkti einnig nýjum tónlistarmönnum við fatafellur.

„Þeir hafa alist upp við að halda að markmiðið sé að vera frægur. Ekki að öðlast virðingu, ekki að vera hættulegur.“

Smashing Pumpkins gefur síðar á árinu út plötuna Oceania sem er að mati Corgans sú besta sem hann hefur sent frá sér í sextán ár.



**BILLY CORGAN** Segir að bransinn sé uppfullur af sýndarmennsku. NORDICPHOTOS/GETTY




## > PLATA VIKUNNAR

★★★★★

**Wrecking Ball - Bruce Springsteen**
„Mikilvægasta plata Bruce Springsteen í langan tíma.“ -TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Leila fer til Berlínar*

Margir tóku fyrst eftir írönsku tónlistarkonunni Leilu Arab þegar Björk réði hana sem hljómborðsleikara í hljómsveitinni sem hún setti saman til að fylgja eftir Debut plötunni árið 1993. Leila vann mikið með Björk næstu árin, en fór svo að búa til sín eigin tónlist. Fyrsta platan hennar, Like Weather, kom út hjá útgáfu Aphex Twin, Rephlex, árið 1998. Fín raftónlistarplata í anda listamanna útgáfunnar. Síðan hefur Leila spilað víða sem plötusnúður og gefið út þrjár plötur til viðbótar: Courtesy of Choice kom út hjá XL árið 2000, Blood Looms and Blooms kom út 2008 hjá Warp og fyrir nokkrum vikum kom fjórða platan, U&I, út hjá sama fyrirtæki.



**LEILA ARAB** Fjórða platan U&I er komin út á vegum Warp-útgáfunnar.

U&I er unnin með Mt. Sims, sem er listamannsnafn bandaríska upptökustjórans og tónlistarmannsins Matthew Sims, sem starfar í Berlín. Sims hefur gert nokkrar plötur og unnið með Svíunum í The Knife og ensku listakonunni Janine Rostron, sem kallar sig Planningtorock, en hún bauð upp á frábæra tónleika á Airwaves fyrir nokkrum árum.

Sims semur öll lögin á U&I með Leilu og syngur nokkur þeirra. Tónlist Leilu hefur alltaf verið framsækin og tilraunakennd, en samt er nýja platan ólík fyrri plötunum. Yfirbragðið er hrárra og groddaralegra og stemningin villtari. U&I er kannski ekki meistaraverk, en skemmtileg plata engu að síður.






# Stjörnuregn á sólóplötu

**Fjórða sólóplata will.i.am. nefnist #willpower. Mick Jagger, Jennifer Lopez og Britney Spears eru á meðal gestasöngvara.**

Fjórða sólóplata will.i.am. úr hljómsveitinni The Black Eyed Peas nefnist #willpower og er væntanleg á næstunni. Í fyrsta smáskífulaginu, hinu eldhressa T.H.E. (The Hardest Ever), nýtur hann aðstoðar frá ekki ómerkari manneskjum en Mick Jagger og Jennifer Lopez. „#willpower er stútfull af upplífgandi lögum, sem hvetja fólk áfram sem á því þarf að halda,“ sagði will.i.am.

Popparinn ólst upp í Los Angeles. Í menntaskóla kynntist hann Allan Lindo, eða apl.de.ap. úr Black Eyed Peas, og ásamt þremur öðrum stofnuðu þeir rappsveitina Atban Klann. Rapparinn Eazy-E sá efnivið í strákunum og gerði við þá útgáfusamning hjá fyrirtæki sínu Ruthless Records árið 1991. Þeir tóku upp plötu en hún leit aldrei dagsins ljós vegna dauða Eazy-E 1995. Atban Klann breytti nafni sínu í The Black Eyed Peas og sú sveit hefur núna selt yfir fimmtíu milljónir platna um heim allan.

Þegar The Black Eyed Peas hafði gefið út tvær plötur vildi will.i.am. koma eigin efni á framfæri og gaf út sína fyrstu sólóplötu, Lost Change, árið 2001. Tveimur árum síðar gaf hann út þá næstu, Must B 21 en frekar lítið fór fyrir þeim báðum.

Eftir útgáfu fjórðu plötu Black Eyed Peas, stjórnaði will.i.am. upptökum á fyrstu sólóskífu Fergie, The Dutchess. Í framhaldinu hóf hann samstarf með Michael Jackson árið 2006. Það stóð yfir til dauða Jacksons en að sögn Will verður ekkert gefið út af efninu sem þeir tóku upp.

Þriðja sólóplata will.i.am., Songs About Girls, kom út 2007. Sjálfur leit hann á hana sem fyrstu sólóplötu sína. Hinar tvær voru að hans mati eingöngu samansafn efnis sem hann hafði verið að dunda sér við í hljóðverinu. Songs About Girls hlaut dræmar móttökur og fór einungis í 38. sætið á Billboard-listanum á meðan sólóplata Fergie fór beint í annað sætið.

Nýjasta sólóplatan átti upphaflega að heita Black Einstein. Nokkur lög sem Will tók upp fyrir teiknimyndina Rio verða þar í nýjum útgáfum, auk þess sem Nicki Minaj, Britney Spears, Cheryl Cole og Busta Rhymes eru á meðal gestasöngvara. Miðað við nýja smáskífulagið með Jagger og Lopez gæti þessi fjórða plata hitt í mark og aflað will.i.am. virðingar sem öflugur sólótónlistarmaður.

freyr@frettabladid.is



**SÓLÓFERILL** Popparinn will.i.am. gefur á næstunni út sína fjórðu sólóplötu, #willpower. NORDICPHOTOS/GETTY

## LAGALISTINN

Vikuna 8. - 14. mars 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Magni | *Hugarró* |
| ▼ | 2 | Valdimar Guðmunds. / Helgi Júl. | *Stöndum sama* |
| ▲ | 3 | Fun / Janelle Monae | *We are Young* |
| ▲ | 4 | Blár ópal | *Stattu upp* |
| ▼ | 5 | Retro Stefson | *Qween* |
| ▼ | 6 | Of Monsters and Men | *Lakehouse* |
| ▲ | 7 | The Black Keys | *Lonely Boy* |
| ▼ | 8 | Greta Salóme / Jónsi | *Mundu eftir mér* |
| ▲ | 9 | M83 | *Midnight City* |
| ▶ | 10 | Train | *Drive By* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 1. - 14. mars 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Mugison | *Haglél* |
| ▲ | 2 | Of Monsters and Men | *My Head is an Animal* |
| ▼ | 3 | Ýmsir | *Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012* |
| * | 4 | Bruce Springsteen | *Wrecking Ball* |
| ▶ | 5 | Adele | *21* |
| ▶ | 6 | Leonard Cohen | *Old Ideas* |
| ▲ | 7 | Hjálmar | *Órar* |
| ▲ | 8 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▲ | 9 | Paul McCartney | *Kisses On The Bottom* |
| ▼ | 10 | Valgeir Guðjónsson | *Spilaðu lag fyrir mig* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is.

# STÖÐVAR 2 VILDARTILBOÐ




PHILIPS 2 | VILD

**Philips 40PFL5206H**
- 40″ LED LCD Pixel Plus FHD sjónvarp
- Full-HD 1920x1080p upplausn
- 100 Hz Perfect Motion
- Stafrænn DVB-T móttakari
- USB margmiðlunartengi

**TILBOÐ**
**129.995**
FULLT VERÐ 159.995




PHILIPS 2 | VILD

**Philips 32PFL5606H**
- 32″ LED LCD Pixel Plus FHD sjónvarp
- Full-HD 1920x1080p upplausn
- 100 Hz Perfect Motion
- Stafrænn DVB-T móttakari
- USB margmiðlunartengi

**TILBOÐ**
**99.995**
FULLT VERÐ 129.995




Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

> **SKILNAÐUR**



Twilight-leikarinn Peter Facinelli og eiginkona hans Jennie Garth, sem sló í gegn í Beverly Hills 90210, hafa ákveðið að skilja eftir 11 ára hjónaband. Þau eiga saman þrjár dætur á aldrinum 5 til 14 ára.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Hryðjuverkaárásir og villt partý

Tvær kvikmyndir eru frumsýndar í bíóhúsum um helgina auk myndarinnar Carnage sem er fjallað um hér fyrir neðan.

Í myndinni Act of Valor fara raunverulegir sérsveitarmenn með helstu hlutverk. Eftir að hafa náð að frelsa CIA-starfsmann úr klóm mannræningja komast sérsveitarmennirnir á snoðir um hryðjuverkahóp sem er að skipuleggja mannskæða hryðjuverkaárás á Bandaríkin. Þeir lenda í kjölfarið í veigameira verkefni en þeir höfðu nokkurn tímann búið sig undir og ferðast um allan heim í þeirri von að uppræta hryðjuverkasamtökin og koma í veg fyrir árásirnar, hvað sem það kostar, en myndin hefur verið nefnd ein albesta hasarmynd seinni tíma.

Gamanmyndin Project X kemur úr smiðju þeirra sömu og færðu okkur Hangover-myndirnar og má því áætla að von sé á góðu. Myndin fjallar um þrjá stráka sem ákveða að halda risapartý í tilefni 17 ára afmælis eins þeirra, í þeirri von að afla sér vinsælda innan skólans. Partýið fer þó heldur betur úr böndunum, með skrautlegum afleiðingum.

Meirihluti leikaranna í myndinni hefur aldrei birst á hvíta tjaldinu áður, þó nokkur nöfn séu lítillega kunnug, en með helstu hlutverk fara Thomas Mann, Oliver Cooper og Jonathan Daniel. **- trs**



**MÖGNUÐ SPENNUMYND** Myndin Act of Valor hefur verið nefnd ein besta hasarmynd síðari ára, en í henni leika raunverulegir og þaulþjálfaðir sérsveitarmenn.

## KVIKMYNDARÝNI




★★☆☆☆

**JOHN CARTER**
„En myndin sem hér er til umræðu nær aldrei almennilegu flugi og bendi ég á þunglamalegt handritið og oflengd sjálfrar myndarinnar sem helstu sökudólga.“

★★★☆☆

**THE WOMAN IN BLACK**
„Eitt besta dæmið um eyðileggingarmátt pissupásunnar, en The Woman in Black er frábær fram að henni.“

★★★☆☆

**MACHINE GUN PREACHER**
„Óvenjuleg mynd sem fer vel af stað en tapar áttum. Butler nær þó að ýta skrjóðnum langleiðina heim.“ **- hva**

★★★★☆

**SVARTUR Á LEIK**
„Svartur á leik húðar viðfangsefni sitt ekki í sykur. Óskar og félagar sýna raunverulega mynd af sýndarheiminum í frábærri spennumynd.“






**GOTT LEIKARAVAL** Leikararnir í nýjustu kvikmynd Romans Polanski hafa hlotið mikið lof fyrir leik sinn. Myndin er frumsýnd annað kvöld.

# Skjótt skipast veður í lofti

**Kvikmyndin Carnage verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Myndin er í leikstjórn Romans Polanski og hafa leikarar hennar hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína í myndinni.**

Kvikmyndin segir frá tvennum hjónum sem ákveða að ræða málin eftir að synir þeirra lenda upp á kant hvor við annan. Það sem upphaflega átti að vera róleg kvöldstund með kurteislegum samræðum breytist þó fljótlega í hávaðarifrildi og ósætti milli hjóna.

Leikstjórinn og Óskarsverðlaunahafinn Roman Polanski skrifaði bæði handritið að myndinni og leikstýrði og hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og áhorfenda. Með aðalhlutverk fara stórleikararnir Jodie Foster, Kate Winslet, Christoph Waltz og John C. Reilly.

Carnage var frumsýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í ágúst og hlaut þar góðar viðtökur. Vefsíðan Rotten Tomatoes gefur myndinni 72 prósent á ferskleikaskalanum og vefsíðan Metacritic gefur henni 61 stig af hundrað mögulegum.

Winslet og Foster voru báðar tilnefndar til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn í kvikmyndinni auk þess sem Boston Society of Film Critics tilnefndi leikarahópinn til verðlauna í flokki yfir besta leikaraval í kvikmynd.

### AF BROADWAY Á HVÍTA TJALDIÐ

- Carnage gerist í Brooklyn-hverfinu í New York en þrátt fyrir það fóru tökur fram í París vegna handtökuskipunar á hendur Polanski í Bandaríkjunum, en líkt og frægt er orðið var hann ákærður fyrir nauðgun á ungri stúlku árið 1977.
- Handritið er byggt á leikritinu God of Carnage eftir franska leikskáldið Yasmina Reza. Hún skrifaði handritið að kvikmyndinni ásamt Polanski.
- Leikverkið God of Carnage hefur verið sett upp í West End í London þar sem Ralph Fiennes fór með eitt aðalhlutverkanna. Það hefur einnig verið sett upp á Broadway og fóru Jeff Daniels, Hope Davis og James Gandolfini með aðalhlutverkin þar auk Marciu Gay Harden.

# Ruslabörnin í bíó

Í Hollywood virðist fortíðarþráin einráð um þessar mundir, fjölmargar endurgerðar kvikmyndir hafa litið dagsins ljós og enn fleiri eru enn á hugmyndastiginu. Framleiðandinn Michael Eisner hefur lýst yfir áhuga á að framleiða mynd byggða á fígúrum Garbage Pail Kids-safnspilanna.

Spilin voru framleidd árið 1985 og náðu miklum vinsældum, svo miklum að þau voru bönnuð í grunnskólum Bandaríkjanna því börn voru hætt að fylgjast með í tímum. Eisner hefur leitað leiða til að koma hinum vinsælu Garbage Pail Kids á hvíta tjaldið frá árinu 2007. Hann hefur fengið til liðs við sig handritshöfundinn Michael Vukadinovich til að vinna að uppkasti og átt í viðræðum við leikstjórann Adam Pesapane.

Gamlir safnarar Garbage Pail Kids gætu því átt von á því að sjá Adam Bomb, Peeled Paul, Handy Randy og Babbling Brook á hvíta tjaldinu á næstu árum.




**FORTÍÐARÞRÁ** Framleiðandinn Michael Eisner hefur áhuga á að framleiða mynd um Garbage Pail Kids.

# Drakúla í þrívídd

**Adam Sandler vinnur nú að nýrri teiknimynd í þrívídd sem heitir Hotel Transylvania. Söguhetjan er Drakúla greifi og félagar hans sem halda upp á afmæli Mavis, dóttur Drakúla, á hóteli hans. Um er að ræða hryllings-grín og ljá stjörnur á borð við Kevin James, David Spade og Selena Gomez fígúrunum rödd sína. „Þegar allir voru mættir í stúdíóið varð alger orkusprenging sem er nauðsynleg til að sýna fram á að þessi skrímsli eru fjölskylda,“ segir Sandler.**



ADAM SANDLER



# NÓATÚN
*Við gerum meira fyrir þig*

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

**UNGNAUTA-HAMBORGARI**

| | |
|---|---|
| 90 G | 149 KR./STK. |
| 120 G | 229 KR./STK. |
| 200 G | 299 KR./STK. |

## Úrval, gæði og þjónusta í Nóatúni



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

**20% afsláttur**

LAMBAPRIME
**2798** KR./KG
~~3498~~

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

GRÍSABÓGUR, HRINGSKORINN
**598** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI



BREIÐHOLTSBAKARÍ SPELT RÚGBRAUÐ
**249** KR./PK.



**20% afsláttur**

ÍM KJÚKLINGA-BRINGUR
**2215** KR./KG
~~2769~~



PLOKKFISKUR
**1098** KR./KG

ÚR FISKBORÐI – FERSKIR Í FISKI



CHEERIOS 397 G
**479** KR./PK.



MYLLU KLEINUR 25% MEIRA MAGN
**399** KR./PK.



RISTORANTE PIZZUR
**549** KR./PK.



DALOON RÚLLUR M/KJÚKLINGI EÐA NAUTAKJÖTI
**598** KR./PK.



NEUTRAL ÞVOTTAEFNI, 1,9 KG
**779** KR./PK.

Öll verð birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Opið til miðnættis alla daga **8-24**

NÝTT KORTATÍMABIL

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

OUTLET

Frábært verð
>>>>
Miðhrauni 2, Garðabæ

Mikið úrval
Gerðu frábær kaup
>>>>>>>

Opnunartímar Miðhrauni 2
ÞRI.-FÖS.: 12:00 - 18:00
LAU.-SUN.: 11:00 - 17:00







**FARSÍMANOTKUN VELDUR ÞUNGLYNDI** Samkvæmt nýjum rannsóknum Sahlgrenska sjúkrahússins í Svíþjóð getur mikil farsímanotkun valdið bæði stressi og þunglyndi. Vandamálið er algengast hjá ungu fólki á aldrinum 20-25 ára sem stöðugt er með símann við höndina.




# LEÐUR OG BLÓM

**TÍSKA** Línurnar fyrir komandi haust voru lagðar á nýyfirstöðnum tískuvikum. Þar mátti sjá margar fallegar flíkur og fylgihluti og greina yfirvofandi tískustrauma. Víða mátti sjá munstraðar flíkur, og þá sér í lagi blóma- og austurlensk munstur, líkt og hjá hönnuðunum Jason Wu og Proenza Schouler. Víðar leðurbuxur voru einnig áberandi og mátti sjá fyrirsætur klæðast slíku á sýningum Topshop Unique, Gucci og Derek Lam.

Aðrir tískustraumar sem búast má við að verði áberandi næsta haust eru útvíðar buxur, loðkragar og sterkir bláir litir.

# Útsmogin kynferðisleg áreitni

**KYNLÍF** Nýlega gaf mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar og MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna við Háskóla Íslands út fræðslubæklinginn „Klámvæðing er kynferðisleg áreitni“. Í bæklingnum má finna fjölmörg dæmi um kynferðislega áreitni á vinnustað.

Þegar ég las titil bæklingsins þá vissi ég ekki hverju ég ætti von á og hugsaði með mér að þetta væri enn eitt dreifiritið sem kennir klámi um allt sem aflaga fer í þessum heimi. Ég persónulega er orðin þreytt á slíkri skýringu enda er það ofureinföldun að henda öllum vandmálum heimsins í ruslatunnu klámsins.

En er ég las bæklinginn þá rifjaðist upp fyrir mér tímabil í lífi mínu þar sem ég var níu til fimm starfsmaður fjármálafyrirtækis, fyrir hrun. Þekking mín á fjármálum var takmörkuð við það að þéna og eyða en það virtist ekki koma að sök. Vinnustaðurinn var mér mjög framandi. Ég reyndi að láta lítið fyrir mér fara og læra reglurnar sem þarna giltu. Fyrsta vinnudaginn fór samstarfsmaður í tölvupóstinn minn og sendi öðrum starfsmanni póst um að ég þráði hann kynferðislega. Þá tók að rigna yfir mig skilaboðum, í síma og pósti, frá hinum ýmsu mönnum að segja mér hvað ég væri sæt. Þetta þótti ákaflega fyndið og ég roðnaði rétt ögn en hló með, þetta voru víst reglurnar sem giltu í þessum heimi. Ég var kölluð „sæta“, af körlum, jafnt sem konum. Það pirraði mig ekkert því svona var þessi heimur og ég taldi það vera mitt hlutverk að spila með. Í starfsmannateitum þótti ekkert tiltökumál að mæta án maka enda kjörið tækifæri fyrir undirmenn að fara í sleik við yfirmenn. Þá mátti líka klípa, flassa og flengja rassa, rífa úr skyrtum og sitja í kjöltu samstarfsmanna. Ef þú varst ekki til í tuskið þá varstu bara leiðinleg eða „róttækur rauðsokkufeministi“ með loðin kynfæri. Ég klæddist kjólum og það þótti einkar kynæsandi í þessu starfsumhverfi var mér tjáð af kvenkyns samstarfsmanni. Ekkert var heilagt, hvorki í gjörðum né orðum.

Það var samt ekki einungis kynferðisleg áreitni sem viðgekkst heldur einnig kynjamisrétti. Á einum starfsmatsfundi með karlkyns yfirmanni óskaði ég eftir launahækkun. Hann horfði hneykslaður á mig og spyrði hvernig mér dytti í hug að fara fram á sömu laun og nýútskrifaður verkfræðingur. Ég benti honum góðfúslega á að sömu þrjú ár í háskóla væru að baki þeirri menntun líkt og minni. Hann hristi höfuðið og sagðist ekki geta hækkað mig upp í sömu laun og lægstu laun karlmannsins í minni deild. Þegar ég kvartaði yfir þessum ummælum við karlkyns starfsmannastjóra þá hló hann og sagði ummælin „óheppileg“.



**ÓÞOLANDI** Áreitni, kynferðisleg og önnur, er útsmogin og oft dulin en algerlega óliðandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Stuttu áður en krafa mín um launahækkun átti sér stað þá hafði kvenkyns yfirmaður dregið mig afsíðis og lesið mér pistilinn um að „sterkar og sjálfstæðar“ konur, eins og „við“, myndum aldrei ná okkur í maka því karlmönnum stæði ógn af okkur. Hvað hennar skoðun á mínu einkalífi tengdist vinnu var ég ekki viss um og er ekki í raun enn þann dag í dag.

Áreitni, kynferðisleg og önnur, er útsmogin og oft dulin en algerlega ólíðandi. Vinnustaður á að vera faglegur vettvangur þar sem verðleikar eiga að ráðast af frammistöðu en ekki vilja til framhjáhalds og slúðurs.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is




THE AMAZING EVERYDAY
SKEMMTILEGRI
EINFALDARI
HRAÐARI
NOKIA
12:38
3
Messaging
People
2
Linked inbox
Party Buddies
Pictures
Music
Marketplace
GROUPON
Me
Windows Phone
NOKIA
LUMIA 800

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is

THE VOW — HVAÐ EF SÍÐUSTU FIMM ÁR ÆVI ÞINNAR HYRFU Á EINU AUGNABLIKI? BYGGÐ Á SANNSÖGULEGUM ATBURÐUM. RACHEL McADAMS CHANNING TATUM

SVARTUR Á LEIK — ★★★★ MBL ★★★★ KVIKMYNDIR.IS ★★★★ FT ★★★★ FBL ★★★★ PRESSAN.IS ★★★★ DV — TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI 32.000 MANNS — LÚXUS

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND MEÐ ÍSLENSKU TALI — Töfrateningurinn

THE ARTIST — ★★★★★ P.D., FRÉTTATÍMINN ★★★★★ H.V.A., FRÉTTABLAÐIÐ

HAYWIRE — ★★★★ FRÉTTABLAÐIÐ ★★★★ SVARTHÖFÐI.IS

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE VOW | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 3.40 | L |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.40 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE VOW | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SAFE HOUSE | KL. 10.15 | 16 |
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.40 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| LISTAMAÐURINN | KL. 5.45 - 8 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE VOW | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is

JOHN CARTER — MÖGNUÐ ÆVINTÝRAMYND Í 3D — ★★★★ PLEASANT SURPRISE - C.B. JOBLO.COM — EXPLOSIVE - J.D.A. MOVIE FANATIC — PURE MAGIC - H.K. AIN'T IT COOL NEWS — VISUALLY STUNNING - K.S. FOX TV — FYRSTA STÓRMYND ÁRSINS. SÝND Í 2D OG 3D

THE WOMAN IN BLACK — Ein besta draugamynd síðari ára — ★★★★ Time ★★★★ Movieline — Myndin sem hefur setið síðustu 3 vikur á toppnum í Bretlandi og notið gríðarlega vinsælda í USA.

JOURNEY 2 — Toppmyndin á Íslandi og vinsælasta myndin í heiminum í dag — FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA MÖGNUÐ ÞRÍVÍDD — VANESSA HUDGENS, MICHAEL CAINE OG DWAYNE „THE ROCK“ JOHNSON TRYGGJA ÓSTÖÐVANDI BÍÓSKEMMTUN

A FEW BEST MEN — ★★★★ blurb.com

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 3D | 7 |
| JOHN CARTER | kl. 10:10 | 2D | 7 |
| JOHN CARTER Luxus VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| HUGO Með texta | kl. 5:30 - 8 | 2D | 10 |
| CONTRABAND | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 8 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 6 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 10:40 | 2D | 16 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 5:10 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |
| HUGO | kl. 5:20 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND 3D | kl. 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| HUGO Með texta | kl. 10:10 | 2D | 10 |
| EXTREMLY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE M/ísl. Tali | kl. 5:20 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 8 | 3D | 7 |
| SVARTUR Á LEIK | kl. 10:40 | 2D | 16 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMbio.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — AUKAKRÓNUR 5%

JOHN CARTER — ★★★★ C.B. - JOBLO.COM — MÖGNUÐ ÆVINTÝRA MYND Í 3D

SVARTUR Á LEIK — ★★★★ FBL ★★★★ MBL ★★★★ DV ★★★★ FT

SAFE HOUSE — ★★★½ V.J.V. - Svarthöfði.is

THE IRON LADY — MERYL STREEP — ★★★★ H.S.K. - MBL

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| JOHN CARTER 3D | 7 og 10.15 |
| SVARTUR Á LEIK | 5.50, 8 og 10.15 |
| SAFE HOUSE | 8 og 10.20 |
| THE IRON LADY | 5.50 |



**SKEMMTILEGT VERKEFNI** Gylfi Blöndal og Sigurður Magnús Finnsson standa fyrir upptökum á íslenskri útgáfu plötunnar Rumors. Högni Egilsson úr Hjaltalín, Lóa Hjálmtýsdóttir úr FM Belfast og Unnsteinn Manuel Stefánsson úr Retro Stefson koma við sögu.

# Spreyta sig á Fleetwood

**Hópur íslenskra tónlistarmanna er að taka upp eigin útgáfu plötunnar Rumors með Fleetwood Mac.**

**40** Rumors hefur selst í yfir 40 milljónum eintaka.

„Ég er sannfærður um að þetta eigi eftir að vera skemmtilegt og kannski pínu furðulegt líka,“ segir tónlistarmaðurinn Gylfi Blöndal. Hann og félagi hans, Sigurður Magnús Finnsson, eða Siggi Shaker, hafa fengið hóp íslenskra tónlistarmanna til að taka upp nýja útgáfu af plötunni Rumors með Fleetwood Mac. Hún kom út árið 1977 og er vinsælasta plata hljómsveitarinnar með lögum á borð við Go Your Own Way, Don´t Stop og Dreams. Gylfi og Sigurður eru miklir aðdáendur Fleetwood Mac og sérstaklega „Kaliforníu-popp“-skeiðs hennar eftir 1975.

Í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá útgáfu Rumors ákváðu þeir að fá vini sína deila dálæti þeirra á Fleetwood Mac til að taka upp eigin útgáfur af lögum plötunnar. Þeir sem þegar hafa staðfest þátttöku sína eru Hjaltalín, Retro Stefson, FM Belfast, Sóley, Sin Fang og Mr. Silla, auk þess sem Pétur Ben og Snorri Helgason taka upp lag saman og einnig Borko og Lay Low. „Það sem er svolítið gaman við þetta er að ég og Siggi og flestir sem eru að spila á þessari plötu eru nánast að fæðast þegar hún er að koma út. Það er mjög líklegt að maður hafi einfaldlega fengið þessa dellu í vöggugjöf,“ segir Gylfi og hlær. „Það sem er líka gaman við þessa plötu er að fólk kannski um sjötugt er að fíla hana en líka ungt fólk. Það lýsir því hversu góð lög þetta eru.“

Upptökur eru hafnar og stefnt er á útgáfu seint í sumar. Einnig eru tónleikar fyrirhugaðir.

freyr@frettabladid.is

# Brjálað danspartý á Nasa

„DFA records er ein svalasta plötuútgáfa í New York þegar kemur að dans- og indítónlist,“ segir Helgi Már, annar stjórnandi þáttarins Party Zone á Rás 2.

DFA records heldur risa danspartý á skemmtistaðnum Nasa 4. apríl, í samstarfi við Faxaflóa og Party Zone, þar sem hljómsveitin Shit Robot verður aðalflytjandi kvöldsins.

„DFA-liðið hefur mikið komið hingað til Íslands á síðustu árum og gjörsamlega fallið fyrir landi og þjóð,“ segir Helgi. „Við höfum verið í samstarfi við þá nokkrum sinnum áður en aldrei haldið kvöld undir þeirra formerkjum, svo okkur fannst vera kominn tími til þess,“



**VINSÆL DANSTÓNLIST** Hljómsveitin Shit Robot kemur fram á DFA kvöldinu á Nasa. Hljómsveitin er þekkt fyrir vinsæla dansslagara.

Helgi Már segir hljómsveitina Shit Robot alveg geðveika. „Allir plötusnúðar sem eru að spila af einhverju ráði elska hana og spila út í eitt,“ segir hann. „Þeir sem þykjast ekki kannast við hana þurfa ekki annað en að fletta henni upp á YouTube og ég er nokkuð viss um að þeir komi til með að þekkja efnið.“

Auk þess að spila á sviði má gera ráð fyrir að meðlimir Shit Robot, sem eru plötusnúðar líka, þeyti skífum með DJ Margeiri að tónleikum loknum. DJ Margeir og Daníel Ágúst sjá um upphitun fyrir tónleika og plötusnúðar úr Kanilhópnum koma fram, ásamt DJ Casanova. „Þetta verður landslið Íslands í danstónlist, og gera má ráð fyrir mjög sveittu kvöldi,“ segir Helgi og bætir við að þetta verði á sama tíma kveðjupartý Party Zone á Nasa, þar sem þeir hafa haldið ófá danskvöldin í gegnum tíðina.

Von er á öðru DFA kvöldi nú í sumar, og er þá tónlistarmaðurinn Juan MacLean væntanlegur hingað til lands. Kappinn sá á einn stóran danshittara, auk nokkurra minni.

Miðasala er hafin á midi.is og í verslunum Mohawks í Kringlunni og á Laugavegi.

- trs



**VANUR MAÐUR** Channing Tatum segist vera orðinn vanur frægðinni.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Frægðin venst hratt

**Channing Tatum segist hafa vanist því með árunum að vera þekktur leikari í Hollywood, en fyrst þótti honum tilfinningin óþægileg.**

**„Til að byrja með leið mér eins og ég ætti ekki heima hér en núna finnst mér ég vera betri í hlutverkinu. Ég barðist á móti frægðinni í fyrstu því mér fannst hún andlega alltof erfið. Þegar manni mistókst og þurfti svo að lesa gagnrýnina næstu daga, jeminn, það var erfitt að venjast því,“ sagði leikarinn viðkunnanlegi um frægðina.**

BÍÓ ★ PARADÍS — MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS — CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

FIMMTUDAGUR: BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 20:00, 22:20 ■ BLIKKIÐ 18:00, 20:00 ■ MACHINE GUN PREACHER 17:30, 22:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 20:00, 22:20 ■ THE DESCENDANTS 20:00, 22:20 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00
ÍSL. TEXTI ENG. SUBS

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.

“MOVES LIKE A SNAKE ON SPEED” -TWITCHFILM SVARTUR Á LEIK (BLACK'S GAME) ENGLISH SUBTITLES

BLIKKIÐ SAGA MELAVALLARINS

# Lohan ók á mann

Leikkonan Lindsay Lohan keyrði á mann er hún ók út af bílastæði skemmtistaðar í Hollywood. Lohan ók brott án þess að athuga hvort manninum hefði orðið meint af.

Er Lohan var ók út af bílastæðinu var bifreið hennar umkringd af ljósmyndurum og er leikkonan reyndi að komast í gegnum þvöguna ók hún á framkvæmdastjóra nálægs skemmtistaðar. Leikkonan ók brott án þess að athuga hvort maðurinn hafði slasast við höggið. Lögregla var kölluð til og yfirheyrði fórnarlambið og nokkur vitni en málið var látið niður falla þegar í ljós kom að fórnarlambið var óskaddað.



**Í VANDRÆÐUM** Leikkonan Lindsay Lohan ók á mann og lét sig hverfa.
NORDICPHOTOS/GETTY



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÞAU FENGU MEST**

**Sóley, Sólstafir, Lay Low og Of Monsters and Men** hlutu hæstu styrkina hjá Kraumi í ár.

# Sóley hlaut hæsta styrkinn

**Sóley Stefánsdóttir hlaut hæsta styrkinn hjá Kraumi í ár. Aðrir sem fengu háan styrk voru Sólstafir, Lay Low, Of Monsters and Men og hátíðin Eistnaflug.**

Kraumur tónlistarsjóður hefur úthlutað ellefu milljónum króna til fimmtán tónlistartengdra verkefna. Þar af fengu tónlistarmenn sem eru að spila erlendis 5,4 milljónir.

Tónlistarkonan Sóley Stefánsdóttir fékk hæsta styrkinn, eða 1,2 milljónir króna. Hún gaf út sína fyrstu sólóplötu í fyrra, We Sink, sem hlaut mjög góðar viðtökur gagnrýnenda.

Rokksveitin Sólstafir fékk eina milljón í styrk og á eftir henni komu Lay Low og Of Monsters and Men með 800 þúsund krónur fyrir sameiginlega tónleikaferð um Bandaríkin og Kanada sem er nýhafin.

Kammerkór Suðurlands hlaut 600 þúsund krónur og Dead Skeletons, hljómsveit Jóns Sæmundar og Henriks Björnssonar, fékk hálfa milljón, rétt eins og Stafnbúi, sem þeir Hilmar Örn Hilmarsson og Steindór Andersen standa á bak við.

Fjórar milljónir voru veittar til verkefna innanlands. Hæstu styrkina fengu tónlistarhátíðin Eistnaflug, Mr. Silla og Snorri Helga, eða 700 þúsund hver. Raftónlistarhátíðin Extreme Chill Festival og hljómsveitin Moses Hightower hlutu hálfa milljón hvor.

Kraumur hefur verið starfandi í fimm ár og í þetta sinn bárust sjóðnum 189 umsóknir um styrki. Megintilgangur Kraums er að styðja við bakið á íslensku tónlistarlífi og þá fyrst og fremst ungum tónlistarmönnum. freyr@frettabladid.is



**CYNDI LAUPER** Söngkonan hugsar hlýtt til Japans.

# Hugsar hlýtt til Japans

**Cyndi Lauper, sem söng í Hörpunni í fyrra, hefur hvatt ferðamenn til að heimsækja Japan. Eitt ár er liðið síðan jarðskjálfti og flóðbylgja gengu yfir landið. Yfir fimmtán þúsund fórust í harmleiknum.**

**„Mig langar að segja heiminum að gleyma ekki Japan. Fólkið sem lenti í þessu má ekki einangrast,“ sagði Lauper á blaðamannafundi í Tókýó. Hún var einmitt stödd í Japan þegar atburðirnir áttu sér stað. Hún hvatti stjórnvöld einnig til að veita meiri upplýsingar um möguleg áhrif geislunar á svæðinu.**



A FULL RANGE WELCOME TO THE NEW IVECO DEALER, KRAFTVÉLAR!

At Kraftvélar the focus is on good customer service and as new dealer and service point for Iveco, Kraftvélar now offer Iveco's broad range of light, medium and heavy commercial vehicles as well as Iveco's well known service to keep you on the road for your daily work.

Contact Kraftvélar for service or quotation for a new vehicle.

*Iveco, a company in the Fiat Industrial Group, designs, manufactures, and markets a broad range of light, medium and heavy commercial vehicles. Iveco employs over 25,000 people and runs 24 production units in 10 countries. More than 5,000 service outlets in over 100 countries guarantee technical support wherever in the world an Iveco vehicle is at work.*

KRAFTVÉLAR

Kraftvélar ehf.- Dalvegur 6-8 - 201 Kópavogur
Sími 535 3500 - Fax 535 3501
www.kraftvelar.is - kraftvelar@kraftvelar.is

IVECO

# sport

sport@frettabladid.is



**LANDSLIÐSKONURNAR** Þóra Björg Helgadóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir verða í sviðsljósinu í dag þegar LdB Malmö fær þýska liðið FFC Frankfurt í heimsókn í fyrri leik liðanna í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn verður í beinni á Eurosport klukkan 15.00 (Stöð 40 á Fjölvarpinu). Seinni leikur liðanna fer síðan fram eftir sex daga. Margrét Lára Viðarsdóttir er meidd og gat ekki leikið með Turbine Potsdam sem vann 2-0 sigur á rússneska liðinu Rossiyanka í fyrri leik sínum í gær.

## ÚRSLIT

*Vináttulandsleikur:*

**Þýskaland-Ísland 33-22**
Mörk Íslands: Ólafur Gústafsson 5, Róbert Gunnarsson 4, Ásgeir Örn Hallgrímsson 3, Ólafur Bjarki Ragnarsson 3, Stefán Rafn Sigurmannsson 3, Arnór Gunnarsson 1, Sigurbergur Sveinsson 1, Hannes Jón Jónsson 1, Rúnar Kárason 1.
Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 13.

*IE-deild kvenna:*

**Haukar-KR 78-56**
Haukar: Tierny Jenkins 20/19 fráköst/5 stolnir, Jence Ann Rhoads 15/9 stoðsendingar, Íris Sverrisdóttir 11, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 10, María Lind Sigurðardóttir 10, Guðrún Ósk Ámundardóttir 5, Gunnhildur Gunnarsdóttir 4, Auður Íris Ólafsdóttir 3.
KR: Erica Prosser 22/8 fráköst, Margrét Kara Sturludóttir 16/5 fráköst/3 varin, Hafrún Hálfdánardóttir 14/7 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 2, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 2/5 fráköst.

**Fjölnir-Njarðvík 87-76**
Fjölnir: Brittney Jones 28/5 fráköst/10 stoðsendingar, Katina Mandylaris 23/19 fráköst, Jessica Bradley 18/9 fráköst, Erla Sif Kristinsdóttir 9, Birna Eiríksdóttir 3, Margrét Loftsdóttir 2, Bergdís Ragnarsdóttir 2/7 fráköst, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 2/7 fráköst.
Njarðvík: Lele Hardy 24/20 fráköst/7 stoðsendingar, Petrúnella Skúladóttir 16/6 fráköst, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 10/5 fráköst, Salbjörg Sævarsdóttir 6/5 fráköst, Ína María Einarsdóttir 6, Sara Dögg Margeirsdóttir 6, Harpa Hallgrímsdóttir 2, Ólöf Helga Pálsdóttir 2, Eyrún Líf Sigurðardóttir 2, Erna Hákonardóttir 2.

**Valur-Hamar 95-67**
Valur: Kristrún Sigurjónsdóttir 24/5 fráköst, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 19/8 fráköst, Lacey Katrice Simpson 11/11 fráköst/8 stoðsendingar, Melissa Leichlitner 10/4 fráköst/5 stoðsendingar, María Ben Erlingsdóttir 9/4 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 8/4 fráköst, Signý Hermannsdóttir 6/9 fráköst//4 varin skot, María Björnsdóttir 6/5 fráköst, Berglind Karen Ingvarsdóttir 2.
Hamar: Samantha Murphy 24/6 fráköst/5 stoðsendingar, Fanney Lind Guðmundsdóttir 13, Katherine Virginia Graham 12, Marín Laufey Davíðsdóttir 7/5 fráköst, Íris Ásgeirsdóttir 6, Jenný Harðardóttir 3, Álfhildur Þorsteinsdóttir 2

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 27 | 20 | 7 | 2050-1880 | 40 |
| **Njarðvík** | **27** | **19** | **8** | **2237-2038** | **38** |
| Snæfell | 27 | 15 | 11 | 1967-1999 | 30 |
| **Haukar** | **27** | **14** | **13** | **1986-1919** | **28** |
| KR | 27 | 13 | 14 | 1960-1886 | 26 |
| **Valur** | **27** | **12** | **15** | **2003-1995** | **24** |
| Fjölnir | 27 | 9 | 18 | 1943-2201 | 18 |
| **Hamar** | **27** | **6** | **21** | **1874-2102** | **12** |

*Meistaradeild Evrópu:*

**Chelsea-Napoli**
Leikur í framlengingu er Fréttablaðið fór í prentun.

**Real Madrid-CSKA Moskva 4-1**
1-0 Gonzalo Higuain (26.), 2-0 Cristiano Ronaldo (55.), 3-0 Karim Benzema (69.), 3-1 Zoran Tosic (77.), 4-1 Cristiano Ronaldo (90.+4)
Real fór áfram, 5-2, samanlagt.

*Meistaradeildin í handb.:*

**Wisla Plock-Kiel 24-36**
Aron Pálmarsson skoraði þrjú mörk fyrir Kiel. Þetta var fyrri leikur liðanna í sextán liða úrslitum keppninnar.

*Danski handboltinn:*

**Nordjsælland-AG 23-24**
Snorri Steinn Guðjónsson tryggði AG sigur með marki 33 sekúndum fyrir leikslok.

# ÞETTA VAR ÓÞARFLEGA STÓRT TAP

**Laskað íslenskt landslið steinlá, 33-22, gegn Þjóðverjum í Mannheim í gær. Eftir ágætan fyrri hálfleik breyttu Þjóðverjar varnarleiknum sínum í þeim síðari og hreinlega keyrðu yfir íslenska liðið.**

**HANDBOLTI** Eftir að hafa aðeins verið þremur mörkum undir í hálfleik, 16-13, sáu íslensku strákarnir ekki til sólar í þeim síðari gegn Þjóðverjum sem unnu afar öruggan og sannfærandi ellefu marka sigur.

Íslenska liðinu gekk vel að leysa 6/0 vörn Þjóðverjanna í fyrri hálfleik en átti aftur á móti engin svör við 5/1 vörninni sem Þjóðverjar spiluðu í þeim síðari.

„Seinni hálfleikur var lélegur. Við höfðum í raun aðeins eina æfingu til þess að undirbúa okkur og þá bjuggum við okkur undir 6/0 vörn og sóknarleikurinn gekk vel gegn henni. Það var margt jákvætt við fyrri hálfleikinn en í þeim seinni vorum við ekki tilbúnir í slaginn. Þá fjaraði undan liðinu og menn gerðu sig seka um slæm mistök. Ég hefði verið tiltölulega sáttur við svona fimm marka tap en ellefu marka tap var óþarflega mikið,“ sagði landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson við Fréttablaðið eftir leikinn.

Hann var að tefla fram illa reyndu liði í leiknum enda vantaði flesta lykilmenn íslenska liðsins í þennan leik.

„Ég fékk fullt af svörum um hverjir koma til greina í þennan hóp og hverjir ekki. Hverjir eru að nálgast hann og hverjir eiga lengra í land. Þetta hjálpar mér fyrir að velja næsta hóp,“ sagði Guðmundur en hvernig voru menn að standa sig að hans mati?

„Þetta var mjög kaflaskipt. Óli Bjarki kom inn með fína hluti og Aron átti flotta innkomu í markið og varði meðal annars sjö skot fyrsta korterið. 13 boltar hjá honum var fínt en Björgvin átti erfitt uppdráttar þann tíma sem hann spilaði,“ sagði Guðmundur en Björgvin varði ekkert skot þær 15 mínútur sem hann stóð í markinu.

„Við fengum fín mörk frá Ólafi Gústafssyni en hann var ekki með fína skotnýtingu. Skaut þrettán sinnum að marki og skoraði fimm mörk. Stefán Rafn kom inn í síðari hálfleik og stóð sig vel. Ásgeir var góður í fyrri hálfleik og Sigurgeir Árni stóð sig vel í vörninni við hliðina á Vigni. Það var samt við ramman reip að draga í þessum leik. Það verður að viðurkennast og sóknarleikurinn ekki nægilega vel útfærður.“

Guðmundur hafði aðeins tvær æfingar til þess að undirbúa liðið og miðað við það var hann þokkalega sáttur við það sem hann sá í þessum leik.

Landsliðsþjálfarinn var í sérstakri stöðu í gær enda var hann að stýra landsliðinu í höllinni þar sem hann stýrir liði sínu, Rhein-Neckar Löwen, í hverri viku.

„Það var óneitanlega mjög sérstakt að vera í hlutverki andstæðingsins hérna. Það var samt mjög gaman og góð stemning hérna. Okkur Robba var sérstaklega vel fagnað og skemmtileg upplifun og sérstök tilfinning. Það var samt góður andi hérna og ég naut þessarar reynslu.“

henry@frettabladid.is



**FYRIRLIÐINN Á HEIMAVELLI** Róbert Gunnarsson bar fyrirliðabandið í fyrsta skipti fyrir Ísland í gær og það á vellinum þar sem hann spilar fyrir lið sitt, Rhein-Neckar Löwen. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Haukar tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni með sigri á KR í hreinum úrslitaleik um sæti í úrslitakeppninni:

# Haukastúlkur eru til alls vísar í framhaldinu

**KÖRFUBOLTI** Haukastúlkur unnu öruggan sigur á KR-ingum í hreinum úrslitaleik liðanna um sæti í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í Hafnarfirði. Eftir jafnan fyrri hálfleik keyrðu heimakonur yfir gestina í þeim síðari og aldrei spurning um hvort liðið væri sterkara.

„Það var markmið okkar fyrir tímabilið að komast í úrslitakeppnina og við náðum því,“ sagði Íris Sverrisdóttir brosandi út að eyrum. Hún hefur fulla trú á að liðið geti farið alla leið og Bjarni Magnússon, þjálfari Hauka, var sama sinnis.

„Engin spurning. Við höfum tekið stig af liðunum fyrir ofan okkur og þau af okkur. Þetta verður spennandi,“ sagði Bjarni en þetta er níunda árið í röð sem Haukar komast í úrslitakeppnina.

KR missti einn besta leikmann sinn á tímabilinu, Sigrúnu Sjöfn Ámundadóttur, meidda af velli í fyrri hálfleik. Ofan á önnur meiðslavandræði liðsins var það of mikil blóðtaka í baráttunni undir körfunni.

„Þetta er bara martröð,“ sagði Margrét Kara Sturludóttir um þá staðreynd að KR væri komið í sumarfrí. Besti leikmaður Íslandsmótsins í fyrra hefur spilað undir pari í vetur en hefur sjálf engar skýringar á því.

„Ég verð að taka mig saman í andlitinu og stíga upp. Þetta hefur ekki verið nógu gott,“ sagði Kara. Hún átti erfitt með að sætta sig við þá staðreynd að liðið væri komið í sumarfrí þótt einni umferð sé ólokið.

\- ktd



**BARÁTTA** Það var ekkert gefið eftir að Ásvöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Öryggishnappur sem bjargar
Hjúkrunarfræðingar alltaf á vakt

Með öryggishnappi Öryggismiðstöðvarinnar færðu þráðlausan reykskynjara beintengdan stjórnstöð. Meiri þjónusta sem eykur öryggi þitt og þinna nánustu.

Það er einfalt og kostar ekkert að skipta um þjónustuaðila.

ÖRYGGI VELFERÐ

Hringdu núna!
Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 120623





LEIÐIN Á LEIKANA
SAFFRAN hefur gert styrktarsamning við sex íslenska afreksmenn í íþróttum í þeim tilgangi að mæta kostnaði þeirra við vandaðan undirbúning fyrir Ólympíuleikana í London 2012.
Með stolti lýsir Saffran yfir stuðningi sínum við Rögnu Ingólfsdóttur badmintonkonu.
Skoðaðu leið Rögnu á leikana á leidin.saffran.is
SAFFRAN

> **Stöð 2 Sport kl. 17.50**
**Athletic Bilbao - Man. Utd.**

***Bein útsending frá leik Athletic Bilbao og Manchester United í Evrópudeildinni. Þetta er seinni viðureign liðanna í 16 liða úrslitum en Athletic sigraði óvænt, 3-2, í fyrri leiknum. Á sama tíma er leikur Udinese og AZ Alkmaar sýndur á Sport 3 en Jóhann Berg Guðmundsson leikur með AZ. Klukkan 19.55 er komið að leik Manchester City og Sporting Lisbon.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON HORFIR Á HOMELAND

# Af hverju er þér svona illt?

Nýverið hóf Stöð 2 sýningar á þjóðrembingslegu öryggisblætis-þáttunum Homeland, hugarfóstri tveggja höfunda sem skrifuðu áður 24-þáttaraðirnar. Þær fjölluðu um hinn morðóða Jack Bauer sem taldi sig alltaf „verða" að ganga frá hinum og þessum í þágu þjóðaröryggis. Alls drap Bauer 267 manns í alls átta seríum. Óvísindaleg netkönnun staðfesti að það geri hann að einum iðnasta fjöldamorðingja sjónvarpssögunnar. Homeland er með svipuðum vitfirringsundirtóni. Þættirnir fjalla um vænisjúka CIA-fulltrúann Carrie Mathison sem heldur að nýfrelsaður rauðhærður stríðsfangi sé í raun hryðjuverkamaður sem ætli að fremja voðaverk í landi hinna frjálsu. Á milli þess sem áhorfendur fá að sjá stríðsfangann aðlagast venjulegu heimilislífi og bjóða konu sinni upp á sérkennilegar kynlífsathafnir þá er athyglinni beint að Carrie og hennar samsæriskenningarlega sinnaða veruleika.



Það sem truflar Við tækið-skrifara þó mest er Claire Danes, sem leikur Carrie. Árið 1994 lék hún í unglingaþáttum sem hétu My So-Called Life og snerust um tilvistarkreppu 15 ára stúlku. Það eina sem ég man úr þáttunum var að Claire Danes var alltaf á svipinn eins og að henni væri illt. Nú, 18 árum síðar, virðist sársaukinn ekkert hafa minnkað.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Sólskinshestur **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperla: Sumarhús í Svínanesseli **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**12.00 Aukafréttir**
**12.15 Hlé**
**15.30 Meistaradeild í hestaíþr.** (e)
**15.50 Kiljan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.31 Sögustund með Mömmu Marsibil** (33:52)
**17.42 Fæturnir á Fanneyju** (33:39)
**17.54 Grettir** (6:54)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (28:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Góði kokkurinn** (1:6) (The Good Cook)
**20.40 Andraland** (2:7) Andri Freyr Viðarsson flandrar um Reykjavík.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (12:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (120:138) (Criminal Minds VI) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** (7:20) (Borgen) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Pink Panther II**
**10.00 Marley & Me**
**12.00 Ævintýri Desperaux**
**14.00 Pink Panther II**
**16.00 Marley & Me**
**18.00 Ævintýri Desperaux**
**20.00 Pledge This!**
**22.00 1408**
**00.00 Observe and Report**
**02.00 Notorious**
**04.05 1408**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (116:175)
**10.15 White Collar**
**11.00 Celebrity Apprentice** (7:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Chestnut: Hero of Central Park** Munaðarlausar systur finna yfirgefinn hvolp sama dag og þær eru ættleiddar, en engir hundar eru leyfðir á nýja heimilinu.
**14.25 E.R.** (22:22)
**15.10 Friends** (1:24)
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (16:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (20:22)
**19.45 Perfect Couples** (7:13)
**20.10 The Amazing Race** (4:12) Fimmtánda þáttaröðin af einum vinsælasta raunveruleikaþætti síðari ára. Í þessari þáttaröð koma heimsækja keppendur meðal annars Japan, Kambódíu, Holland, Svíþjóð og Eistland.
**20.55 Alcatraz** (6:13) Glæný spennuþáttaröð um lögreglukonu í San Francisco sem aðstoðar alríkislögregluna við að handsama hættulegustu glæpamenn Bandaríkjanna. Þeir hurfu sporlaust úr Alcatraz fyrir 50 árum.
**21.45 NCIS: Los Angeles** (13:24)
**22.30 Rescue Me** (5:22)
**23.15 Spaugstofan**
**23.45 The Mentalist** (12:24)
**00.30 Homeland** (2:13)
**01.20 Boardwalk Empire** (5:12)
**02.10 Terra Nova**
**02.55 Chestnut: Hero of Central Park**
**04.20 Alcatraz** (6:13)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**15.10 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin**
**16.55 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**17.20 FA Cup - Preview Show**
**17.50 Athletic - Man. Utd.** BEINT frá seinni viðureign liðanna í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**19.55 Man. City - Sporting** BEINT frá seinni viðureign liðanna í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**22.00 Udinese - AZ**
**23.45 Athletic - Man. Utd.** Útsending frá 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**01.30 Ástralía - Æfing 1** BEINT frá fyrstu æfingu ökumanna í Formúlu 1.
**05.30 Ástralía - Æfing 2**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Norwich - Wigan**
**18.10 Chelsea - Stoke**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12**
**21.25 Football League Show**
**21.55 Swansea - Man. City**
**23.45 Arsenal - Newcastle**

## 2 EXTRA

**19.50 The Doctors** (70:175)
**20.30 In Treatment** (44:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 New Girl** (5:24)
**22.15 Reykjavík Fashion Festival**
**22.55 Mildred Pierce** (2:5)
**00.00 Gossip Girl** (7:24)
**00.45 Pushing Daisies** (6:13)
**01.30 Malcolm In The Middle** (20:22)
**01.55 Perfect Couples** (7:13)
**02.15 In Treatment** (44:78)
**02.40 The Doctors** (70:175)
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Innlit/útlit** (5:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Innlit/útlit** (5:8) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.55 Minute To Win It** (e)
**15.40 Eureka** (10:20) (e)
**16.30 Dynasty** (9:22) Ein þekktasta sjónvarpsþáttaröð veraldar. Þættirnir fjalla um olíubaróninn Blake Carrington, konurnar í lífi hans, fjölskylduna og fyrirtækið.
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 The Firm** (3:22) (e)
**18.50 Game Tíví** (8:12)
**19.20 Everybody Loves Raymond**
**19.45 Will & Grace** (24:27) (e)
**20.10 The Office** (22:27)
**20.35 Solsidan** (6:10) Alex hefur áhyggjur af aldrinum en Fredde reynir að stappa í hann stálinu með kenningu sinni um allir verði jafn aðlaðandi með tímanum.
**21.00 Blue Bloods** (5:22) Jamie fer huldu höfði í rannsókn sinni á mafíufjölskyldu á meðan Danny reynir að bæta samband sitt við Lindu.
**21.50 Flashpoint** (11:13)
**23.25 Law & Order UK** (2:13) (e)
**00.10 Jonathan Ross** (16:19) (e)
**01.00 Hawaii Five-0** (6:22) (e)
**01.50 Blue Bloods** (5:22) (e)
**02.40 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** World Golf Championship 2012 (4:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** World Golf Championship 2012 (4:4) **17.40** PGA Tour - Highlights (10:45) **18.35** Inside the PGA Tour (11:45) **19.00** Transitions Championship 2012 (1:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2009 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Í ljósi nýsköpunar

## BBC entertainment

**06.20** ,Allo ,Allo! **07.30** ,Allo ,Allo! **08.35** New Tricks **10.15** Come Dine With Me **11.05** EastEnders **11.35** Come Dine With Me **12.25** My Family **13.25** ,Allo ,Allo! **14.30** ,Allo ,Allo! **15.35** QI **16.35** The Best of Top Gear **17.25** Top Gear **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.10** Top Gear **21.00** Lee Evans Big Tour **21.50** Derren Brown: How To Beat a Casino **22.40** ,Allo ,Allo! **23.45** ,Allo ,Allo! **00.50** New Tricks **02.35** Lee Evans Big Tour **03.25** Top Gear **04.20** Live at the Apollo **05.05** The Weakest Link

## DR 1

**12.35** Aftenshowet **13.30** Spise med Price **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Lægerne **15.00** Dyk Olli dyk **15.15** Timmy-tid **15.25** Min farfars rekordbog **16.00** Pacific Paradise Police **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamies mad på 30 minutter **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Sporløs **19.30** Nye hvide verden **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Mord i familien **21.45** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **22.15** Lykke **23.15** Restaurant bag tremmer

## NRK 1

**13.05** Forbrukerinspektørene **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Naturens undere **16.00** NRK nyheter **16.10** Dyreklinikken **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Team Bachstad **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Finnmarksløpet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Fremmed i Norge **22.40** Lydverket **23.10** Lilyhammer

## svt1

**11.25** Uppdrag Granskning **12.25** Svenska dialektmysterier **12.55** Kobra **13.25** Minnenas television **14.20** Strömsö **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Via Sverige **15.45** Det ljuva livet i Alaska **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** Bästa frisören **22.35** Rapport **22.40** Kulturnyheterna **22.45** Det ljuva livet i Alaska

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Youtube spjallið

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# Sony Center

www.sonycenter.is

# FINAL CALL

## Frábær tilboð í takmarkaðan tíma

FINAL CALL
**249.990,-**
Sparaðu 100.000.-




### 40" LED 3D HÁGÆÐA SJÓNVARP
ÁLSTANDUR MEÐ INNBYGGÐU HLJÓÐKERFI FYLGIR
KDL-40NX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality Motionflow 200 Hz myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp

Tilboð 249.990.- Verð áður 349.990.-

### 46" LED 3D HÁGÆÐA SJÓNVARP
ÁLSTANDUR MEÐ INNBYGGÐU HLJÓÐKERFI FYLGIR
KDL-46NX723

Tilboð 319.990.- Verð áður 419.990.-

### 55" LED 3D HÁGÆÐA SJÓNVARP
ÁLSTANDUR MEÐ INNBYGGÐU HLJÓÐKERFI FYLGIR
KDL-55NX723

Tilboð 439.990.- Verð áður 549.990.-

FINAL CALL
89.990,-
Sparaðu 20.000.-



### SONY SPJALDTÖLVA WI-FI 3G
S1 SGPT111SE

- TrueBlack 9,4" skjár með baklýsingu
- 1GB innra minni, 16GB diskur
- Android 3.2 Honeycomb stýrikerfi
- Playstation 3 samhæfing

Tilboð 89.990.- Verð áður 109.990.-

FINAL CALL
79.990,-
Sparaðu 20.000.-



### HÁKLASSA HEIMABÍÓ BLU-RAY
BDV-EF200

- 3D afspilun
- Bravia internet video
- Innbyggt útvarp og netvafri
- Styður Dolby TrueHD, Dolby Digital Plus

Tilboð 79.990.- Verð áður 99.990.-

FINAL CALL
44.990,-
Sparaðu 10.000.-




### HÁGÆÐA MYNDAVÉL
DSC-WX7B

- 16,2 megapixla Exmor myndflaga
- 2,8" Clear Photo skjár
- 5 x Optical Zoom
- Sweep Panorama

Tilboð 44.990.- Verð áður 54.990.-

FINAL CALL
19.990,-
Sparaðu 10.000.-




### FRÁBÆR FERMINGARGJÖF!
DSC-W510B

- 12.1 megapixla Super HAD myndflaga
- 2,7" Clear Photo skjár
- 4 x Optical Zoom
- Sweep Panorama

Tilboð 19.990.- Verð áður 24.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

VISA 6 MÁNAÐA VISA VAXTALAUS LÁN Í SONY CENTER

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Þessa dagana er nýi staðurinn Snaps í uppáhaldi og ég mæli hiklaust með öndinni.“*

Ellen Loftsdóttir, stílisti og listrænn stjórnandi Reykjavík Fashion Festival.

# Gera heimildarmynd um Örlyg Sturluson

„Við erum rétt byrjaðir í framleiðsluferlinu,“ segir framleiðandinn Erlingur Jack Guðmundsson hjá Ogfilms um væntanlega heimildarmynd um körfuboltakappann Örlyg Aron Sturluson. Stöð 2 hefur þegar tryggt sér sýningarréttinn á myndinni.

Örlygur þótti mjög efnilegur körfuboltakappi en hann lést af slysförum fyrir 12 árum, þá 18 ára gamall. Örlygur spilaði með körfuboltaliði Njarðvíkur þar sem hann þótti í sérflokki sem leikstjórnandi. Samstarfsfélagi Erlings hjá Ogfilms, Garðar Örn Arnarsson, leikstýrir myndinni. „Garðar er frá Reykjanesbæ og langaði einfaldlega að gera mynd til að heiðra minningu Örlygs, en hann var einn af bestu körfuboltamönnum á Íslandi þegar hann lést,“ segir Erlingur en áætlað er að myndin verði sýnd fyrir lok þessa árs.

Framleiðslufyrirtækið Ogfilms er nýtt fyrirtæki stofnað af þeim Erlingi og Garðari ásamt Antoni Sigurðssyni og Guðjóni Hrafni Guðmundssyni en þeir voru skólafélagar í Kvikmyndaskóla Íslands. Þessa dagana eru þeir að leggja lokahönd á stuttmyndina Grafir og bein sem skartar leikurunum Hilmi Snæ Guðnasyni og Margréti Vilhjálmsdóttur í aðalhlutverkum. Einnig eru þeir bæði með sjónvarpsþætti, kvikmyndir og auglýsingar á teikniborðinu. „Auðvitað er þetta mikil bjartsýni en það þýðir ekkert annað en að kýla á þetta. Þetta er erfiður markaður og þétt setið um öll verkefni en það þýðir ekkert að láta það stoppa sig heldur bara ryðjast áfram,“ segir Erlingur en næsta skref fyrirtækisins er að koma stuttmyndinni á hinar ýmsu hátíðir út í heimi.“ **- áp**



**BJARTSÝNIR** Þeir Erlingur Jack Guðmundsson, Anton Sigurðsson, Guðjón Hrafn Guðmundsson og Garðar Örn Arnarsson ætla sér stóra hluti með framleiðslufyrirtækið Ogfilms. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söfnun Baldurs Ragnarssonar, gítarleikara Skálmaldar, í Mottumars hefur gengið vonum framar. Fréttablaðið greindi frá því á mánudag að hann væri kominn í 60 þúsund krónur en sú upphæð er núna komin í 118 þúsund. Þar hjálpaði til 20 þúsund króna framlag félaga hans í Skálmöld. Baldur hefur birt „mannlegar erótískar“ myndir af sér á tíu þúsund króna fresti og hefur hann því haft í nógu að snúast í fyrirsætustörfum að undanförnu. **- fb**


GÖNGUGREINING
Sjúkraþjálfari framkvæmir göngugreiningu hjá Heilsulandi

HEILSULAND
Grensásvegur 11 | 108 Reykjavík
Sími: 571-1000 | www.sportland.is
Sérfræðingar Heilsulands eru Ásmundur Arnarsson og Jónas Grani Garðarsson sjúkraþjálfarar



Okkar hlutverk er að dreifa
fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

Heyrðu í okkur næst þegar þú þarft á öruggri og hagstæðri dreifingarþjónustu að halda.
Póstdreifing - Suðurhraun 1
210 Garðabær - Sími 585 8300
www.postdreifing.is
Póst dreifing





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS




**Á TÖKUSTAÐ HJÁ BSÍ** Falskur fugl er fyrsta kvikmynd Þórs Ómars Jónssonar. Hún er byggð á bók Mikaels Torfasonar. Handritið skrifaði Jón Atli Jónasson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ÞÓR ÓMAR JÓNSSON: FJALLAR UM ÞAÐ SEM SKIPTIR MÁLI

# TÖKUR Á KVIKMYNDINNI FALSKUR FUGL ERU HAFNAR

„Þessi mynd fjallar um það sem skiptir máli í dag. Gildi okkar og samskipti fullorðinna og barna,“ segir Þór Ómar Jónsson.

Tökur á kvikmyndinni Falskur fugl í leikstjórn Þórs Ómars eru nýhafnar í Reykjavík. Hún er byggð á samnefndri bók Mikaels Torfasonar sem kom út árið 1997 við góðar undirtektir. Bókin fjallar um Arnald Gunnlaugsson, 16 ára ólíkindatól, sem býr hjá vel stæðum foreldrum sínum. Hann er bæði myndarlegur og gáfaður en leiðist inn á rangar brautir í lífinu.

Hinn nítján ára Styr Júlíusson fer með aðalhlutverkið sem vandræðagemlingurinn Arnaldur. Davíð Guðbrandsson og Alexía Björg Jóhannesdóttir leika foreldra hans. Meðal annarra leikara eru Rakel Björk Björnsdóttir, Aron Brink, Ísak Hinriksson og Krissi Haff.

Kvikmyndatökumaður er Christoph Nicolaisen sem tók upp stuttmyndina Toyland sem vann Óskarsverðlaunin 2009. Þór Ómar kynntist honum þegar þeir störfuðu saman við gerð lottóauglýsingar í Þýskalandi.

Gerð myndarinnar Falskur fugl hefur verið í bígerð í tólf ár og núna er hún loksins orðin að veruleika. Jón Atli Jónasson skrifar handritið en hann skrifaði einmitt fyrsta kvikmyndahandritið upp úr bókinni skömmu eftir útgáfu hennar. Þá vildi Kvikmyndasjóður Íslands ekki veita myndinni styrk. „Þá þótti þetta ekki sýningarhæft með einu eða neinu móti því þetta þótti alltof mikið ofbeldi,“ segir Þór Ómar. Frá því að Jón Atli skrifaði fyrsta handritið fylgdu fleiri útgáfur af því á næstu árum, sumar í samstarfi við Mikael Torfason, sem aldrei voru notaðar fyrr en nú.

Fyrir þremur og hálfu ári fékk myndin loksins vilyrði um styrk frá Kvikmyndasjóði en þá breyttust aðstæður hjá aðstandendunum og hún dagaði uppi. „Upp úr áramótum ákvað ég að hjóla af stað aftur,“ segir Þór Ómar. „Við ætlum að kanna hver okkar staða verður þegar við verðum búin að taka upp og ætlum að athuga hvort sjóðurinn veiti eftirvinnslustyrk til að klára myndina.“ Hann segir að myndin verði fram að því fjármögnuð af „velviljuðum vinum og vandamönnum“.

Falskur fugl er fyrsta kvikmyndin sem Þór Ómar leikstýrir upp á eigin spýtur. Hann var áður aðstoðarleikstjóri 101 Reykjavík og hefur leikstýrt auglýsingum á meginlandi Evrópu. **freyr@frettabladid.is**

# Metnaðarfullt myndband

„Tökum lauk á mánudaginn og ég er rosalega spennt að sjá afraksturinn,“ segir söngkonan Greta Salóme Stefánsdóttir um myndbandið við lagið Mundu eftir mér sem keppir fyrir Íslands hönd í Eurovision-söngvakeppninni í lok maí.

Myndbandið var meðal annars tekið upp á Reykjanesinu, hjá Krísuvík og við Kleifarvatn og segir Greta það vera mjög metnaðarfullt, íslenskt og sterkt. „Ég er búin að fá að sjá smá brot úr því og það lítur út fyrir að verða alveg jafn geggjað og ég hafði vonast eftir, og það á örugglega eftir að vekja mikla athygli,“ segir Greta, en lokaútgáfa myndbandsins verður tilbúin um helgina.

Hannes Þór Halldórsson leikstýrði myndbandinu sem var framleitt af Saga Film. „Þeir eru búnir að leggja allt sitt í þetta og ég er rosalega ánægð með samstarfið. Ég hefði ekki getað hugsað mér betri aðila í verkið,“ segir Greta.

En er þá von á pásu hjá Gretu núna þegar myndbandið er frá? „Nei, ekki alveg,“ segir hún og hlær, en hún byrjar á fullu að spila aftur með Sinfóníuhljómsveit Íslands eftir helgi, auk þess sem henni gefst nú loks svigrúm til að fara að undirbúa atriðið sjálft.



**ÍSLENSKT OG STERKT** Greta segir myndbandið við lagið Mundu eftir mér koma til með að verða flottara en hún þorði að vona.

Þátttakendur keppninnar frá öðrum löndum hafa sumir verið að ferðast á milli landa að undanförnu til að kynna sig og lagið sitt, en Greta segir ekki víst hvort íslenski hópurinn komi til með að gera slíkt hið sama. „Við stefnum á að fara í eina ferð, en það fer allt eftir prógramminu hjá okkur og fjárhagnum.“ **- trs**

VOR/SUMAR 2012

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!

# ÚTIVISTAR „MARKAÐUR“

Ath! Þessi verð eru í boði í takmarkaðan tíma!

**Hjá okkur má skila og skipta**

Regatta GREAT OUTDOORS®

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

## Börn

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.490,- |
| Flís peysur | 1.990,- |
| Softshell peysur | 3.990,- |
| Regnbuxur | 1.490,- |
| Regnjakkar | 4.490,- |
| Zip/off buxur | 3.990,- |
| Softshell buxur | 4.490,- |
| Undirfatasett | 3.990,- |
| Skór | 4.990,- |

## Dömur & herrar

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolir | 1.990,- | Softshell peysur | 4.990,- |
| Skyrtur | 2.990,- | Isotex jakkar | 7.490,- |
| Buxur | 4.990,- | Isotex kápur | 7.490,- |
| Kvart buxur | 4.990,- | Undirföt buxur | 2.990,- |
| Zip/off buxur | 7.990,- | Undirföt bolur | 2.990,- |
| Softshell buxur | 7.990,- | Isotex 20000 stretch jakkar | 16.990,- |
| Stretch buxur | 7.990,- | Bakpokar, skór ofl. | |
| Flís peysur | 3.990,- | | |

NÝTT KORTATÍMABIL



## Vetur 11/12 - verðhrun

| | | | |
|---|---|---|---|
| Barna flís peysur | 1.490,- | Dömu softsh peysur | 1.990,- |
| Barna softsh. peysur | 1.990,- | Úlpur | 3.990,- |
| Barna úlpur | 1.990,- | Snjóbuxur | 5.990,- |
| Dömu flís peysur | 1.990,- | Skór | 3.990,- |

OPIÐ
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550
www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



NOVA

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á framabraut

Hljómsveitin Of Monsters and Men hélt í gær í mikið ferðalag sem verður vonandi til frægðar og frama. Sveitin, sem hefur gert allt vitlaust hér á landi með lögum eins og Little Talks, byrjar mánaðarlanga tónleikaferð um Bandaríkin og Kanada með tónleikum á SXSW-hátíðinni í Texas, sem er ein sú stærsta sinnar tegundar í heiminum, og hittir þar meðal annars samlanda sína í Retro Stefson. Á vef Of Monsters and Men sést að mikil stemmning er fyrir sveitinni í Ameríku þar sem uppselt er á alla tónleikana nema eina og á Facebook-vegg krakkanna er að sjá skilaboð frá fjölmörgum aðdáendum þar sem þau eru hvött til að spila víðar, meðal annars í Dúbaí.



### Komin í úrslit

Kolfinna Kristófersdóttir keppir nú til sigurs í „Walk off“ keppninni á vegum Style.com. Lesendur síðunnar hafa valið best klæddu fyrirsætu hverrar tískuviku fyrir sig og nú keppa sigurvegararnir um úrslitasætið. Kolfinna þótti best klædda fyrirsætan á tískuvikunni í London og hlaut alls 42 prósent atkvæða. Nú stendur valið meðal annars milli Kolfinnu og fyrirsæta á borð við Karlie Kloss, Joan Smalls, Cöra Delevingne og Candice Swanepoel. Úrslitin verða þó ekki gerð kunn fyrr en í lok mars í prentuðu hefti Style.com.

-pj, sm



## Mest lesið VÍSIR

1. 800 bar brunninn til kaldra kola
2. Eldurinn breiðist út - 800 bar logar líka
3. Náðu mynd af pari í innbroti
4. Röraverksmiðja á Selfossi alelda
5. Rektor á Hólum um líkamsárás: Okkur er rosalega brugðið




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

